

**CIHM  
Microfiche  
Series  
(Monographs)**

**ICMH  
Collection de  
microfiches  
(monographies)**



**Canadian Institute for Historical Microreproductions / Institut canadien de microreproductions historiques**

**© 1997**

## Technical and Bibliographic Notes / Notes techniques et bibliographiques

The Institute has attempted to obtain the best original copy available for filming. Features of this copy which may be bibliographically unique, which may alter any of the images in the reproduction, or which may significantly change the usual method of filming are checked below.

- Coloured covers / Couverture de couleur
- Covers damaged / Couverture endommagée
- Covers restored and/or laminated / Couverture restaurée et/ou pelliculée
- Cover title missing / Le titre de couverture manque
- Coloured maps / Cartes géographiques en couleur
- Coloured ink (i.e. other than blue or black) / Encre de couleur (i.e. autre que bleue ou noire)
- Coloured plates and/or illustrations / Planches et/ou illustrations en couleur
- Bound with other material / Relié avec d'autres documents
- Only edition available / Seule édition disponible
- Tight binding may cause shadows or distortion along interior margin / La reliure serrée peut causer de l'ombre ou de la distorsion le long de la marge intérieure.
- Blank leaves added during restorations may appear within the text. Whenever possible, these have been omitted from filming / Il se peut que certaines pages blanches ajoutées lors d'une restauration apparaissent dans le texte, mais, lorsque cela était possible, ces pages n'ont pas été filmées.
- Additional comments / Commentaires supplémentaires: Text in Icelandic.

L'Institut a microfilmé le meilleur exemplaire qu'il lui a été possible de se procurer. Les détails de cet exemplaire qui sont peut-être uniques du point de vue bibliographique, qui peuvent modifier une image reproduite, ou qui peuvent exiger une modification dans la méthode normale de filmage sont indiqués ci-dessous.

- Coloured pages / Pages de couleur
- Pages damaged / Pages endommagées
- Pages restored and/or laminated / Pages restaurées et/ou pelliculées
- Pages discoloured, stained or foxed / Pages décolorées, tachetées ou piquées
- Pages detached / Pages détachées
- Showthrough / Transparence
- Quality of print varies / Qualité inégale de l'impression
- Includes supplementary material / Comprend du matériel supplémentaire
- Pages wholly or partially obscured by errata slips, tissues, etc., have been refilmed to ensure the best possible image / Les pages totalement ou partiellement obscurcies par un feuillet d'errata, une pelure, etc., ont été filmées à nouveau de façon à obtenir la meilleure image possible.
- Opposing pages with varying colouration or discolourations are filmed twice to ensure the best possible image / Les pages s'opposant ayant des colorations variables ou des décolorations sont filmées deux fois afin d'obtenir la meilleure image possible.

This item is filmed at the reduction ratio checked below / Ce document est filmé au taux de réduction indiqué ci-dessous.

10x		14x		18x		22x		26x		30x	
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input checked="" type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
	12x		16x		20x		24x		28x		32x

The copy filmed here has been reproduced thanks to the generosity of:




University of Manitoba  
Winnipeg

The images appearing here are the best quality possible considering the condition and legibility of the original copy and in keeping with the filming contract specifications.

Original copies in printed paper covers are filmed beginning with the front cover and ending on the last page with a printed or illustrated impression, or the back cover when appropriate. All other original copies are filmed beginning on the first page with a printed or illustrated impression, and ending on the last page with a printed or illustrated impression.

The last recorded frame on each microfiche shall contain the symbol  $\rightarrow$  (meaning "CONTINUED"), or the symbol  $\nabla$  (meaning "END"), whichever applies.

Maps, plates, charts, etc., may be filmed at different reduction ratios. Those too large to be entirely included in one exposure are filmed beginning in the upper left hand corner, left to right and top to bottom, as many frames as required. The following diagrams illustrate the method:



L'exemplaire filmé fut reproduit grâce à la générosité de:

University of Manitoba  
Winnipeg

Les images suivantes ont été reproduites avec le plus grand soin, compte tenu de la condition et de la netteté de l'exemplaire filmé, et en conformité avec les conditions du contrat de filmage.



Les exemplaires originaux dont la couverture en papier est imprimée sont filmés en commençant par le premier plat et en terminant soit par la dernière page qui comporte une empreinte d'impression ou d'illustration, soit par le second plat, selon le cas. Tous les autres exemplaires originaux sont filmés en commençant par la première page qui comporte une empreinte d'impression ou d'illustration et en terminant par la dernière page qui comporte une telle empreinte.

Un des symboles suivants apparaîtra sur la dernière image de chaque microfiche, selon le cas: le symbole  $\rightarrow$  signifie "A SUIVRE", le symbole  $\nabla$  signifie "FIN".

Les cartes, planches, tableaux, etc., peuvent être filmés à des taux de réduction différents. Lorsque le document est trop grand pour être reproduit en un seul cliché, il est filmé à partir de l'angle supérieur gauche, de gauche à droite, et de haut en bas, en prenant le nombre d'images nécessaire. Les diagrammes suivants illustrent la méthode.

# MICROCOPY RESOLUTION TEST CHART

(ANSI and ISO TEST CHART No. 2)



**APPLIED IMAGE Inc**

1653 East Main Street  
Rochester, New York 14609 USA  
(716) 482 - 0300 - Phone  
(716) 288 - 5989 - Fax



# BRAZILÍU'FARARNIR


SKÁLDSAGA

EFTIR

J. MAGNÚS BJARNASON.

---

WINNIPEG  
PRENTSMÍÐJA LÖGBERGS  
1905.




FYRSTI ÞÁTTUR.

—

HARALDUR.

—





ÆSKUVIN M.NOM OG VELGJÖRDAMANNI,  
*MAGNÚSI lögfræðing BRYNJÓLFSSYNI,*

TILEINKA ÉG ÞENNA ÞÁTT

MEÐ INNILEGU ÞAKKLÆTI

OG VIRÐINGU.

*Höf.*



## INNGANGS-ORÐ.

---

Ég heiti Haraldur Skaptason. Ég er fæddur norður á Íslandi; og í dag (2. Jan. 1897) er ég rétt sextíu ára gamall. Það eru nú rúm fjörutíu og tvö ár síðan ég flutti af Íslandi hingað til Brazíliu; og margt og misjafnt hefir á daga mína drifið á þessum fjörutíu og tveim árum. Ég hefi um all-langan tíma verið að hugsa um, að rita dálítið ágríp af ævisögu minni og þeirra þriggja landa minna, sem með mér fóru af Íslandi sumarið 1855—það er að segja: ævisögu mína og þeirra *eftir* að við skildum við Ísland—því eg þykist vita, að mörgum Íslending, bæði á Íslandi og í norður-Ameríku, mundi þykja skemtilegt — og ef til vill fróðlegt líka — að heyra um ýmislegt af því sem fyrir okkur kom, bæði á leiðinni til Rió de Janeiro, og eins fyrstu árin, sem við vorum þar. Ég er að enginn hefir enn þá ritað um þetta efni; og eg veit líka, að enginn mun rita neitt um það, ef ég geri það ekki, því ég er nú eini maðurinn á lífi, af þeim fjórum Íslendingum, sem fyrstir urðu til þess, að fara til Brazíliu. Ég ræðst því í það, að rita þetta sögu-ágríp, þó ég sé maður ekki vel pennafær. — Ég hafði í fyrstu hugsað mér að rita söguna á portúgölsku, sem er mál hinna hvítu manna í þessu landi, en af mörgum ónefndum og gildum ástæðum lætti ég við það áform, en ásetti mér að rita hana heldur á íslenzku, jafnvel þó ég búist varla við, að hún komi nokk-

urntíma fyrir sjónir Íslendinga þeirra, sem íslenska tungu mæla. En þó má vel vera, að einhver Íslendingur verði hér einhverntíma á ferð, og af tilviljun finni handrit þetta og lesi það — og komi því á prent á Íslandi. Er þá fyrirhöfn mín launuð og tilgangi mínum náð.

En lesarann (ef hann annars verður nokkur) vil ég biðja að taka ekki til þess, þó málið á þessu fyrsta (og að líkindum síðasta) ritverki mínu, verði ekki hið fullkomnasta, því fyrst og fremst var mér aldrei kennt að rita móðurmál mitt málfræðislega, enda æfðist ég lítt við að rita það, meðan ég var á Íslandi, og svo hefi ég lítinn kost átt á að iðka þá grein, síðan að ég kom til þessa lands.

Og eitt vil ég biðja lesarann að hafa hugfast, og það er það: að við (fjórir landar), sem fórum af Íslandi sumarið 1855, eigum ekkert skylt við þá fjóra eða fimm Íslendinga, er fluttu af Norðurlandi (á Íslandi) til Brazílu fáum árum síðar; enda verður þeirra hvergi getið í eftirfylgjandi sögu-ágrípi. En það hygg ég að megi fullyrða, að margt af því mótdræga, sem fyrir okkur kom, sé að ýmsu leyti svipað því, sem þeir urðu að þola hér í landi fyrstu árin. —



## I.

Það var hinn 5. Júlí, árið 1855, að ég lagði á stað alfarinn frá Íslandi áleiðis til Brazíliu. Ég steig á skipsfjöl á Akureyri. Skipið hét „Lars“, ef ég man rétt. Það var gamalt og lítið kaupfar, sem ætlaði beint til Kaupmannahafnar. Við vorum fjórir farþegjarnir, allir íslenzkir, allir einhleypir, ungir og heilsugóðir. Og allir ætluðum við til Brazíliu, undra-landsins mikla í Suður-Ameríku, þar sem alt af er sól og sumar;— allsnægtalandsins, sem framleiðir gull og gimsteina, og allskonar aldini og kaffið góða; — landsins, þar sem ungir og hraustir menn frá Norðurlöndum geta á fáum árum orðið stór-audugir og komist til metorða og valda, og gátu jafnvel á stuttum tíma (á þeim árum) rutt sér braut inn að sjálfu háseti keisarans Dom Pedrós, — því Brazílía var keisaradæmi um þær mundir.

Ég veit, að lesarinn hefir gaman af að vita, hvernig þessir fyrstu íslenzku Brazíliu-farar voru útlits, hvað þeir hétu, og hvaðan af Íslandi þeir voru. Ég vil því lýsa þeim lítilla nú þegar — lýsa þeim eins og þeir voru, þegar þeir yfirgáfu ættland sitt.

Sá, sem var fyrirliðinn og forkólfur fararinnar, hét Snorri Kolbeinsson, ættaður úr Eyjafirði. Hann var tuttugu og átta ára gamall, þegar hann fór af Íslandi. Hann var vel meðalmaður á hæð, síval-vaxinn og svaraði sér vel að gildleika. Hár hans var jarpt á lit, og augun dökk og skær og fjörleg. Ennið var all-mikið, nefið beint og munnurinn fremur fríður. Hann bar sig sérlega vel og var hinn þrúðmannlegasti í framgöngu. Fjörmaður var hann mikill, allra manna glímnastur og stökk manna lengst. Snarræðið var mikið, og áræðið og kjarkurinn óbilandi. Hann var söngmaður góður — gat altaf verið að syngja. „Ég syng eftir nótum,“ sagði Snorri, og hann ræskti sig lengi og fyrirmannlega áður en hann byrjaði lagið. Altaf var hann á iði— altaf iðandi af kæti — kitlaði stúlkurnar undir hökunni og tuskadist við piltana. Honum hafði verið kennt undir lærðanskóla og kunnir hann dönsku mæta vel og skildi nokkuð í þýzku. Kunnátta hans í þeim málum kom okkur oft að góðu liði, einkum á leiðinni til Brazliu. Það gjörði manni gott, að kynnast Snorra; það frískaði mann upp, að sjá tilburði hans og heyra hann ræskja sig. Og þegar hann söng sitt dillandi, lífgandi „Tra—la—la—la“, þá var eins og nýr lífskraftur liði um mann allan, svo hjartað manns hoppaði af kæti. „Tra—la—la—la!“ söng hann og bar sig þá til eins og hann væri að spila fjörugt dans-lag á fiðlu. „Ég syng eftir nótum!“ sagði Snorri.

Annar hét Ólafur Konráðsson, prestsson úr Eyjafirði, tuttugu og fimm ára gamall. Hann var lágur maður vexti, háls-stuttur og samanrekinn um herðarnar. Höfuðið var stórt og andlitið langt, og það var eins og hakan hvíldi altaf á bringunni. Ennið var kúft og mikið, nefið stórt en vel lagað og kinnbeinin há, en augun voru skýr og falleg og stillileg. En það, sem mest einkendi hann

var afar-stór varta, sem óx utan á há-kinnbeininu hægra megin. Mikla raun hafði Ólafur af þeirri óhræsis vörtu, og mikið reyndi hann til að koma henni fyrir bord: hann bar á hana allar mögulegar eitur-sýrur, hann brendi hana með glóandi járn, og hann reyrdi hana af aftur og aftur, en það var alt árangurslaust; vartan spratt upp aftur jafnharðan og óx og dafnaði því meir sem meir var reynt til að eyða henni. Og Ólafur sá að lokum, að bezt var að láta hana eiga sig. Og vartan sat alltaf á há-kinnbeininu á honum, eins og flagi á seyðhjalli. — Ólafur var framútskarandi hægur og gætinn og orðvar; hann talaði fátt og hugsaði sig lengi um, áður en hann talaði. Sjaldan staðhæfði hann neitt. „Það mun eiga að vera þannig,“ sagði Ólafur, eða „ég hygg það sé þannig.“—En þá mátti maður líka vera viss um, að það var rétt, sem hann fór með. Svo glögt auga hafði hann, að hann þekkti, svo að segja, hvern mann aftur, sem hann hafði einusinni séð; og hann gleymdi því trauðlega, sem hann einusinni lærði á annað bord. Enginn fjörmaður var hann, og seinn var hann í öllum snúningum og leit sjaldan til hliðar, en virtist þó verða var við alt, sem fram fór í kringum hann. Aldrei varð ég þess var, að hann yrði hræddur, eða bilt við neitt; og ég er nærri viss um, að hann hefði ekki hrokkið við, þó að sprengikúla hefði komið niður skamt frá honum; hann hefði að sönnu forðað sér frá, en hann hefði ekki farið sér neitt óslega að því. — Það þurfti engan mannþekkjara til að sjá það, að Ólafur hafði heilbrigða sál í heilbrigðum líkama, að hann var stöðugur í áformi sínu, og maður, sem óhætt var að treysta og gott var að eiga fyrir vin. Það gjörði mann hugrakkan og þolgóðan að kynnast honum. „Það mun eiga svo að vera,“ sagði Ólafur.

Hinn þriðji hét Skúli Eyjólfsson, bóndason frá



Reykjadal, og frændi Ólafs. Hann var tuttugu og tveggja ára gamall, rúmar þrjár álnir á hæð og að sama skapi þrekinn og vel limaður; — aðrar eins herðar hefi ég sjaldan séð, og aðra eins kálfa aldrei. Bjartur var hann á brún og brá; hárið var glóbjart og hrokkið, andlitid fallett og karlmannlegt, augun himinblá og meinleysisleg, nefið hátt og beint, munnurinn friður, kinnarnar rjóðar, eins og á ungri íslenzkri sveita-stúlku, sem er heilsugóð, og það voru spékoppar í kinnunum á honum. Léttur var hann í lund og sí-gladur og brosandi; honum þótti lífið vera skemtilegt, heimurinn bjartur og mennirnir góðir. „Nú gengur það glatt!“ sagði Skúli; það var máltak hans, einkum þegar verst gekk. Ekki var hann mikið gefinn fyrir bækur, en hann vildi vita um alla skapaða hluti, og spurði því óafslátanlega, og mundi það vel, sem hann heyrði. Hann bar höfuðið hátt, eins og hann væri að reyna til að sjá allan heiminn í einu; og hann horfði jafnan beint í augu þess, sem talaði við hann — horfði beint í augu þess manns og brosti. Það gjörði manni gott, að kynnast honum — gjörði mann betri og hreinni í hjarta. „Nú gengur það glatt!“ sagði Skúli.

Ég hefi þegar getið þess (í formála), að ég héti Haraldur Skaptason. Ég er fæddur í Fnjóskadal, en ættaður af Jökuldal í Múlasýslum. Ég var átján ára gamall, þegar hér var komið sögunni, og Snorri kallaði mig: „barnið“. Ekki þótti ég hár vexti, en menn sögðu, að ég svaraði mér dável að gildleika. Ég hafði um þessar mundir ljóst hár og bjartan hörunds-lit, sem afi minn sagði, að ég hefði tekið að erfðum frá forföður mínum, Þorsteini hinum hvíta. En nú hefi ég hvorki ljóst hár né bjartan hörunds-lit. — Ég ætla ekki að fara að segja neitt af ævi minni á Íslandi, því það mundi ryfja upp hjá mér ýmsar sárar endurminningar, og vekja hjá mér sterka þrá til að fara

heim og líta aftur æskustöðvar mínar, — og svo er sá hluti ævi minnar ekkert viðburðaríkur.

Þetta er að sönnu ekki nákvæm né fullnægjandi lýsing af okkur félögum, en hún er þó rétt, það sem hún nær, og verður að duga. En lesarann vil ég biðja (enn á ný), að hafa það hugfast, að við eigum ekkert skylt við þá fjóra eða fimm menn, sem fóru úr Þingeyjarsýslu til Brásilíu um eða eftir árið 1860.

Tildrögin til þess, að við lögðum á stað til Brásilíu, voru þessi:

Hans Jacobsen hét maður, danskur að ætt; hann var verzlunarþjónn á Akureyri, á árunum 1848 til 1852. Hann kyntist þar Snorra Kolbeinssyni, sem líka var búðarþjónn á Akureyri þau árin, og urðu þeir brátt mjög góðir vinir. En haustið 1852 fór Jacobsen út til Kaumannahafnar, og vorið eftir flutti hann til Brásilíu; fékk hann þar undir eins góða atvinnu, því þar var mann-ekla mikil um þær mundir, en auðugar gimsteina-námur nýfundnar þar vestur í landinu. Settist hann fyrst að í *Río de Janciró*, sem er höfuðborg ríkisins, og græddi hann stór-fé á ör-stuttum tíma. Þegar hann hafði dvalið rúmt ár í Brásilíu, skrifaði hann vin sínum, Snorra Kolbeinssyni, og hvatti hann mjög til að flytja til *Río de Janeiró*; kvað hann unga, hrausta menn frá Norðurlöndum geta orðið þar auðmenn á fáum árum. Hafði bréf þetta svo mikil áhrif á Snorra, að hann undir eins ásetti sér að fara til Brásilíu, þegar fyrsta tækifæri gæfist. Sýndi hann ýmsum bréf Jacobsens og eggjaði unga menn á að fara með sér til all-nægta-landsins í Suður-Ameríku. En flestir álitu það fífdirfsku eina og heimsku, að leggja út í slíka glæfráför, og urðu engir til að gefa kost á sér til að fara með honum, nema við þrír: Ólafur, Skúli og ég. Var það almanna-mál í minni sveit, um það leyti. að við félagar

værum ekki með réttu ráði; og nokkrir spáðu því, að við yrðum étnir af villimönnum strax og við kæmum til Brazíliu. En þrátt fyrir það lögðum við á stað öruggir og vongóðir, og ásettum okkur, að láta aldrei hugfallast, hvað sem fyrir kæmi. — Jacobsen hafði getið þess í bréfi sínu til Snorra, að ef hann (Snorri) legði á stað til Brazíliu, skyldi hann fyrst fara til Kaupmannahafnar, þaðan til Hamborgar á Þýzkalandi, og svo þaðan beina leið til Rió de Janeiró. Við álitum því sjálfsagt, að fara þá leið, sem Jacobsen tiltók, enda var ekki, á þeim árum, um aðra leið að gjöra. Snorri hafði meðferðis bréf frá kaupmanni á Akureyri til Sörensens nokkurs í Kaupmannahöfn. Var það innihald bréfsins, að kaupmaður bað vin sinn, herra Sörensens, að leiðbeina okkur, að svo miklu leyti, sem honum væri mögulegt — að minsta kosti, að koma okkur á skip, sem færi til Hamborgar, og eins að skrifa bréf með okkur til umboðsmannsins (Brazíliu-stjórnarinnar) í Hamborg. Vorum við því hinir öruggustu og kviðum engu, þar sem við áttum aðra eins bjargvætti að, sem þá Sörensens í Kaupmannahöfn og Jacobsen, sem heima átti í nr. 98 *Rúa dó Ouvidór* í Rió de Janeiró.

Og við lögðum á stað frá Íslandi að morgni hins 5. Júlí, og að kvöldi þess 9. sama mánaðar sáum við það í síðasta sinn. Við stóðum uppi á þiljum, meðan síðasti fjallahnjúkurinn var að hverfa; hægt og hægt seig hann niður í djúpt og dimmblátt hafid (eða sýndist gjöra það að minsta kosti); altaf varð hann minni og minni, unz hann að lokum hvarf niður á bak við kvikandi öldurnar út við sjóndeildarhringinn. Það komu tár sem allra snöggvast fram í augu mér, og ég sá að hinum vöknadi líka um augun, þó þeir þrættu fyrir það, þegar ég löngu síðar mintist á það við þá.

Ég ætla að fara fljótt yfir ferðasögu okkar frá Íslandi

til Brazíliu, því hún er nú í huga mínum sem hálf-óljós draumur — en þó skemtilegur draumur. Reyndar kom ekkert markvert fyrir okkur á þeirri ferð, sem var ein-göngu sjóferð — óumræðilega tilbreytingarlaus og löng sjóferð.

Skipið „Lars“ var, eins og flest önnur skip, sem á þeim árum fluttu vörur til Íslands, að sönnu fremur traustlega bygt, en skelfilega ljótt í laginu, og komst ekkert áfram, nema þegar ofsaveður var rétt á eftir og öll segl dregin í efstu húna, þá þrammaði það áfram þunglama-lega, eins og kviðmíkill klár undir klyfjum, dýfði bugt-spjótinu ofan í aðra hverja öldu og stundi þungan, eins og það væri lifandi vera yfirkominn af mæði og dauðans þreytu. — Og skipstjórinn var, eins og svo margir skipstjórar, sem ekki hafa yfir öðrum skipum að ráða, en gömlum og lítilfjörlegum kaupförum, sérlega þungbúinn og þögull. Hann „tók sólarhæðina“ á hádegi þá daga, sem sól sá; en þegar ekki sá til sólar, þá — þá „tók hann ekki sólarhæðina.“ Hann stóð þá bara á miðju þilfarinu og horfði út á hafid framundan, stóð þar þegjandi og tugði hverja tóbaks-töluna á fætur annari, gekk svo af og til út að öðrum bordstokknum og spýtti í sjóinn, rétt eins og sjórinn væri spýtubakki. — Og stýrimaðurinn var, eins og svo margir stýrimenn á smáskipum, undur og skelfing mikið upp með sér af því, að vera stýrimaður á smáskipi; og hann talaði viðstöðulaust, eins og skeggrakari. (Eftir svo að skilja, að ég sé að álasa, skeggrökurum en samt sem áður eru þeir, undantekningar-lítið, aldrei þegjandi, á meðan þeir eru við handverk sitt). Og stýrimaðurinn talaði um alla skapaða hluti, bæði á himni og jörðu og undir jörðinni, alveg eins og enskir og franskir og portúgalskir skeggrakarar vanalega gjöra. Hann kom talandi til manns og og fór talandi frá manni aftur, og talaði

við sjálfan sig, þegar hann hafði engan annan til að tala við. — Og hásetarnir voru, eins og flestir hásetar, (sem ekki fjáa uppreisn), ekkert nema undirgefnin og hlýðnin. Þegar allt gekk vel, og þeir höfðu ekkert sérlegt til að gjöra, þá stóðu þeir á þilfarinu, krosslögðu arma á bringu sér, og höfðu stöðugar gætur á hverju segli, hverri rá og hverjum streng og kaðli, sem á skipinu var; þeir virtust líka hafa auga á hverju einasta skýi, sem á loftinu var, og hverjum einasta fugli, sem yfir flaug, og hverri einustu öldu, sem hóf sig við bordstokkinn; og altaf gáfu þeir skipstjóranum hornauga. — Og *við* vorum eins og flestir aðrir íslenzkir farþegjar á dönsku seglskipi, gjörðum hið sama, sem svo margir höfðu gjört á undan okkur: reyndum nefnilega til að stytta stundirnar með öllu hugsanlegu móti. Við fórum að háttu, þegar okkur syfjandi á kvöldin, og fórum á fætur, þegar við vorum búnir að sofa okkur út. Og svo bordudum við, þegar við höfðum lyst á að borða; og gengum um þilfarið, þegar okkur var stætt á því, og okkur langaði til að ganga; og svo spiludum við alkort og öll önnur spil, sem við kunnum. Stundum kváðum við Núma-rímur þangað til þær voru á enda, og þegar þær voru á enda, þá byrjuðum við á þeim á ný. En annað veifið sungum við öll þau lög, sem við kunnum — eins sálmalög sem önnur lög; og Snorri söng sitt „tra—la—la—la“ við öll tækifæri, á hvaða tíma sólarhringsins sem var, bæði í vöku og í svefni, og altaf söng hann það eftir nótum.

Og svo loksins hinn tíunda dag ágúst-mánaðar komum við til kóngsins Kaupmannahafnar, sem við höfðum heyrt svo margt sagt frá — kóngsins Kaupmannahafnar, þar sem háskólinn er, háskólinn, þar sem svo margir Íslendingar hafa getið sér frægð og frama fyrir framúrskarandi gáfur og framúrskarandi slark og óreglu. Við

dvöldum eina viku í Kaupmannahöfn. Við fundum herra Sörensen, og heimsóttum alla þá Íslendinga, sem heima áttu í borginni. Við komum líka að „Garði“, þar sem flest mentuð stórmenni Íslands hafa einhvern tíma átt heima, frá því 1623, er Kristján IV. lét reisa hann, og fram á þenna dag. Þar sáum við vara-prófastinn, sem var ágætis-maður og mesta ljúfmenni; og þar sáum við eikina miklu, sem svo lengi hefir gnæft yfir „Garð“ og haldið þar vörð, eins og traustur og trúr hollvættur, og „gæti frá mörgu sagt, ef hún hefði mál og skilning.“ Við fórum fram og aftur um alla borgina og gengum hvert stræti á enda, og sáum altaf eitthvað nýtt og nýtt. Altaf gekk Snorri á undan, ég og Ólafur hlið við hlið á eftir honum, og Skúli aftastur; hann bar höfuð og herðar yfir okkur alla, og horfði hátt, rétt eins og hann væri að reyna að sjá allan heiminn í einu. Og Skúli var altaf að verða forvitnari og forvitnari; hann vildi vita, hvað þetta var, og til hvers *hitt* var; og eftir því, sem hann sá fleira og vissi meira, því forvitnari varð hann.

„Hvað er þetta, Óli frændi?“ sagði hann, þegar hann sá fyrstu myndastyttuna.

„Það mun eiga að vera—“ sagði Ólafur og lét sem hann sæi ekki myndastyttuna, „það mun eiga að vera maður og hestur úr kopar.“

„Hver þremillinn er þetta, Óli frændi?“ sagði Skúli og benti.

„Það mun eiga að vera dansandi blámaður úr tré,“ sagði Ólafur.

„En til hvers árans er þetta, Óli frændi?“ sagði Skúli; hann var alveg viss um það, að Óli frændi vissi alla skapada hluti.

„Það mun eiga að vera einskonar agn á öngul kaupmannsins,“ sagði Ólafur.

Og við skoðuðum alla Kaupmannahöfn í krók og kring, og sáum alt, sem okkur langaði til að sjá þar, alt nema — kónginn.

Og svo fórum við frá Kaupmannahöfn beina leið (eða öllu heldur krókotta leið) til Hamborgar á Þýzka-landi; og þegar við komum þangað, fengum við að vita, að við ættum að fara þaðan beint til *Santos*, sem er borg um tvö hundruð mílur enskar fyrir sunnan Rió de Janeiro. Í Hamborg dvöldum við fimm daga, og hefðum dvalið þar aðra fimm daga, ef við hefðum mátt. Það var ekki lítið í það varið, að dvelja nokkra daga í svo heimsfrægri stórborg. Á Íslandi þótti sá maður jafningi hertoga og jarla er siglt hafði til Kaupmannahafnar, en sá, er dvalið hafði einn dag eða tvo í *Hamborg*, var næstum eins mikill og sjálfur kóngurinn. Það var alt að því eins mikil upphæfð í því, að sigla til Hamborgar, eins og að fara til Rómaborgar, eða alla leið suður til Jórsala. Það var því ekki kyn, þó við yrðum ofurlítið upp með okkur, þegar við stigum upp á bryggjuna í Hamborg, — upp með okkur af því, að vera strax orðnir svona „sigldir“. — Við héldum þar til á veitingahúsi, sem danskur maður réði fyrir hann var svo gormæltur, að jafnvel sjálfum Dönun blöskraði, en hann var þrátt fyrir það allra bezti kaupl. Veitingahúsið var næstum alt niðri í jörðinni; strax og maður opnaði framdyrnar urðu fyrir manni tröppur, sem láu niður í borðsalinn, og þaðan láu tröppur niður í eldhúsið, og þaðan var farið niður í búrið, eins og sagt er að hafi verið í Svartaskóla; er flest voru svefnhebergin í veitingahúsi þessu ofan jarðar. — Við héldum ekki kyrru fyrir þá daga, sem við biðum í Hamborg; altaf vorum við á ferð og flugi um götur og torg — altaf að leita að nýju og nýju furðuverki og altaf að dást að verkum mannanna. Og þar sáum við svo marga Gyðinga, að við hefðum get-

að trúað því, hefði okkur verið sagt það, að allir Gyðingar heimsiús væru þar saman komnir. — Í Hamborg fundum við umboðsmann Brazíliu stjórnarinnar. Hann var svo lágur og grannur, að margir tólf ára gamlir drengir á Íslandi eru stærri. Fyrir hægra auganu á honum hékk svört leðurpjatla, en vinstra augað var hann altaf að kreista aftur, svo það var að eins endrum og sinnum, að ofurlítið grylti í . . . gasteininn; og hann virtist altaf stöðugt horfa á mann með því auganu, sem leðurpjatlan var fyrir. Hann var framúrskarandi mælskur — varð allur að tómri mælsku, þegar hann opnaði sinn munn. Jóhann hét hann — Jóhann Krúpp, og hefði verið sannnefndur: *Jóhann gullmunnur*. Þegar hann byrjaði að tala, ræktti hann sig lengi og fyrirmannlega, rétt eins og hann ætlaði að fara að syngja tónstigann. Hann tók okkur svo vel, að það var eins og hann ætti hvert bein í okkur; og hann drakk með okkur miðni keisarans í Brazíliu, þó ekki væri hann (umboðsmaðurinn) hnegður til vins. Dönsku talaði hann mætavel, en sagðist þó tala frönsku betur, og ensku og portúgölsku eins vel og móðurmálið (þýzku). Langa lofræðu flutti hann um hið mikla keisaradæmi í Suður-Ameríku og kvað mjólk og hunang drjúpa þar af hverju strái. Og þangað sagðist hann ætla að flytja hálfu Evrópu áður en hann skildi við heim þenna. Það sagði hann að væri eins satt og það, að leður-pjatlan hængi fyrir hægra auganu á sér, að allar ungar konur af aðals-ættum í Brazíliu vildu út af lífinu eiga menn frá Norðurlöndum — helst ljóshærða menn. Og því til sönnunar sagði hann okkur langa sögu af tveim fyririrtaks fríðum ráðgjafa-dætrum í Brazíliu; þær háðu einvíg út af því, að báðar vildu eiga sama manninn, sem var danskur matsveinn með glóbjart hár og rjóða vanga. Þær börðust með hárbeittum laghnífum og féllu báðar. En matsveinn-



inn eignadist fyrir konu einkadóttur miljöna-eiganda í Bahía.

Síðasta daginn í ágúst-mánudi lögðum við á stað frá Hamborg með skipinu „Volsung“, sem ætlaði með vörur beina leið til Santos í Brazíliu. Það var þrímastrað seglskip, stórt og fallegt og bleikt á lit með blárri rönd upp við borðstokkinn að utan. Það var gammur til gangs; það lyfti sér upp á öldu-hryggina himin-háa, líkt og hafsúla á báru, hægði þar ögn á sér eitt augnablik, eins og til að skima um úthafið, og svo steypiti það sér áfram af öldubrununum, rendi sér fótskriðu ofan í djúpu dalina á milli, og lyfti sér svo aftur upp á hæztu ölduna. Það fór eins og kólfi væri skotið inn í freyðandi holskeflurnar, smaug eins og áll í gegnum þær og sundraði þeim. „Hviss—iss—s!“ sögðu holskeflurnar, urðu lágrómadar og hnigu í skaut sinnar miklu móður, Ránar. En sjórinn saud og vall á válfu þilfarinu á „Volsung.“

Skipshöfnin öll var þýzk, og allir farþegarnir (21 talsins) voru líka þýzkir, að undanteknum okkur fjórum Íslendingunum. Allir voru þeir sérlega kurteisir og góðlegir, og allir voru þeir myndarlegir menr en hver þeirra hafði þó sína smákæki í hreyfingum og látbragði (og ef til vill í hugsunarhætti líka) eins og flestir eða allir menn og konur í heimi þessum. En myndarlegastur þeirra allra var sjálfur skipstjórinn, þrátt fyrir alla hans mörgu smákæki, sem í sjálfu sér voru næstum því skemtilegir. Hann var jötun að vexti og kraftalegur, og það var eitthvað það við hann, sem minti mann á fornmenn — minti mann á hina fornu Volsunga — en sérstaklega var það skeggið: það var glóbjart og mikið. ; það var ekki að eins framúrskarandi sitt, heldur var það líka óviðjafnanlega þétt og breitt; það skiftist um hökuna og breiddist út á báðar axlirnar, eins og það stæði á talar grenjandi ofsaveður á

það. Og hvert sem skipstjórinn leit, hvort sem það var til austurs eð vesturs, norðurs eða suðurs, eða beint upp í loftið, þá ar ævinlega eins og grenjandi stormur stæði úr þeirri átt beint í þetta fallega, forneskjulega skegg hans.

Einn af arþægjunum þýzku var ungur maður, á að gizka rúmlega tvítugur, fallega vaxinn, með hrafnsvart hár og tinnudökk augu. Hann var þunglyndislegur mjög og fátaladur. Í hvert sinn, er hann sá okkur Íslendingana, brosti hann raunalega, hristi höfuðið þunglyndislega og varpaði mæðulega öndlinni, eins og honum blöskraði hvað æskulífið var þungt og gleðisnautt og veröldin vond. Það var eitthvað þungt og átakanlegt, sem honum lá á hjarta. En við fengum aldrei að vita, hvað það var; við vissum ekki einusinni hvað liann lét eða hverrar stéttar hann var. Við vissum það bara, að hann var þýzkur og að hann ætlaði til Brazíliu; en það átti ekki fyrir honum að liggja, að komast þangað, því einn morgun, þegar við vorum komnir nokkuð suð-vestur á Atlantshafið, hneig hann niður á þilfarinu hjá meginisglunni, sem hann hafði hallað sér upp við um stund. Hann var undir eins borinn ofan í káetu skipstjórans; og fáum mínútum síðar heyrði ég óttalegt ángistar-óp — ángistar-óp, sem smátt og smátt varð að sáru og skerandi kvala-veini, er loksins jó út þunglega og átakanlega, eins og því hefði verið drekt í djúpi hafsisins. Svo leið nokkur stund. Þá heyrði ég aftur sem snöggvast stunu — þjáningar-stunu veika og langa — stunu eins og þá, er stígur frá brjósti deyjandi æskumanns; og mér heyrðist stunan koma úr fjarlægð, rétt eins og hún hefði þrengt sér upp í gegnum freyðandi bylgjurnar neðan frá lang-dýpsta grunni úthafsins. — — Daginn eftir var lík látið síga út fyrir borðstokkinn — niður í sjóinn. Þar var engin líkræða flutt og engum klukkum hringt; þar sást engin lík-klæði, nema þýzki fáninn, engin líkkista, eng-

in gröf. En sælygnan breiddi sig yfir hafð og ljósglamparnir titruðu á því, svo það varð bjart og skínandi hvítt — hvítt eins og líkvoð, og kyrt og þögult eins og gröfin.

Einn farþeginn þýzki var aldraður maður, hreint ekki yngri en sextugur. Hann var meðalmaður á vöxt, nokkuð lotinn í herðum, en þó frísklegur á fæti. Andlitid var ein-kennilega unglegt, næstum eins og á átján ára gömlum pilti, sem ekki er sprottin grön; en hárið var hvítt eins og mjöll. Þegar við sáum hann fyrst, sat hann hjá stýris húsinu og skrifaði með bláum blýant í stóra vasabók. Alt í einu hætti hann að skrifa, stakk blýantinum bak við hægri cyrað og setti bókina í vasa, sem var innan á vestinu, og um leið tók hann eftir okkur. En það sá ég strax, að honum þótti enginn okkar eftirtektafærður, nema Skúli einn. Á Skúla horfði hann bæði fast og lengi. Í fyrstu var eins og hann væri að mæla með augunum, hvað Skúli væri hár og digur; og þegar hann virtist vera kominn að fullnægjandi niðurstöðu, hvað það snerti, fór hann — eftir því, sem mér virtist — að lesa með mikilli gaumgæfni hvern einasta drátt í andliti Skúla. Og það var auðséð, að honum þótti það undur ánægjulegt, sem hann las þar, því hann brosti mjög blíðlega, og gleðibjarmi færðist yfir alt góðlega og unglingslega andlitid hans. Þegar minst varði, stóð hann upp, gekk hvatlega þangað, sem Skúli var, kinkaði kalli til hans og brosti. Skúli gjörði hið sama: kinkaði kalli og brosti. Gamli maðurinn færði sig þá fast upp að Skúla, klappaði ofur-hægt á herðar honum og hvíslaði einhverju í eyra hans.

„Hvað segir hann, Óli frændi?“ sagði Skúli; hann hélt að Óli frændi mundi heyra og skilja það, sem gamli maðurinn var að hvísla — hélt endilega, að Óli frændi vissi alla skapaða hluti.

„Eg hygg að hann sé að segja þér eitthvert mjög áriðandi launungarmál,“ sagði Ólafur.

Snorri spurði svo gamla manninn á afbakaðri þýzku, hvað hann vildi. En gamli maðurinn svaraði ekki og lét sem hann sæi ekki Snorra. Hann hélt bara áfram að hvisla í eyrað á Skúla — hvislaði altaf í eyrað á honum og kinkaði kolti og brosti. Og Skúli brosti líka og kinkaði kolti, eins og hann væri hjartanlega samþykkur öllu því, sem karlinn var að segja honum. — Loksins kallaði Ólafur á Skúla og fór með honum ofan undir þiljur, svo hann gæti losast við gamla manninn. Þannig gekk það til á næstum hverjum einasta degi, meðan við vorum á „Volsung“, að undir eins og gamli maðurinn sá Skúla á þiljum uppi, þá gekk hann til hans, klappaði ofur-hægt á herðar honum og hvislaði einhverju í eyra hans, þangað til Ólafur kallaði á Skúla með sér. En hvað það var, sem karlinn var altaf að hvisla að Skúla, það fengum við aldrei að vita, því Skúli skildi aldrei neitt af því, og heyrði ekki einusinni nein orðaskil.

Það kom ekkert markverðara fyrir okkur á leiðinni frá Hamborg til Santos. Skipið kom við í *Madeira*-eyjunum til að fá nýtt og gott vatn, og það kom líka við á *Cape Verde*-eyjunum til að fá nýtt vatn. — Eftir því, sem nær dró miðjarðarlinunni, varð hitinn æ meiri og átakanlegri fyrir okkur Íslendinga, sem vorum í dökkum og þykkum ullarfötum. Og altaf, á meðan við vorum að sigla yfir aðal-hitabeltið, fanst okkur hitinn alveg óbærilegur. Loftið veltist áfram í logandi lognöldum; og okkur fanst þilfaríð á „Volsung“ eins og glóandi steikara-panna, svofætur okkar ætluðu að stikna í stigvélunum; og við næstum brendum okkur á hverjum hlut, sem við snertum á þiljum uppi. En undir þiljum fanst okkur ekki heldur viðvært fyrir kveljandi mollu-hita og þungu lofti.

„Herra trúr! það er heitt,“ sagði Snorri.

„Nú gengur það gott!“ sagði Skúli.

„Ég hygg að við séum nú að fara í gegnum hreinsunareld hinna katólsku,“ sagði Ólafur. Hann var kominn úr öllu, nema nærfötunum.

En eftir því, sem sunnar kom í hiltabeltið, urðu næturnar smátt og smátt svalari og hitinn á daginn ekki alveg eins tilfinnanlegur. Og að lokum, eftir langvarandi logn og langvarandi ofsaveður, komst „Volsungur“ með heilu og höldnu suður úr hitabeltinu; en um leið stefndi hann að landi, brunaði inn djúpan og breiðan flóa og inn á lygna og óhulta höfn, og lagðist við bryggju í Santos í Brazíliu.

---

## II.

Santos er hafnar-bær, rúmar tvö hundruð mílur enskar fyrir sunnan Rió de Janeiró. Íbúa-tala er þar nú í kringum tuttugu og fimm þúsund. Það er ein af aðalhöfnunum í Suður-Ameríku. Fjörðurinn er þar altaf þakinn skipum. Þangað koma skip úr ýmsum löndum og flytja þangað alskonar varning: — hrisgrjón frá Indlandi, þorsk frá Nýfundnalandi, timbur frá Bandaríkjunum og kol og léreft frá Englandi.

En flest þessi skip flytja aftur í burtu með sér meira og minna af kaffibaunum, því Santos er vafalaust langstærzti kaffi-kaupstaðurinn, sem til er í öllum heimi — að undantekinni sjálfri Rió de Janeiró. Í Santos má heita að ævinlega sé alt troðfult af kaffibaunum: næstum hvert einasta vöruhús þar er hálf-fult af kaffibaunum; á bryggjunum, og jafnvel á götunum, eru stórir hlaðar af kaffibauna-

sekkjum ,og fyrir utan næstum hverja einustu búð í borginni eru samskonar hlaðar. Þar er altaf viðstöðulaust verið að flytja kaffi út á skipin; það er flutt á ösnum og múlösnum, á vögnum og hjólbörum; og það er borið og dregið. Hálfnaktir svertingjar og Indíanar og kynblendingar moka því með stórum rekum upp í pokana í vöruhúsunum, og aðrir hálfnaktir svertingjar og Indíanar og kynblendingar bera þá poka fram bryggjurnar og út á skipin; og allir bera þeir pokana á sama hátt — nefnilega á höfðinu; allir eru þeir berfættir og allir hlaupa þeir með byrðar sínar, og hlammið í berum fótum þeirra heyrir langt frá. — Í Santos er loftið þrungið af kaffi-lykt árið um kring; kaffi-lyktina leggur langt út á sjó og mætir þar skipunum löngu áður en hafnsögumaðurinn sézt. Á næstum hverju einasta húsi í þeim hluta bæjarins, sem að höfninni veit, stendur „Kaffi“ skrifað stórum stöfum. Blöðin þar eru altaf full með kaffi-príslista og kaffi-auglýsingar; og fólkíð getur ekki um annað hugsað en kaffi, og það er sí og æ á vörum hvers einasta manns. „Kaffi! Kaffi!“ hrópa allir; og fólkíð dreymir um það á nóttunni.

Santos er fræg borg fyrir sakir hinnar miklu kaffiverzlunar sinnar; en hún er líka alræmd fyrir að vera hið mesta og skæðasta pestar-bæli, sem til er í Suður-Brazilíu. Borgin er bygd meðfram höfninni, og strætín eru ákaflega þröng. Loftið er þar sífeldlega þungt og daunilt og óheilnæmt; og gula-sýkin situr þar drottandi á veldisstóli sínum ár og síð og alla tíð, en það er eins og hún vilji ekki líta við öðrum en útlendingum eingöngu — sérstaklega ljóshærðum útlendingum. Og í Santos er alt hið umasta afhrak þjóðarinnar í Brazilíu samankomið í eina ídandi kös, til þess, að þræla og sveitast blóðinu — til þess að bera kaffibauna-sekkina á höfðinu í steikjandi sólarhitan-

um — til þess að auðga og efla féþyngjur auðkýfinganna og — deyja.

Allir ríkustu kaffi-kaupmennirnir og auðkýfingarnir og stórhöfðingjarnir í Santos eiga heima í *Saó Pauló*, sem er höfuðborg fylkisins Saó Pauló; og stendur sú borg á hásléttunni fyrir vestan fjöllin, hér um bil fjörutíu og sjö mílur enskar frá Santos. Í Saó Pauló er loftslagið mikið heilnæmara og svalara en niður við sjóinn, og þess vegna búa ríkismennirnir þar, en nota Santos fyrir einskonar hjáleigu. Og Santos er í raun og veru matarbúr hinna tvö hundruð þúsund íbúa borgarinnar Saó Pauló.

Og við vorum þá loksins komnir til Suður-Ameríku — komnir til Brazíliu — komnir til hafnarborgarinnar Santos. Við vorum búnir að fara yfir næstum því allt hið norðlægara tempraða-belti, gegnum hitabeltið og komnir út úr því aftur, komnir suður fyrir það, þó ekki væri langt. Vorið var að ganga í garð í suður-héruðunum í Brazíliu, þegar við komum þangað, og þó var sumarið að líða, þegar við fórum frá Norðurálfunni, rúmum tíu vikum áður; en á þeirri leið höfðum við hvergi orðið varir við *haustið* og *veturinn*. — Þegar hávetur og grimdarhörkur eru á Íslandi, þá er sól og sumar í Suður-Brazíliu.

Og hafnarborgin Santos — þessi óviðjafnanlega kaffi-lind og mikla pestarbæli — breiddi faðm sinn á móti okkur Íslendingunum, eins og hún oft og einatt áður hafði breitt hann á móti útlendingum — breiddi hinn víða faðm sinn á móti okkur, og bauð okkur, að moka og aka kaffibaunum til daganna enda, og bauð hverjum okkar ævarandi eignarrétt á ofurlitlum jarðarbletti í grafreitinum mikla fyrir sunnan. En okkur leizt ekki á, að staðnæmast í Santos, þrátt fyrir hina miklu atvinnu, sem þar var

um þær mundir. Við vildum tafarlaust halda til Ríó de Janeiró. Og skipstjórinn á „Volsung“ — skipstjórinn með fallega, forneskjulega skeggið, — útvegaði okkur far með skipinu „Santa Fe“, sem ætlaði beina leið til Ríó de Janeiró. En skipstjórinn reyndi þó í fyrstu til að telja okkur frá því, að fara þangað, og kvað þar vera ofheitt og óheilnæmt loftslag fyrir Norðurlandamenn. Hann áleit það miklu betra fyrir okkur, að fara suður á bóginn til *Portó Alegre*, um fimm hundruð milur enskar frá Santos. Loftslagið sagði hann að væri þar líkt og á Þýzkalandi, og að þangað væru Þjóðverjar að flytja búferlum í hundruða-tali.

Við dvöldum fjóra daga í Santos. Við gengum fram og aftur um allan bæinn, og sáum margt, sem var alveg ólíkt því, er við höfðum séð í Kaupmannahöfn og í Hamborg. Og Skúli horfði undrandi á allt, sem hann sá þar, og var alltaf að verða forvitnari.

„Hver þremillinn skyldi vera í pokunum þeim arna, Óli frændi?“ sagði Skúli og benti á stóran hlada af vöru-sekkjum.

„Ég hygg það séu kaffibaunir,“ sagði Ólafur.

„En í þessum?“

„Það munu vera kaffibaunir.“

„En þetta?“

„Kaffibaunir.“

En merkilegast þótti Skúla að sjá, hvernig svertingjarnir fóru að því að bera kaffibauna-sekkina, sem hver um sig var eins þungur og meðal-maður. En svertingjarnir hlupu þó með þessa sekki á höfði sér, rétt eins og sekkirnir væru fullir með dún en ekki kaffibaunir. Mörgum varð starsýnt á Skúla. Margur lögregluþjónninn horfði á eftir honum; það var eins og þeim blöskraði, hvað hann var stór. Margur búðar-sveinninn brosti framan í hann og



kinkaði kolli til hans; og mörg búðarstúlkan leit til hans sérlega híru auga. Enda bar hann af hverjum manni, sem ég sá í Santos, bæði hvað karlmannlegan vöxt og fríðleik snerti.

Kvöldið áður en við fórum frá Santos, komum við í búð nokkra, sem stóð á götuhorni skamt frá bryggjunni, sem „Santa Fe“ lá við. Við fórum þar inn, í þeim tilgangi, að kaupa brauð og aldini í nesti handa okkur á leiðinni til Río de Janeiró. Í búð þessari var hrúgað saman allskonar varningi, ætum og óætum, en mest var þar þó af ýmiskonar aldinum ásamt brauði og þurkuðu nauta-kjöti. Ekkert var þar búðarborð; en á miðju gólfinu stóð litill skápur. Við skáp þenna sat öldruð kona og taldi smápeninga, sem lágu í stórri hrúgu á skápnnum. Við hlið konunnar stóð stúlka, á að gizka átján ára gömul, og reykti hún sigarettu í mestu makindum, en hafði þó um leið stöðugar gætur á smá-peningunum, sem aldrada konan var að telja. Þegar við komum inn fyrir dyrnar, leit stúlkan við og horfði á okkur nokkur augnablik án þess að hreyfa sig úr stað, og án þess að segja nokkuð; það var eins og hún væri að biða eftir því, að við ávörpuðum hana. Ég tók strax eftir því, að augu hennar voru dapurleg og dreymandi, og að einhver undarlegur rauna-svipur hvíldi yfir öllu andlitinu, sem þó í sjálfu sér var verulega frítt og tígulegt, eins og andlit flestra ungra kvenna, af spönskum og portúgölskum ættum, þeirra, er ég hef séð. Stúlka þessi var samt alveg ólík öllum þeim stúlkum, sem ég hafði séð í búðum og á götunni í Santos, þessa daga, er ég hafði dvalið þar; hún var bæði mikið tígulegri og höfðinglegri en þær, og eins var hún mikið betur búin — og leit alls ekki út fyrir að vera búðar-stúlka.

„Við viljum kaupa þetta,“ sagði Snorri á þýzku. Hann benti um leið á aldini og brauðið, sem þar var, og

um leið tók hann úr vasa sínum danskan silfurdal og velti honum í lófa sínum.

Stúlkan hneigði sig og sagði nokkur orð á sínu máli, en hún hreyfði sér ekki úr stað; hún hélt bara áfram að reykja sigarettuna í nakindum og horfði á — Skúla. Og Skúli horfði beint í dapurlegu, dreymandi, dökku augu þessarar friðu og tígulegu stúlku. Hann brosti nú ekki eins og hann var vanur, heldur starði hann — starði stöðugt í þessi töfrandi, dáleiðandi augu stúlkunnar.

„Við viljum kaupa,“ sagði Snorri og rétti fram danska silfurdalinn.

Stúlkan hneigði sig á ný og sagði eitthvað á sínu máli, sem við náttúrlega ekki skildum. En altaf stóð hún í sömu sporum, og altaf hélt hún áfram að reykja sigarettuna og horfa í augun á Skúla. Og augu hennar voru altaf að verða meir og meir dapurleg og dreymandi og um leið meir og meir töfrandi og seyðandi; en enginn okkar varð þó fyrir áhrifum þessa seyðandi töfra-afls, sem streymdi frá augunum hennar, nema Skúli einn.

Alt í einu opnuðust dyr, sem voru á annari hlið búðarinnar, og fram á gólfid gekk aldradur maður brúnamikill og fremur skuggalegur. Stúlkan talaði til hans í skipandi rómi og benti á okkur. Þessi aldradi maður gekk þá til Snorra, tók af honum peninginn, skoðaði hann (peninginn en ekki Snorra) í krók og kring og lét hann síðan í vasa sinn. Þar næst gjörði hann Snorra það skiljanlegt (með bendingum), að við yrðum að benda sér á þær vörur, sem við vildum fá fyrir dalinn. Snorri Benti þá á kjötid, brauðid og ýms aldini, sem hann sá þar. Karl þreif þá upp stóra körfu tóma, sem þar var, og fylti hana með þeim vöru-tegundum, sem Snorri hafði bent á. Þó við vissum ekki neitt um verðið á vörum þessum, vorum við sannfærðir um, að það, sem í körfuna var komið,

var meira virði en einn danskur dalur. Snorri tók því upp hjá sér annan dal og rétti karli, en karl leit um leið í áttina til stúlkunnar, sem altaf einblíndi á Skúla, og sagði eitthvað við hana. Hún svaraði einhverju; og hún var nú sérlega lágrædd; það var lík st því, að hún væri rétt í þann veginn að festa væren blund — væri að lida inn á land ljúfu draumanna, og sæi í fjarska yndislegar töfra-myndir, sem hún með engu móti mætti missa sjónar af. Það var eins og eitt eins-atkvæðis orð, sem hún sagði í þetta sinn, og það hefir, ef til vill, verið „nei“, því hún hristi höfuðið hægt og raunalega, eins og hún væri að neita einhverju. Svo saug hún sígar-ettuna með ógnar-hægd um fáein augnablik, og kastaði henni síðan aftur fyrir sig; og um leið lopaðist og þyrtaðist blágrár tóbaks-reykurinn út úr fallegum munninum hennar — lopaðist og þyrtaðist með ógnar-hægd og tvinn-aðist eins og spunninn þráður, og varð svo að ótal smá-um hringum; og hringarnir stækkuðu meir og meir og liðu hægt og stílt í þráðheinni röð í áttina til Skúla. Og það var eins og reykurinn yrði að hengibrú á milli þeirra — eins og hengibrú handa instu hjartans tilfinningum þeirra til að dansa á.

Þegar stúlkan, sem virtist vera hér hægtráðandi, var búin að segja þetta eins-atkvæðis orð við gamla manninn, var hann ófánlegur til að taka við peningnum, sem Snorri rétti að honum í síðara skiftið. Við þóttumst því vera vissir um, að við ættum að eiga alt, sem í körfunni var, fyrir einn einasta dal. Og við þrír (Snorri, Ólafur og ég) tókum ofan hattana okkar og hneigðum okkur djúpt fyrir gamla manninum skuggalega og hinni fríðu og fyrirmannlegu stúlku, og létum þakklæti okkar í ljósi á þýzku, dönsku og íslenzku. Gamli maðurinn kinkaði kollinum ofurlítið, en stúlkan hneigði sig á svipaðan hátt

og lærð leikkona hneigir sig fyrir áhorfendum við hátíðleg tækifæri. En hún hneigði sig að eins fyrir Skúla einum. „*Dios guarda á usted!*“ sagði hún og brosti raunalega til Skúla, sem hvorki tók ofan hattinn né hneigði sig, heldur starði stöðugt í hin dáleiddandi, dökku augu hennar. „*Dios guarda á usted!*“ sagði hún; og ég fékk síðar að vita, að þetta eru spönsk orð, en ekki portúgölsk, og þýða: „guð varðveiti þig;“ eða „guð veri með þér.“

„Hvað segir hún, Óli frændi?“ sagði Skúli; og það var eins og hann vaknaði af draumi.

„Hún mun vera að segja, að mál sé nú komið fyrir okkur að fara,“ sagði Ólafur.

„Það getur líka verið, að hún sé að spyrja okkur, hvaðan við komum og hvert við ætlum að fara,“ sagði Snorri brosandi.

Skúli lyfti nú hattinum sínum og hneigði sig mjög hæversklega fyrir stúlkunni og sagði um leið: „Við komum frá Íslandi og ætlum til *Río de Janeiro*.“ Og hann sagði þetta svo hátt, að aldráðs konan, sem altaf var að telja smá-peningana við skápinn, kiptist snögglega við og leit nú í fyrsta skiftið fram til okkar.

„*Río de Janeiro!*“ endurtók stúlkan, „*Río de Janeiro!*“ Og hún virtist yfirvega Skúla með enn meiri athygli en áður. Og altaf stóð hún í sömu sporum, rétt eins og fætur hennar væru límdir við gólfid.

„Ég hygg að okkur sé nú best að fara,“ sagði Ólafur. Og við fórum.

Við höfðum tekið eftir því, á meðan við vorum í búðinni, að gamli maðurinn hafði sagt: „*senorita*“, í hvert sinn, er hann ávarpaði stúlkuna; og þess vegna hugsuðum við þá, að hún hétu það, og kölluðum hana jafnan *Senoritu* eftir það, þegar við mintumst á hana. En löngu síðar

fékk ég að vita, að þetta er spanskt orð, sem þýðir *ungfrú*.

Síðar um kvöldið, þegar við vorum búnir að búa um okkur á þilfarinu á „Santa Fe“ og í þann veginn, að leggja okkur til svefns, gættum við að því, að maður í dökkri og síðri kápu gekk fram bryggjuna. Það var eins og hann væri að huga að einhverju, því hann skimaði í allar áttir og virtist yfirvega hvern kassa og hverja tunnu, sem á bryggjunni var, með nákvæmri eftirtekt. Hann ýtti jafnvel sumum kössunum ofurlítið til hliðar og laut ofan að þeim, eins og hann væri að huga að því, sem skrifað stóð á þeim. Hverju einasta skipi, sem þar lá við bryggjuna, veitti hann nákvæmar gætur, og hann gekk út á sum þeirra. Loksins kom hann þangað, sem „Santa Fe“ var, fór undir eins um borð og gekk þangað, sem við vorum að leggja okkur fyrir á milli koffortanna okkar. Þar staðnæmdist hann, laut áfram, eins og til að geta sem bezt séð okkur — því skuggsýnt var orðið — og horfði á okkur og farangur okkar fáein augnablik. Það var eins og hann hefði nú alt í einu fundið það, sem hann var að leita að, því hann rétti alt í einu úr sér, stakk hændunum í vasann á síðu kápunni, vatt sér rösklega við og gekk hvatlega upp bryggjuna, og hvarf bak við vöruhúsið, sem næst okkur var.

Við gátum ekki vel séð framan í manninn, af því að farið var að rökkva, en okkur sýndist hann vera allskuggalegur og eitthvað dularfult við hann; og okkur þótti það nokkuð kynlegt, að hann skyldi hvergi staðnæmast, nema hjá okkur, og fara svo rակleidis í burtu, eins og hann hefði verið að huga að okkur eingöngu.

„Hver heldur þú að þetta hafi verið, Óli frændi?“ sagði Skúli.

„Ég hygg að það hafi verið karlinn, sem við sáum í

búðinni hennar Seniorítu í kvöld — karlinn, sem afhenti okkur körfuna og matvælin," sagði Ólafur. Og fyrst hann sagði: „Ég hygg það hafi verið," þá var það áreiðanlegt.

„Og hvað skyldi hann hafa verið að fara, Óli frændi?“

„Ég hygg að hann hafi verið að huga að okkur," sagði Ólafur. Og það var vist áreiðanlegt, fyrst hann sagði: „Ég hygg“.

Morguninn eftir lagði „Santa Fé“ á stað með okkur áleiðis til Rió de Janeiro. Og eftir fáar klukkustundir vorum við á ný komnir norður í hitabeltið.

Nokkru eftir það, að skipið var farið frá Santos, tókum við eftir því, að Seniorita — stúlkan, sem við höfðum séð í búðinni kvöldið fyrir — sat á kistu frammi á þilfarinu og reykti ylmandi sigarettu í mestu makindum. Á kistunni hjá henni sat miðaldra kona, og hélt hún á afar stórum blævæng, sem hún breiddi út og bærdi til í hvert skifti, sem Seniorita blés tóbaksreyknum út úr sér. Það sáum við, að Seniorita tók strax eftir okkur og þekti okkur aftur. Hún hneigði höfuðið ofurlítið og brosti raunalega til Skúla, en starði nú ekki alltaf á hann, eins og í búðinni kvöldið fyrir.

---

### III.

Það var að morgni hins 28. nóvember, að við sigldum inn á höfnina í Rió de Janeiro. Höfn sú er álitin að vera ein hin fegursta og bezta, sem til er í öllum heimi; og svo stór er hún, að öll veraldarinnar hafskip gætu komist þar fyrir í einu og legið þar við akkeri. — Umhverfis höfnina — en kippkorn frá ströndinni — rísa hin einkennilegu

*Organ-fjöll* alþakin fagurgrænum jurtum og trjám hita-  
be' .ns. Sum þessara fjalla (eða hæða) eru sérlega ein-  
..nileg í lögun. Eitt þeirra er til að sjá eins og búkur  
á manni með kryppu upp úr bakinu, og er það fjall nefnt  
*Korkóvadó*, sem er portúgalskt orð, og þýðir: *kroppinbak-*  
.. það er fjögur hundrud og fimtíu fadmar á hæð. Ann-  
að fjalli þar til að sjá, eins og höfuð á svertingja; sýn-  
ast tren, sem vaza efst uppi á því, langt til að sjá, eins og  
ullin á höfði svertingja. Eitt fjall er þar alveg eins í  
lögun og „sykurtoppur;“ og mörg af fjöllunum minna  
mann á víggirðingar og herkastala.

Río de Janeiró er mikil borg, og einhver elzta borg-  
in í Sudur-Ameríku. Húsin eru þar flest annað hvort  
raud eða hvít, og af ýmsri stærð. Göturarnar eru ýmist  
mjög þröngar eða breiðar, beinar eða krókóttar og liggja  
upp og ofan smá-hóla og hædir. — Þeir *Manóel* og *Ves-*  
*pucci*, sem fyrstir allra hvíttra manna sigldu inn á höfn  
þessa, héldu, að þarna væri mynni einhverrar mikillar ár;  
og af því þeir sigldu þar inn þann fyrsta dag janúar-  
mánaðar (árið 1501), þá nefndu þeir fljótið (sem þeir  
hugðu að væri) „*Río de Janeiró*“ (þ. e.: Janúar-fljótið).  
Þess vegna heitir borgin því nafni.

Undir eins og skipið „*Santa Fe*“ var komið til Río  
de Janeiró, lét skipstjórinn flytja allan farangur okkar og  
annara farþegja upp á bryggju. Álitum við því skynsam-  
legast, að einn eða tveir af okkur yrðu eftir hjá koffort-  
unum okkar, til að gæta þeirra, meðan hinir færu inn í  
borgina til að leita að húsinu nr. 98 í Rúa dó Ouidór, þar  
sem Hans Jacobsen átti heima. Það varð svo útfallið, að  
Skúli varð eftir hjá koffortunum; og hétum við honum  
því statt og stöðugt, að vera komnir aftur á háleggi, hvort  
sem við findum Jacobsen eða ekki.

Við (Snorri, Ólafur og ég) fórum nú inni borgina og

sýndum mönnum bréfið, sem utanáskrift Jacobsens stóð á. Sumir vildu ekki lita á það; aðrir litu á það, og hristu svo höfuð sín og settu á sig alvörusvip; og enn aðrir bentu til norðurs, eða suðurs, eða vesturs og héldu sinn veg, en æfinlega í aðra átt en þá, er þeir bentu okkur að fara. Og eftir ótal götum fórum við fram og aftur, og réttum bréfið að ótal mönnum (og jafnvel sumum konum) af ýmsum stéttum og með ýmsum litum. Við ávörpuðum menn á þýzku, dönsku og jafnvel íslenzku og blending af öllum þeim málum. Við hneigðum okkur og beygðum fyrir munkum og lögregluþjónum og lyftum höttunum hæversklega fyrir hverri einustu kven-persónu, sem við héldum að væri af hærri stigum. Og að lokum urðu tveir munkar til þess, að sýna okkur húsið, sem við vorum að leita að; og sáum við þá, að við höfðum þegar gengið fram hjá því nokkrum sinnum, og að Rúa dó Ouvidór var langbreiddasta gatan, sem við höfðum enn farið eftir; enda er hún sjálft adalstrætið í Rió de Janeiró.

Húsið nr. 98 var stór verzlunarbúð; var þar seld álnavara af ýmsum tegundum og tilbúinn fatnaður. Við létum ekki bíða, að fara þar inn. Sáum við strax, að Jacobsen var þar ekki í sjálfri búðinni. Við reyndum til að gjöra búðarþjónunum það skiljanlegt, að við þyrftum nauðsýnlega að finna hann. En enginn þeirra skildi þýzku né dönsku og því síður íslenzku. Þeir könnuðust að sönnu við nafnið, og sögðu okkur eitthvað um Jacobsen, en við gátum ekki skilið, hvað það var. Samt skildist Snofra, að þeir segja, að Jacobsen hefði farið eitthvað burtu, en kæmi bráðum heim aftur.

Við héldum nú til baka ofan á bryggjuna, og komum þangað stuttu fyrir hádegið. „Santa Fe“ lá þar enn og öll hin skipin, sem þar höfðu verið um morguninn; og



koffortin okkar voru þar í sama stað, og eins matarkarfan, en — Skúli var horfinn.

Í fyrstu héldum við, að hann hefði farið um borð á „Santa Fe“, og leitum þvi að honum þar, en hann sást þar hvergi. Okkur datt þá í hug, að hann hefði brugðið sér sem snöggvast eitthvað frá, ef til vill til að huga að okkur, og að hann kæmi aftur eftir örfáar mínútur. En svo liðu margar mínútur að ekki kom hann. Og mínúturnar urðu að klukkutíma, en hann kom ekki að heldur. Við horfðum nú undir bryggjuna, því sked gat — þó það væri næsta ólíklegt — að hann hefði dottið þar útaf. En ekki sást hann þar. Klukkan varð tvö. Við leitum að honum á hverju einasta skipi, sem lá þar við bryggjuna; við gengum í kring um næstu vöruhúsin, og út á nærliggjandi bryggjur, og horfðum inn í hvern afkima, sem við sáum. En Skúli sást þar hvergi, hvorki lífs né liðinn.

Hvernig stóð á hvarfi Skúla? Það var spurning, sem við lögðum hver fyrir annan aftur og aftur. En þeirri spurningu var okkur ómögulegt að svara. Það var ólíklegt, að hann hefði dottið útaf bryggjunni og druknað; það var ólíklegt, að hann hefði yfirgefið koffortin og farið að leita að okkur, áður en sá tími var útrunninn, sem við höfðum tiltekið að vera komnir aftur; það var ólíklegt, að á hann hefði verið ráðist og hann verið fluttur í burtu á móti vilja sínum, þar sem svo margir voru við vinnu á bryggjunni, og menn á skipunum, sem voru þar alt í kring; og það var líka mjög ólíklegt, að hann hefði farið viljugur með ókunnugum mönnum inn í borgina. Í stuttu máli: við gátum ekki getið neins til um þetta skyndilega hvarf Skúla, nema það, sem í alla stadi var sérlega ólíklegt. En um það vorum við alveg vissir, að Skúli hefði ekki að ástæðulausu, eða að gamni sínu, yfirgefið koffortin,

og ef hann væri enn á lífi, væri eitthvað, sem hindraði hann frá að koma.

Í kringum klukkan þrjú lögðum við aftur á stað inni borgina, í þeim tilgangi, að leita að Skúla; — það var svo sem sjálfsagt, að við yrðum að leita, þangað til að við findum hann, annaðhvort lífs eða liðinn, þó það tæki okkur alla ævi. Við fórum næ eftir flestum þeim götum, sem við höfðum farið um morgunina; en oftast fórum við þó eftir Rúa dó Ouvidó, og komum af og til inn í búðina nr. 98, til að vita, hvort við ekki sæum Jacobsen. En hann var þar ekki.

Nokkru eftir klukkan fimm um daginn, komum við á all-breitt stræti, sem við höfðum ekki áður farið eftir. Þegar við höfðum farið etir því um hrið, nam Ólafur alt í einu staðar og sagði:

„Bíðið við, piltar; ég hygg það sé hann Skúli, sem þarna fer.“ Og Ólafur benti suður á götuna.

Við Snorri námum nú líka staðar og horfðum í þá áttina, sem Ólafur benti, og sáum við, að skrautleg kerra, sem tveir hvítir gæðingar gengu fyrir, kom með brunandi ferð sunnan götuna; og okkur til mikils fagnadar og undrunar sáum við, að Skúli — eða maður mjög líkur honum — sat í fremra sætinu við hliðina á ökumanninum, sem var fremur roskinn. Var Skúli að sjá undur ánægjulegur og brosleitur, alveg eins og hann væri nýorðinn borgarstjóri í Ríó de Janeiró. En í aftara sætinu sat stór og höfðinglegur maður með mikið hár og all-mikið vangaskegg; við hlið hans sat lítill maður gráhærður.

Þó við, fyrir glöggskyggni Ólafs, kæmum auga á Skúla, þá gætti hann ekki að okkur; enda leit ekki út fyrir, þá í svipinn, að hann væri að huga að fólkinu á gangstéttinni, og svo var kerran líka fljót að fara fram

hjá okkur; á einni svipstundu var hún búin að beygja fyrir næsta götuhornið fyrir norðan okkur og komin inn á breiða götu, sem lá niður að sjónum, og um leið var hún horfin.

„Nú — var þetta áreiðanlega hann Skúli?“ sagði Snorri, þegar kerran beygði fyrir götuhornið.

„Ég hygg það hafi verið hann, sem sat hjá mannum í fremra sætinu,“ sagði Ólafur. Og það var áreiðanlegt fyrst hann hugði að það væri.

„Gat okkur ekki hafa missýnzt?“ sagði Snorri.

„Þetta var hann og enginn annar,“ sagði Ólafur. Og við þurftum ekki framar að efa það, fyrst hann *fullyr*ti það — því það bar mjög sjaldan við, að Ólafur *fullyr*ti nokkuð; hann var alt of varkár til þess.

„Nú — hann ekur um borgina í konunglegri kerru,“ sagði Snorri; „ég hef, svei mér, engan botn í þessu! En við verðum að elta kerruna, hvað sem það kostar.“

Og um leið tók Snorri snögt viðbragð og hljóp á stað í áttina eftir kerrunni, og við Ólafur á eftir honum. Við hlupum eins og fætur togudu — Snorri á undan og við Ólafur spölkorn á eftir. Við stukkum og hentumst áfram yfir alt, sem fyrir varð, rétt eins og öll óargadýr og allir höggormar í Brazíliu væru á hælunum á okkur.

Hingað til hafði enginn í Rió de Janeiró gefið okkur hinn minsta gaum, eða reynt á nokkurn hátt að hindra ferð okkar, þrátt fyrir það, þó við værum nokkuð framgjarnir og hnýsnir og litum inn í hvern afkima og skúmaskot, sem á leið okkar var. Er nú, þegar borgarbúar sáu okkur fara á harðasta hlaupi um fjölförnustu göturnar, fóru þeir að veita okkur talsverða eftirtekt og þykja við fara all-geyst, ekki sízt, þegar aldinasalar og burðarkarlar fóru að hlaupa úr vegi fyrir okkur, eins og til að forða sér frá bráðum bana. Og áður en

við vorum komnir hundrad fadma, vorum við stöðvaðir af þrem gildvöxnum lögregluþjónum. Einn þeirra tók í aðra öxlina á Snorra og sagði eitthvað í ógurlega byrstum rómi.

„Við erum Íslendingar, nýkomnir til borgarinnar, en erum að leita að samferðamanni okkar, sem við mistum af í morgun,“ sagði Snorri á þýzku og dönsku.

En lögregluþjónninn tók þá enn fastara í öxlina á Snorra og varð enn byrstari en fyrr.

„Ég hygg að það sakaði ekki, þó þú sýndir honum utanáskriftina hans Jacobsens,“ sagði Ólafur og blés af mæði.

Snorri var ekki seinn á sér að taka upp bréfið, sem utanáskrift Jacobsens stóð á, og rétta það að lögregluþjónum. En lögregluþjónninn fékk honum það undir eins aftur, og tók nú enn óþyrmilegar en áður í öxlina á honum og vildi leiða hann á stað í aðra átt en þá, sem við vildum fara. Og hinir lögregluþjónarnir tóku líkum tókum á okkur Ólafi. Okkur duldast ekki, að við vorum nú komnir í höndurnar á lögreglunni í Rió de Janciró, þó við á hinn bóginn hefðum ekki minstu hugmynd um, hvað við hefðum til saks. Því okkur gat ekki dottið til hugar, að það væri á þessum stöðum, að hlaupa um farinn veg.

Við hefðum sjálfsgagt nauðugir orðin að fara með lögregluþjónum, hefði Ólafur ekki alt í einu fundið upp ráð, sem losaði okkur úr þessum vandræðum. Hann vissi, að peningar mega sín jafnan mikils, hvar sem er í heiminum, og hugsaði því, að skeð gæti að lögregluþjónarnir sleptu okkur, ef hann rétti sinn silfurpeninginn að hverjum þeirra. Hann tók því þrjá dali úr vasa sínum — það voru allir þeir peningar, sem hann átti — og rétti þá að lögregluþjónum. Á sama augnabliki sleptu þeir allir tókum á okkur, litu skjótlega í kring um sig til að vita,

hvort nokkur væri að horfa á þá; síðan tóku þeir við dölunum, stungu þeim skyndilega í vasa sína, grettu sig ofurlítið og kinkudu kollunum, eins og þeir vildu segja: „Við skiljum hvorir aðra, og við skulum þegja.“ Og síðan fóru þeir sína leið; en við héldum áfram og fórum á harðasta hlaupi niður að bryggjunni, þar sem koffortin okkar voru. Skúli var nú kominn Hann stóð þar hjá koffortunum og tveir menn hjá honum, en ökumaðurinn beið með kerruna uppi við strætið.

„Sælir nú!“ sagði Skúli, þegar við áttum eftir eina tíu fadma til hans; og hann sagði það svo hátt, að það tókundir í öllum stórbyggingunum í kring; „sælir nú! Þar komið þið loksins.“ Það var eins og hann hefði altaf verið að bíða eftir okkur og ekkert farið burtu.

„Hvar hefir þú verið allan þenna tíma?“ sagði Ólafur.

„Það má drottinn vita, hvar ég hef verið,“ sagði Skúli; „en hér kem ég með mann, sem talar annaðhvort dönsku eða norsku. — Talaðu við hann, Snorri. Þetta er hann.“ Og Skúli benti á stóra og höfðinglega manninn með mikla hárið og vangaskeggið.

„Skiljið þið norsku?“ sagði stóri maðurinn höfðinglegi; og hann sagði það á norsku.

„Ég skil ofurlítið í norsku,“ sagði Snorri. Og við tókum allir ofan, eins og við höfðum gjört á Íslandi, þegar við heilsuðum kaupmönnum, prestum og sýslumönnum.

„Ég heiti Rasmus Jason og er Norðmaður,“ sagði tígulegi maðurinn; „þessi maður, sem hjá okkur stendur, hann Don Gonsalvo López, hefir bedið mig að að grennslast eftir högum ykkar og kringumstæðum. Hann vildi helst geta fengið þennan stóra unga mann í þjónustu sína, ef hann er ekki þegar ráðinn annarstaðar.“ Og herra Jason leit um leið til Skúla.

Snorri sagði Norðmanninum í fám orðum, að við vær-

um Íslendingar, værum rétt nýkomnir til Brazíliu, og vildum ekki ráða okkur í vinnu eða vista okkur, fyrr en við værum búnir að finna herra Jacobsen; hann gat þess líka, að við hefðum þegar komið í nr. 98 í Rúa dó Ouvidór, þar sem Jacobsen ætti heima, en hann hefði ekki verið þar sjáanlegur, og að við hefðum ekki skilið það, sem búðarþjónarnir hefðu verið að segja honum viðvíkjandi.

Herra Jason sagði nú Don Gonsalvó orð Snorra, og var auðséð að honum (Don Gonsalvó) líkaði það miður, að Skúli skyldi ekki mega ráðast til hans undir eins; en samt kvaðst hann vilja bíða þar til við værum búnir að finna Jacobsen.

Herra Jason var svo góður að fara með okkur til nr. 98 í Rúa dó Ouvidór. Hann spurði þjónana um Jacobsen, og fékk að vita, að hann (Jacobsen) væri ekkert við verzlun þessa ridinn, en að hann ætti þó heima í byggingunni nr. 98 að því leyti, að hann leigði þar svefnherbergi á þriðja lofti. Sögðu þjónarnir að hann væri jafnan að finna á skrifstofu félags nokkurs, sem þeir nefndu og Jason kannaðist við.

Ekki yfirgaf herra Jason okkur fyrr en við vorum búnir að finna Jacobsen, en það varð ekki fyrr en um klukkan níu um kvöldið. En áður en Jason kvaddi okkur, bað hann okkur að heimsækja sig einhvern tíma. Hann átti heima í dálitlu þorpi hátt uppi í fjallinu fyrir vestan borgina. Hann sagði að loftslagið væri þar mikið svalara og hollara en í Ríó de Janeiró og útsýnið yndislegt. Við þökkudum honum fyrir boðið og hétum því að heimsækja hann einhvern tíma; en það varð þó aldrei neitt af því. Og aldrei fengum við að vita, hvers stands maður hann var — en kaupmaður var hann ekki. Ég sé aldrei svo mynd af norska skáldinu Björnstjerne Björnson, að mér ekki detti Rasmus Jason í hug.

Ég má ekki gleyma að geta þess, að Hans Jacobsen tók okkur eins og við værum allir bræður hans; en þó fagnaði hann Snorra mest, sem edlilegt var, því þeir höfðu verið hinir innilegustu vinir, meðan þeir voru saman á Íslandi. Hann kom okkur í gott gistihús um kvöldið og hélt okkur þar veizlu, lét flytja farangur okkar þangað á sinn eigin kostnað, og kostaði sjálfur fæðið og húsnæðið fyrir okkur í heila viku. Og þegar vikan var ladin, var hann búinn að útvega okkur atvinnu á búgarði, sem var um fimtíu mílur enskar suðvestur frá borginni.

Daginn eftir að við komum til Rió de Janeiró, fann Don Gonsalvó okkur á ný og sótti það mjög fast, að Skúli réðist til sín sem vinnumaður á búgarði, sem hann átti fyrir vestan borgina. En af því Jacobsen vissi engin deili á þessum manni, og með því líka, að Ólafur vildi að Skúli væri með sér sem allra lengst, þá fór Don Gonsalvó López svo-búinn heim aftur. En það var auðséð á honum, að hann var þeim Jacobsen og Ólafi sárreiður.

---

#### IV.

En nú er að segja frá því, hvernig á því stóð, að Skúli yfirgaf koffortin. Hann sagði okkur frá því oft og mörgum sinnum; — hann hafði sérlegt yndi af að segja þá sögu — var jafnvel dálítið hreykinn af því, að hafast ratað í þetta ævintýri.

Og sagan var í fáum orðum þannig:

Það var hér um bil tveim klukkutímum eftir að við vorum farnir inni borgina, að roskinn maður með svipu í annarri hendinni gekk ofan bryggjuna; hann nam staðar hjá

Skúla og benti honum að koma með sér. Skúli vildi í fyrstu ekki hreyfa sig af koffortinu, sem hann sat á, þrátt fyrir það þó maðurinn klappaði við og við á herðar honum og væri ákafur með að fá hann til að koma með sér. En alt í einu gætti Skúli að því, að kerra, með tveim hestum fyrir, beið þar uppi við götuna, og sá hann að tvær konur sátu í aftara sætinu, og sýndist honum önnur konan vera að gefa honum bending um að koma. Hann hugsaði þá með sér, að það mundi lítið saka, þó hann gengi þangað með manningum. En þegar hann kom að kerrunni, kannadist hann undir eins við konurnar, því þær voru engar aðrar en þær Seniorita og konan, sem með henni var á „Santa Fe.“ Skúli lyfti nú hattinum og hneigði sig. Seniorita brosti blíðlega og raunalega til hans og gaf honum bending um að setjast upp í kerruna; og honum skildist að hún segja, að hún *vildi* flytja hann rակeidið til Jacobsens. „Ég gæti næstum lagt eidi út á það, að hún nefndi *Jacobson*“, sagði Skúli. — Aldrei gat hann gjört sjálfum sér, né neinum öðrum grein fyrir því, af hverju hann hlýddi bending Senioritu og settist uppi kerruna við hliðina á ökumanninum. En hann settist þar þrátt fyrir alt. „Svei mér ef ég var ekki kominn upp í kerruna áður en ég vissi nokkuð af því,“ sagði Skúli.

Og kerran þaut á stað inni borgina, þaut óðfluga eftir ótal götum, breiðum og þröngum, upp eina brekkuna og ofan aðra, fór fram hjá ótölulegum grúa af húsum, smáum og stórum, raudum og hvítum, með ýmsri lögun, og beygði fyrir hvert götuhornið á fætur öðru. Og Skúla leið undur vel við hliðina á ökumanninum, og hann var ekkert að brjóta heilann um það, hvað hann annars væri að fara — hann fann bara að þetta var undur skemtilegt ferðalag, og það fór makalaust vel um hann; kerran var svo skrautleg og rann svo liðugt og mjúklega; sætið var



svo þægilegt, hestarnir eldfjörugir, svo margt nýstárlegt sem bar fyrir augað, og — svo sat hún Seniorita líka í sætinu rétt fyrir aftan hann. Það var því bara undur edlilegt, að hann kynni strax við sig í kerrunni þeirri. Reyndar þótti honum það heldur lakara, að „Óli frændi“ gat ekki verið með honum á þessu ferðalagi til þess að segja honum, hvað *þetta var og til hvers hitt var*, sem altaf var að bera fyrir augu hans.

Að lokum nam kerran staðar fyrir framan mikið og vel vandað hús, sem stóð á sunnanverðum hól fyrir vestan borgina. Í kringum húsið voru nokkur há pálmatré og fagrir blómstur-reitir. Skúla var vísað inn í skrautlega stofu. Þar voru margir dýrir og prýðilegir húsmunir. (Skúli hafði glögt auga og gætti að hlutunum). Borð voru þar úr hvítum marmara og á þau var raðað ýmsum dýrmætum og fallegum kjörgripum, og á sumum (bordunum) stóðu líkneski, öll úr marmara. Það þótti Skúla meistaraverk. Á veggjunum hingu stórar litmyndir í logagiltum umgjörðum. „Alt voru það myndir af kóngum og drottningum,“ sagði Skúli (en Ólafur gat þess til, að það hefðu alt verið myndir af dýrðlingum). Og á gólfinu voru þykkir rósóttir dúkar og nokkrir dýrafeldir. Ekki vissi Skúli af hvaða dýrum þeir feldir voru, en hann hefði haft mikið gaman af að vita það. Hann vissi ekki hvort hann mátti stíga á þessa feldi, og steig þess vegna aldrei á þá. „Aldrei er of varlega farið,“ sagði Skúli. Gluggatjöldin voru öll úr silki, eða litu út fyrir að vera það að minsta kosti, og fortjald hékk fyrir innri dýrum stofunnar. Þar voru margir mjúkir hægindastólar og þrír legubekkir klæddir grænu flaueli. Skúli settist í einn legubekkir.n. Honum fannst hann setjast á dúnsæng. Hann hafði aldrei áður setið í svo *Áyru* sæti — það var nærri því of mjúkt fyrir hann. Og aldrei hafði hann áður komið inn í svo

dýrðlegan sal, né séð svo mikla „prakt“. Það var alveg eins og í álfa- og ævintýrasögnum, sem hann hafði heyrt, þegar hann var drengur. (Hann gat ekki líkt því við neitt í „Þúsund og einni nótt“, því hann hafði ekki lesið þær sögur. Það mun jafnvel ekki hafa verið búð að þýða þær á íslenzku um það leyti). Hann fór ekkert að brjóta heilann um það, af hverju hann væri kominn í þenna undrasal, eða hvað hann ætti að gjöra þar. Hann vissi bara, að honum hafði verið vísað þangað inn; en hvernig í ósköpunum að hann fór að skilja það, að hann ætti að fara þangað inn og setjast á dýrasta legubekkinn, það vissi hann ekki. — Og honum fanst það fara sérlega vel um sig á legubekknunum, og hann kunni ágætlega við sig í þessu dýrðlega heimkynni. Hann var innilega gladdur yfir því, að vera kominn til Brazíliu. Það var svo ekkert undarlegt við það, fanst honum, þó heimkynni manna væru skrautleg og vel vönduð í öðru eins allsnægta-landi.

Það var Senioríta, sem hafði vísað Skúla inni stofuna. Hún var fljót að taka af sér hattinn og ferðakápana og hanzkana; og svo settist hún á stól gagnvart Skúla og virti hann fyrir sér nokkra stund. „Nei, hún reykti nú engan ylmandi, vindling,“ sagði Skúli. — Svo fór fólk að streyma inni stofuna, (alveg eins og sagt er í álfasögnum): Fyrst kom öldruð kona há og tíguleg, sem kyssti Seniorítu heitt og innilega; þar næst kom aldradur maður lítill vexti og gulur í andliti, hann kyssti Seniorítu, en hvorki heitt né innilega; á eftir honum komu tvær ungar stúlkur, sem föðmuðu Seniorítu lengi og kystu hana marga stutta, snögga kossa; á eftir þeim kom miðaldra kona, sem leit út fyrir að vera vinnukona, og unglings piltur með henni — pilturinn hneigði sig fyrir Seniorítu og konan kyssti hana. Þar næst kom inn kon-

an, sem verið hafði með Senioritu á leiðinni frá Santos; allir heilsuðu henni með miklum fögnuði og blíðleik. Og seinast gekk kona inni stofuna, kona, sem var alt öðruvísi ásýndum en hitt fólk. Hún var framúrskarandi holdug og há vexti og — andlitð var kolsvart. En þrátt fyrir það sýndist Skúla, að hún vera sérlega góðleg. Svertingjakona þessi nam staðar strax og hún var komin inn fyrir dyrnar. Seniorita stóð þá upp, gekk til hennar, kyssti hana innilega og klappaði henni mjúklega á vangann. Og svertingjakonan bar hægri hönd Senioritu upp að vörum sér og kyssti hana (höndina) marga kossa. Og Skúli sá, að þessi stóra, góðlega, svarta kona brosti — brosti svo að skein í tennurnar. Það þótti honum merkilegt, að svo 'kolsvört kona skyldi hafa svo mjallahvítar tennur.

Og alt þetta fólk hneigði sig fyrir Skúla, og svo settist það hringinn í kring um hann og horfði á hann fast og lengi, eins og hann væri meistaralega úthöggvin myndastytta, sem því lék þugur á að kaupa. Og Seniorita talaði viðstöðulaust á meðan alt þetta fólk var að yfirvega Skúla; og því lengur sem hún talaði, því nákvæmar virtist það yfirvega hann. Það var eins og hún væri að segja fólkinu frá því, að hann hefði unnið eitthvert dæmafátt hreystiverk — hefði bjargað lífi hennar — hefði leyst hana úr skelfilegustu ánaud. Og altaf á meðan sat Skúli ofboð rólegur á legubekknunum og fanst það fara óumræðilega vel um sig. Alt í einu stóð litli maðurinn upp — litli maðurinn með gula andlit. Hann gekk að einu marmara-borðinu, tók upp blað og blýant, skrifaði nokkrar línur, braut svo blaðið saman og fékk piltinum. Og pilturinn hneigði sig djúpt og fór út um dyr, sem Skúli hafði ekki komið auga á áður. Seniorita virtist nú verða mjög glöð og leit brosandli framan í Skúla. Það var eins og hún hefði unnið stór-

kostlegan sigur. Að minsta kosti þóttist Skúli lesa það í dökku, dreymandi augunum hennar.

Svo talaði elzta konan eitthvað í þýðum rómi og leit um leið fram að dyrunum. Svertingjakonan stóð undir eins upp (hún sat fram við dyrnar) og fór út úr stofunni. „Og spikið reri utan á henni,“ sagði Skúli. Að vörmu spori kom hún aftur með stóra körfu, sem var skreytt mörgum litfögrum blómum. (Ólafur gat þess til, að það hefðu verið tilbúið skraut, en ekki ný-uppslitin blóm, eins og Skúli hélt að væri). Upp úr körfunni tók hún fyrst nokkra hvíta pentudúka úr silki (Skúli sagði, að það hefðu verið vasa-klútar), og fékk hún sérhverjum einn dúk, og hver breiddi sinn dúk á hné sér. Og Skúli gjörði eins, þó hann hefði ekki hina allra minstu hugmynd um, hvað þessi dúkur ætti að gjöra á hnjánum á honum. En hann fór ekkert að brjóta heilann um það. „Sinn er síður í landi hverju,“ hugsaði hann með sér. Þar næst tók svarta konan upp úr körfunni fáeina fallega diska úr postulíni; þeir voru ekki víðir um sig, en þeir voru djúpir. Hún rétti hverjum sinn disk og lítinn silfurhnif með. Skúla þótti þessi síður nokkuð skringilegur. Hann hafði ekki átt því að venjast á Íslandi, að breiddir væru dúkar á hné manna og mönnum svo réttir tómir diskar og litlir bitlausir silfurhnifar. En alt í einu tók svarta konan nokkur aldini upp úr körfunni og lagði tvö á hvern disk. „Þessi aldini voru eins og glóandi gullið á litinn,“ sagði Skúli. (Ólafur gat þess til, að það hefðu verið apelsínur). En hvernig í dauðanum átti maður að beita bitlausum hnif við þessi aldini? hugsaði Skúli. Þau virtust hafa þykkan og seigan börk, þessi aldini. Honum fanst það mundi vera lang-hægast og umfangs minnst, að bita þau bara úr hnefa sínum. Hann tók nú annað aldinið, sem á diskum hans var, og handlék hnifinn litla stund. Hann vissi hreint ekki, hvernig hann

ætti að fara að því að vinna á aldinu með því að beita hnífnum eingöngu. En svo tók hann alt í einu eftir því, að alt hitt fólkið risti börkinn af aldinunum sínum með silfurhnífnum og klauf þau síðan í marga parta. Skúli var ekki lengi að læra þessa aðferð. Hann vann því á apelsínunum á svipstundu og át þær samkvæmt listarinnar-reglum, rétt eins og hann væri fæddur og uppallinn í aldingarði.

Og svo þegar svarta konan var búin að taka aftur við diskunum og pentudúkunum og apelsínu-berkinum og farin út með það, þá settist Senorita að orgeli eða píanói (Skúli vissi ekki hvort var) og spilaði nokkur lög og valza — framúrskarandi angurblið lög og framúrskarandi fjöruga valza. Skúla var aldrei neitt gefið um angurblið lög, en hann hafði yndi af að hlýða á fjörugan hljóðfæraslátt. Þess vegna leiddist Skúla hálfpartinn á meðan Senorita spilaði angurbliðu lögin, en tókst allur á loft, þegar hún sló sér niður á fjöruga valza og gallopadi og polka. — Ef til vill hefir Senorita verið að taia við Skúla á máli söngsins, hefir ef til vill verið að segja honum frá hinum instu og helgustu hjartans tilfinningum sínum — en aumingja Skúla var ofvaxið að skilja það mál; hann þekti ekki einusinni tónstigann.

Alt í einu opnuðust framdyr stofunnar og inn kom maður hár og herðabreiður með sitt hár og allmikið vanga-skegg; og með honum kom pilturinn, sem farið hafði út með midann, sem litli maðurinn með gula andlitid hafði skrifað. Nú hætti Senorita að spila á hljóðfærið, og allir risu á fætur (allir nema Skúli) og hneigðu sig fyrir komumanni. Litli maðurinn með gula andlitid talaði nokkra stund við hann og benti við og við á Skúla. Hingað til hafði Skúli setið ofboð rólegur og þótt það fara vel um sig, og hafði altaf búist við því sem sjálfsögðu (eftir því sem hann sjálfur sagði), að við félagar hans kænum

þangað á hverri stundu. En þegar hann nú sá, að litli maðurinn var að benda gestinum á hann, var eins og hann (Skúli) vaknaði af draumi. Hann stóð nú upp, hneigði sig fyrir Senioritu og sagði á hreinni íslenzku: „Hvar eru Íslandsmenn, maddama góð?“ Seniorita sagði eitthvað, sem Skúli náttúrlega ekki skildi. Hann hneigði sig þá á ný og sagði á íslenzku (því hann kunni ekkert annað mál): „Ég fer þá. — Verið þið sæl!“ Hann tók hattinn sinn og ætlaði út. En þá gekk ókunnugi maðurinn til hans og ávarpaði hann á norsku eða dönsku. „Ég man svo glögt að hann sagði: *Er du norsk? Er du dansk?*“ sagði Skúli. Hann gat látið þennan mann skilja, að hann væri Íslendingur, að hann kynni ekkert mál annað en íslenzku, en að einn samferðamanna sinna gæti talað óteljandi tungumál. „*Komer du og taler du við monsér Snorra,*“ sagðist hann hafa sagt. Honum heyrðist þessi maður segja, að hann væri norskur og hétu *Ja-so...* (En hann var enginn annar en Norðmaðurinn Rasmus Jason, sem áður hefir verið um getið).

Norðmaðurinn og litli maðurinn með gula andlitið fóru nú aftur að tala saman, og Seniorita skaut orði inni með köflum og eins gamla konan; en um hvað þau voru að tala var Skúla ómögulegt að vita. Loksins tók litli maðurinn hatt sinn, og Norðmaðurinn lét Skúla skilja það, að þeir ætluðu að fara með honum niður á bryggjuna. Skúli hneigði sig þá fyrir konunum og konurnar hneigðu sig fyrir honum, og Seniorita leit brosandandi til hans, eins og hún vildi segja: „Við sjáumst aftur.“ Síðan gengu þeir út. Kerran beið þar úti á veginum, og öku- maðurinn sat á vagnstjórasetinu og hélt í taumana á hestnum. Þeir fóru svo upp í kerruna og héldu á stað austur í borgina og námu ekki staðar fyrr en þeir komu niður að bryggjunni, þar sem koffortin okkar voru. Skúli sá

undir eins að við vorum þar ekki fyrir, og þótti honum það næsta kynlegt — við sem höfðum lofað því statt og stöðugt, að vera komnir aftur á hádegi; honum gat ekki dottið það í hug, að við hefðum komið á tiltekinni stund og lagt svo aftur á stað til að leita að honum. Hann gat látið Norðmanninn skilja það, að við værum að leita að dönskum manni, sem hétí Jacobsen.

Svo fóru þeir (Norðmaðurinn, litli maðurinn og Skúli) ofan úr kerrunni og gengu þangað, sem koffortin okkar voru; en ökumaðurinn beidd með kerruna uppi við strætið. Þeir biðu hjá koffortunum æði-stund, og litli maðurinn skoðaði þau í krók og kring — þau voru eitthvað svo makalaust einkennileg í hans augum. En svo fór litla manningnum að leiddast að bíða; og hann var í þann veginn að leggja á stað til kerrunnar, þegar Skúli sá okkur koma og kallaði: „Sælir nú!“

Skúli hefði vafalaust sezt á ný upp í kerruna og ekið aftur til baka með Norðmanninum og litla öldungnum, hefðum við ekki komið í tæka tíð til að afstýra því. „Ég hefði lagt á stað með þeim til að leita að ykkur,“ sagði Skúli.

Þannig er ævintýri það, sem Skúli rataði í fyrsta daginn, sem hann var í Ríó de Janeiró. En hann átti eftir að rata í ótal-mörg önnur ævintýri svipuð þessu. Og ævi hans, eftir að hann kom til Brazíliu, var frá upphafi til enda eitt kynlegt og nærri því ótrúlegt ævintýri. —

Það voru þeir Jacobsen og Ólafur, sem komu í veg fyrir það, að Skúli réðist strax sem vinnumaður til Don Gonsalvó López (svo hét litli maðurinn með gula andlitid); en sjálfur hefði Skúli fúslega farið til hans, ef hann hefði einn mátt ráða.

Við þóttumst vita, að það væri af völdum Senioritu, að Don Gonsalvó sótti það svo fast, að fá Skúla í þjónustu



sína. Gat það verið, að henni litist strax vel á Skúla — mann, sem hún vissi ekki hin minstu deili á? Gat það skéð, að hún væri svona fljót til að fá ást á ókunnugum útlending, sem ekki gat talað eitt einasta orð á hennar máli? Það var mjög ólíklegt. Eða var eitthvað annað á bak við það? Okkur fanst það líka undur ólíklegt.

En ungar konur í Suður-Ameríku — ungar konur af spönskum og portúgölskum uppruna — eru yfir höfuð mjög blóðríkar og gedstórar og ákaflega fljótar til ásta; — og ást þeirra er heit og áköf, og þær reyna sjaldan til að leyna henni eða bæla hana niður. En þær geta líka hatað, þegar ást þeirra er fyrirlitin, og það hatur er kalt og nístandi eins og dauðinn. — Reyndar vissum við ekkert um það fyrstu dagana, sem við vorum í Brazíliu, en við fengum síðar að vita það.

---

V.

Ég var orðinn tuttugu ára gamall; og ég var búinn að vera rúm tvö ár í Brazíliu. Mér hafði sjaldan líðið vel þessi tvö ár, en oft mjög illa. Mér þótti vinnan þung, hitinn illþolandi og flestir siðir og hættir fólksins mjög óviðfeldnir. Og svo bættist það ofan á allt þetta, að ég kvaldist af brennandi heimþrá. Lítið hafði ég grætt af peningum þessi tvö ár, en ég hafði komist töluvert niður í portúgölsku — gat talað daglega málið nokkurn veginn og var farinn til að lesa það nokkurn veginn líka — og það var mér meira virði en peningar. Snorri var einnig búinn að læra málið furðu vel — það er að segja: daglega málið — og hann gat nú sungið nokkur fjörug portúgölsk skop-



kvæði „eftir nótum.“ Ólafur var fjótur að nema bókmálið, en gekk mjög tregt að tala það. En Skúli hirti lítið um bókmálið. Hann sagði, að sér væri það alveg nóg, ef hann gæti skilið daglega málið og talað það. Enda skildi hann fjótt það, sem sagt var við hann á portúgölsku, og fjótur var hann til að svara fyrir sig; en hann talaði sjaldan óþjagaða setningu á því máli. Hann lét alt fjúka, rétt og afbakað, og marg-tvinnaði saman portúgölsku og íslenzku, þegar hann talaði við þarlenda menn. „Ég kæri mig kollóttan!“ sagði Skúli. Og það var eins og allir skildu hann og þætti vænt um hann.

Hingað til höfðum við allir unnið saman á stórum búgarði fyrir suðvestan Ríó de Janeiró, en nú voru vegir okkar skiftir. Snorri var búinn að fá ágæta atvinnu á aðalleikhúsi borgarinnar — ekki samt sem leikari, heldur sem vinnumaður; Ólafur var orðinn ökumaður á herragarði fyrir norðvestan borgina. Skúli var orðinn þjónn hjá ríku aðalsmanni í *Petrópolis*, sem er smábær uppi fjöllum skamt fyrir vestan Ríó de Janeiró; og ég var ráðinn sem vinnumaður hjá heldri manni, sem Castilhó hét, og bjó hann á óðals-eign sinni í dal nokkrum fáar mílur fyrir sunnan *Petrópolis*. Það var í Janúar-mánudi seint að við félagar skildum, og gjörðum við það með okkur, að finnst aftur allir hjá Jakobsen á næstkomandi jólum. Jacobsen hafði útvegað okkur þessar vistir; og reyndist hann okkur jafnan sem beztu bróðir, og vorum við ætíð velkomnir í herbergi hans.

Castilhó — maðurinn, sem ég var ráðinn hjá — hafði lofað því, að senda einhvern eftir mér. Og á tilteknum degi kom ungur svertingi frá honum til að sækja mig. Kom svertinginn með stóran múlasna, sem átti að bera farangur minn. Svertingi þessi var á að gizka átján ára gamall, ekki mjög hár vexti, en fallega limaður. Andlit

hans var nálega eins svart og kol, ennið lítið, kinnbeinin há, nefið flatt, varirnar þykkar og efri tanngarðurinn mikill, en tennurnar voru hvítar eins og mjöll, og augun, sem voru ákaflega stór, sýndust í fljótu bragði vera alveg hvít. Hann var í hvítum stuttbuxum og hvíttri skyrtu, sem leit út fyrir að hafa í fyrstu verið sniðin á ístrumann. Hvítan bardastóran hatt hafði hann á höfðinu; en berfættur var hann. Það var eins og hann væri altaf á harða hlaupum. Þó hann færi ekki nema fadmsiengd, þá hljóp hann og tók fæturna svo hátt upp, að það sást í iljarnar, sem voru hart nær eins hvítar og skyrtan, sem hann var í. Og í fyrstu hélt eg að hann hefði mjallhvíta ilskó á fótunum. Þegar hann hljóp, keyrði hann höfuðið aftur á milli herðanna og horfði beint uppi loftið, rétt eins og hann sæi einhvern undraverðan fyrirburð uppi hvirfilpunkti himinhvolfsins. En aldrei datt hann samt, hversu þeyst sem hann fór og hversu ósléttur sem vegurinn var. En þegar hann stóð kyrr, hengdi hann niður höfuðið, gaut augunum til hliðar og hallaði dálítið undir flatt, alveg eins og hann væri að hlusta — væri að bíða eftir skipan — og væri reidubúinn til að hlaupa á stað, upp á líf og dauða strax og kallið kæmi.

Með þessum einkennilega samferða-manni lagði eg á stað frá Rió de Janeiró snemma morguns. Þegar við vorum komnir vestur fyrir borgina, fórum við eftir þröngum stíg, sem lá í ótal krókum suður og upp fjöllin. Alt af varð útsýnið fegurra og loftið svalara, eftir því sem ofar dró. Og mér fanst ég alt í einu vera kominn í nýjan heim; svo ólíkt svalara og hreinna er loftslagið uppi á fjallabrúnunum fyrir vestan Rió de Janeiró við það sem það er þar niður við sjóinn. Við fórum upp margar brattar brekkur, sem allar voru skryddar fögrum skógar-runnum, margbreyttum blómum og græn-

um jurtum af óteljandi tegundum; en eftir því, sem ofar dró í fjöllin, breyttist jurtagróðurinn meir og meir og varð alt af einfaldari og smærri vexti.

Við rákum múlasnan á undan okkur. Hægt og þunglamalega þrammaði hann áfram eftir hinum þrönga og krókotta fjallvegi. En hversu hægt sem hann fór, virtist mér þó svertinginn vera alt af á harða hlaupi á eftir honum.

„Hvað heitirðu?“ sagði ég við þenna kolsvarta, fót-hvata ungling, þegar við vorum komnir spölkorn upp í fjöllin.

„Móses,“ sagði svertinginn og reiddi upp stóru svipuna, sem hann hélt á, en sem hann lét þó aldrei snerta múlasnann; „ég er hann Móses.“

„Ertu vinnumaður hjá herra Castilhó?“ sagði ég eftir nokkra þögn.

„Hann á mig,“ sagði Móses og bar fæturna til ótt og títt, eins og hann væri að hlaupa upp á líf og dauða.

„Á hann þig?“ sagði ég og rak upp stór augu; „þú — þú ert þó ekki sonur hans?“

„Nei; hann á mig bara,“ sagði Móses; „hann keypti mig og Nóa. — Herra Macedó de Cajó átti mig og Nóa áður. — Hann seldi alla sína svertingja, nema tvo drengi og eina stúlku; — hún er næstum hvít.“

Svo þögðum við nokkra stund.

„Hann seldi móður mína líka,“ sagði Móses. Og hann fór að reyna til að blístra.

„Hún fór fyrir geypi-verð!“ sagði Móses eftir nokkra þögn; og hann reyndi aftur til að blístra, en honum gekk það illa, af því hann var alltaf á harða hlaupum.

„Gamli Castilhó vildi út af lífinu kaupá hana,“ hélt hann áfram að segja, þegar hann var búinn að blístra litla stund. — „*Fimtiú!*“ sagði Castilhó. — Ég man þetta svo

glögt, því ég var orðinn svona stór. — *„Hundrað!“* sagði Palmeró, fanturinn; hann var digur eins og uxi. — *„Hundrað og fimtíu!“* sagði gamli Castilhó. *„Tvö hundruð!“* sagði þorparinn. — *„Tvö hundruð og fimtíu!“* æpti Castilhó; það var völlum á þeim gamla þá. — *„Þrjú hundruð!“* öskraði fanturinn; hann beit á jaxlan og froðufeldi. — *„Fjögur hundruð!“* grenjandi Castilhó; hann vissi að móðir mín gat unnið á við tvær hvítar konur. — *„Fimm hundruð!“* ýlfradi í Palmeró, illmenninu; hann vissi að móðir mín hafði stundum gengið fyrir plógi. — Gamli Castilhó hafði ekki meira á sér af gula málminum. — *„Fimm hundruð!“* kallaði uppboðshaldarinn; „býður nokkur betur?“ — Allir þögðu. — Móðir mín kreisti saman varirnar svo þær hvítuðu; hún hataði Palmeró. — *„Fysta—annað—þriðja!“* sagði uppboðshaldarinn; hann barði með tréhamri í botninn á tómri tunnu; *„seld á fimm hundruð!“*

„Fimm hundruð hvað?“ sagði ég.

„Fimm hundruð *peninga*,” sagði Móses.

Hann fór svo aftur að reyna til að blístra.

„Henni þótti skelfing vænt um mig,” sagði Móses eftir litla þögn; „kauptu drenginn minn líka!“ sagði hún við illmennin, og það hrukku tvær töiur úr treyjunni hennar nærri hálmálinu um leið.“

„En vildi hann ekki kaupa þig?“ sagði ég.

„Nei; — hann bara hló.“

Við fórum nú um hrið eftir gilbarmi, og var stigurinn þar mjög ógreiður. Alt í einu nam múlasninn staðar.

„Hér verðum við að standa við litla stund,” sagði Móses.

„Hvers vegna?“

„Múlasninn er lúinn,” sagði Móses.

Og ég gat eki annað en dáðst að því, hvað þessi ungi svertingi, sem að líkindum hafði sjaldan átt góðu atlati að

fagna, gat verið vorkunnsamur og nærgætinn við múlasnann.

„Hann getur fundið til eins og ég,“ sagði Móses; „hann er orðinn lúinn, auminginn.“

Og mér fanst kolsvarta andlitið hans ekki vera eins öviðfeldið og það var áður.

Við stóðum nú við dálitla stund á gilbarminum. Móses horfði um hrið út í bláinn og reyndi að blístra; hann var auðsjáanlega í djúpum hugsunum.

„Ég hef aldrei séð hana síðan,“ sagði hann svo alt í einu.

Svo tók hann upp litinn stein og kastaði honum niður í gilið og hlustaði. Eftir fácin augnablik heyrðist ofurlitið skvamp.

„Gaman væri að detta!“ sagði Móses. Hann glotti og leit til mín; og það kom undarlegur glampi í augu hans.

„Því væri það gaman?“ sagði ég.

„Manni líður vel úr því,“ sagði Móses. Hann kastaði öðrum steini ofan í gilið og hlustaði.

„Er herra Castilhó harður húsbóndi?“ sagði ég til þess að draga athygli Mósesar frá gilinu.

„Hann er harður, þegar hann er reiður við mig og Nóa, en góður, þegar hann er ekki reiður við okkur,“ sagði Móses; „það er hann Macedó de Cajó — illmennið, sem seldi hana móður mína — það er hann, sem er harður, það er hann, sem fer illa með svertingjann.“

Við héldum nú áfram, fórum upp efstu brekkuna og stefndum suðvestur yfir fjallið. Hvað loftið var hreint og svalt þarna uppi! Mér fanst ég vera aftur kominn heim til míns kæra gamla Íslands. Eftir nokkera stund vorum við komnir á vestari fjallsbrúnina. Útsýnið þaðan var eitt-hvert hið fegursta, sem ég hefi séð á ævi minni. Lítill, en fagur og blómlegur dalur blasti nú við mér. Að vestan

gnæfðu fjallahnjúkar við himinn — hnjúkar með allskonar lögun: sumir eins og kirkju-turnar, aðrir eins og herkastalar eða smá-borgir, og enn aðrir eins og myndastyttur af mönnum og dýrum. Á milli hnjúkanna voru skörðin djúp og þröng og alpakin trjám og jurtum, svo nálega hvergi sást í klett eða stein. Um eitt skarðið kom all-mikil á, suðvestan heiðina. Hún steypdi sér niður hliðina, gróf sig þar djúpt niður og myndaði háan foss, sem var langt til að sjá eins og kona í hvítum skróða; svo braust hún áfram straumhörð og hvitfyssandi eftir djúpu og þröngu gili niður í rennisléttan dalinn og beint yfir hann, beygði svo við þegar hún var næstum komin yfir að brekkunni hinum megin, fór um hríð norður með brekkunni að austan, beygði aftur við til vesturs og úti miðjan dalinn, og stefndi síðan til norðausturs; og úr því leið hún áfram lygn og spegilfögur unz dalinn þraut. Hliðarnar voru aflíðandi og skógi vaxnar. En beggja megin við ána, niðri í dalnum, voru rennsléttar, grösugar grundir, með litlum iðgrænum pálmaviðar-runnum hér og þar. Dalurinn var um sex enskar mílur á lengd og alt að því ein míla á breidd. Nokkur býli voru að austan verðu við ána, og stórhýsi eitt, sem líktist kastala, stóð hátt uppi í hliðinni rétt fyrir sunnan gilið og stutt frá fossinum.

„Þarna býr herra Castilhó,“ sagði Móses. Hann benti á stórt og einkennilegt hús, sem stóð neðst í brekkunni fyrir neðan okkur, rétt þar sem áin beygði fyrst til norðurs. Það var syðsta húsið í dalnum, beint á móti kastalanum.

„Og þarna býr hann Macedó de Cajó, illmennið,“ sagði Móses og benti á annað mikið hús, sem var um hálfu mílu norðar en hús Castilhós.

„Hvað heitir þessi dalur?“ sagði ég.

„Hann heitir *Pálmadalur*,“ sagði Móses; „áin heitir

*Fossá*, og fossinn þarna fyrir handan er kallaður *Huldufoss*. — Þar er gaman að vera. „*Detta—detta—detta!*“ segir fossinn.“

Við fórum nú niður hlíðina, og komum að húsi herra Castilhós stundu eftir hádegi.

Eins og áður er sagt, stóð hús herra Castilhós neðar lega í brekku og skamt frá ánni, þar sem hún beygði fyrst til norðurs. Það var allmikil bygging úr gráum steini, sem tekinn hafði verið úr gilinu fyrir vestan. Það var til að sjá eins og þrjú hús hefðu verið skeytt saman, og voru þrjár gaslar á því: einn vissi til norðurs, annar til suðurs og hinn þriðji til vesturs. Upp úr miðju húsinu, eða þar sem öll húsin voru skeytt saman, stóð dálitill turn og var pallur, með handriði á, alt í kringum hann. Það var eins og þessi turn hefði verið gjörður til þess, að halda öllum húsunum saman. Á hverjum gaffi hússins voru dyr, og var hver hurð járnrekin mjög og minti mann á vigis-hurðir á fornum köstulum. En á austurhlíðinni voru engar dyr, en í þess stað var þar gluggi við glugga, eins og á dómkirkju. Að utan var hús þetta mjög fornfálegt og sýndi, að það hafði staðið þarna neðan í brekkunni um langan aldur — ef til vill marga mannsaldra — og að margt misjafnt hafði á daga þess drifið. En það var líka auðséð, að það hafði ekki verið bygt á einum degi, fremur en Rómaborg; það hafði verið smátt og smátt bætt við það, og vestur-armur þess hafði síðast verið bygður. — Alt í kringum það var stór aldingarður. Voru þar aldirtré af ýmsum tegundum og margskonar berjaviðar-runnar og marglituð blóm. Aldinin glitruðu og glóðu í sólskininu, og greinar trjáanna svignuðu undan þunga ávaxtarins, eins og þær væru í þann veginn að brotna sundur. En pálmatrén þráðbein og tíguleg teygðu laufskrýdda glókollana hátt



upp yfir öll hin trén og mænda yfir dalinn. — Fyrir sunnan aldingarðinn var teigur þéttsettur kaffi-plöntum og kaffi-trjám, sem nú voru í blóma. En á grundinni niður með ánni, og eins uppi í brekkunni fyrir norðan, voru fáeinir múlasnar og nokkrir nautgripir á beit.

Þetta vor óðals-eign herra Castilhós. Hér hafði faðir hans búið á undan honum, og þeir afi og langafi föður hans höfðu líka búið þar allan sinn búskap.

Hera Castilhó var nokkurs-konar hreppstjóri, eða jafnvel sýslumaður, þar í dalnum, og það mátti heita að hann réði þar einn lögum og lofum. Hann hafði á yngri árum sínum verið hermaður, og var um tíma undirforingi í lífverði keisarans Dom Pedrós I. Og hann þóttist svo mikill af því, að hann gat helzt ekki um annað talað — var alaf að segja manni frá því, hvernig hann hefði mörgum sinnum bjargað lífi *vinar síns*, keisarans Dom Pedrós I.

Herra Castilhó var nú kominn á sjötugs aldur. Ekki var hann mjög hár vexti, en hann var ákaflega digur og feitur og hafði svo mikla ístru, að manni fanst það næstum yfrnáttúrlegt, að hann skyldi hafa krafta til að rokast með þá ógnar byrði framan á sér. En þrátt fyrir það var hann enn ern og ótrúlega kvikur og snar í öllum hreyfingum. Hann gekk alt af við stóran og kvistóttan eikar-staf, sem hann sagði að enskur konsúll hefði gefið sér, þegar hann var í lífverði keisarans; og hann gekk svo fattur, að manni sýndist hann alt af vera í þann veginn að detta aftur á bak. Andlitið var — eins og allur búkurinn — framúrskarandi feitt, en það var samt fremur karlmannlegt og ekki óviðfeldið. Á vöngunum og á efri-vörinni var silfurgrátt skegg mikið, en hakan var rökud. Og sköllóttur var hann. Það voru að eins tveir ofurlitlir hár-skúfar eftir á bak við eyrun, en hnakkinn



var alveg ber. Og alt af rann og bogaði svitinn af skallanum. Það var rétt eins og það væri ótæmandi svitalind efst uppi á hvirflinum á honum. Gamli Castilhó var vakandi og sofandi önnum kafinn við að þurka þenna mikla og sí-vota skalla sinn. Og til þess bar hann jafnan á sér marga stóra rauð-dropóttu og blá-dropóttu klúta. Það var æfinlega klótur í hverjum einatsa vasa, sem til var á fötum hans, og allir voru þeir til þess eingöngu, að þurka upp hinn óumræðilega svita-straum, sem altaf stöðugt flóði út yfir þenna makalauska skalla. „Úff! — Púff!“ sagði gamli Castilhó í hvert sinn, sem hann strauk skallan, og kinnar hans urðu ævinlega um leið eins og tveir blásturbelgir, og hinar afar-loðnu augnabryr hans sigu ofan á nefið, sem var lang fallegasti partur andlitsins að undanskildum augunum — þau voru tinnusvört, hvöss og fjörleg.

Castilhó hafði kvænzt, þegar hann var um fertugt, en kona hans var nú dáið fyrir nokkrum árum. Þau höfðu eignast fjögur eða fimm börn, en öll voru þau dáin, nema ein dóttir, Ísabella að nafni, og hún var nú á tvítugasta árinu. Hún var lág og gild, kringluleit og fremur fríð sýnum, með hrafnsvart hár mikið og til dökkk augu. Hún var alt af að lesa, og eingöngu á áldsögur og leikrit—helzt ástasögur. Og hver einasta saga og leikrit, sem hún las, hafði um tíma á eftir einhver einkennileg áhrif á hana og breytti framkomu hennar og hugsunarhætti að einhverju leyti, því hún tók sér jafnan dálítið snið af hverri sögu hetju, sem hún las um. Þegar hún, til dæmis, hafði lesið sögu af einhverri stórgeðja og þóttafullri drotningu, var hún um tíma á eftir mjög öng og jafnvel hrokafull við þá, sem hún áleit vera fyrir neðan sig í mannfélaginu; en læsi hún sögu um einhverja makalauska rausnar- og góðgerða-konu, var hún vis til —

um nokkra daga á eftir — að heimsækja alla þá, sem sjúkir voru og bágstaddir þar í dalnum, og færa þeim stórgjafir. Þannig var hegðun hennar og framkoma gagnvart öðrum í það og það skiftid einverðungu undir því komið, hvernig söguhetjan, sem hún hafði síðast lesið um, hafði hugsað og breytt.

Castilhó átti systur eina, sem Katrín hét; hún var ráðskona hjá honum. Hún var komin hátt á fimtugs aldur. Ekki var hún lík bróður-sínum að neinu leyti — það var ekki hinn allra minsti ættarsvipur með þeim. Hún var öllu hærri að vexti en hann, og eins grönn og mögur og langleit sem hann var digur og feitur og kringluleitur. Það var eins og hún væri altaf hálf-sofandi, því augnalokin, sem voru þrútin og með ótal bláum rákum, huldu altaf meira en til hálf hin stóru gráu augu hennar. Hún var fámælt og talaði lágt og seint, eins og hún væri að hvísla, og þegar hún fór um húsið, heyrðist ekkert til hennar — ekkert skóhljóð, ekkert skríkjáfur — hún virtist bara líða fram og aftur um húsið, eins og í fa; þögul og alvarleg. Hún hafði aldrei gifzt, og hafði altaf átt heima í þessu húsi; þar fæddist hún og þar ætlaði hún að deyja.

Það var Katrín — þessi lifandi beinagrind — sem fyrst talaði við mig í húsi Castilhós. Hún stóð í dyrunum á suður-enda hússins, þegar ég kom. Hún heilsaði mér hæversklega og sagði mig velkominn, og vísaði mér síðan inn í stóra en skrautlausa stofu.

„Þú gjörir svo vel að setja þig niður,“ sagði hún; „nei — ekki á þenna stól, heldur hinn. — Þetta er stóllinn hans bróður míns.“ Hún hélt að sér höndum og sagði þetta svo lágt, að ég naumast heyrði.

„Er herra Castilhó ekki heima?“ sagði ég.

„Jú, bróðir minn er heima,“ sagði hún; „hann kemur bráðum. Þú gjörir svo vel að biða hér, þangað til hann

kemur. En — gjörðu svo vel að koma ekki við líkneskið, sem stendur þarna á bordinu hjá þér — annar fóturinn er brotinn.“ Og hún næstum hvíslaði fjórum síðustu orðunum að mér, svo lágt talaði hún, rétt eins og það væri dálitið, sem allir mættu ekki vita, að annar fóturinn á líkneskinu væri brotinn.

Svo hneigði hún sig ofurlítið (en hvort það var fyrir mér eða líkneskinu, vissi ég ekki) og fór. Og mér sýndist hún líða út úr stofunni eins og skuggi, og hvergi koma við gólfid né hreyfa feturna minstu ögn.

Ég hafði ekki lengi séð þarna í stofunni, þegar framdyra-hurðina var lokað þó upp á líkan hátt, og sagt er að berserkirnir til torma hafi gjört, þegar þeir gengu inni konungahallir á jólanötu. Og inn gekk aldraður maður feitur og kófsveittur, í hvítum buxum og hvíttri treyju, með hvítan barðastóran hatt á höfði og stóran staf í hendi. — Þetta var Castilhó sjálfur.

„Úff — þúff!“ sagði hann og blés af mæði; „úff—þúff! Loftið logar! — Stefanó helgi! — Það logar, segi ég!“

„Sæll vertu!“ sagði ég.

„Nú—sæll vertu,“ sagði Castilhó hálf-önugur og kastaði sér niður í stólinn, sem Katrín hafði bannað mér að setjast á; „hver ertu?“

„Ég heiti Haraldur Skaptason,“ sagði ég.

„Úff!“ sagði Castilhó og tók af sér hattinn; — það rann og bogaði af skallanum á honum; „þúff! — Hvert ertu að fara? Og hvað viltu?“ Hann tók stóran rauðdropóttan klút úr buxna-vasa sínum og þurkaði af sér mesta svitann.

„Ég er ráðinn hingað sem vinnumaður þinn,“ sagði ég.

„Kemur þú frá Jacobsen hinum danska?“ sagði Castil-

hó. Hann braut saman klútinn og lagði hann fjórfaldan á skallann á sér.

„Já,“ sagði ég.

„Úff! — Þú ert bara strákvæskill,“ sagði Castilhó og hleypti brúnum; „Jacobsen hefir logið að mér — hann hefir svikið mig — hann sagði mér að þú værir stór eins og tröll, að þú ættir kyn þitt að rekja til sjóræningja og grimmustu bardagamanna, og að þú værir alvanur við að pítska svertingja áfram. — En herjans skelmirinn hefir logið að mér, því þú ert væskill.“ (Hann tók klútinn, vatt hann, braut hann svo saman á ný og lagði hann aftur á skallann). „Þú gætir ekki lamið tíu ára gamlan svertingja strák; hann mundi fjótt snúa sér við og lemja þig, þangað til þú værir orðinn eins svartur og hann sjálfur — ef til vill svartari. — Úff — púff!“ (Svitinn braust fram undan klútnum og streymdi niður andlitið í stórum lækjum). „Jacobsen er fantur og illmenni — hann hefir svikið mig herfilega. Svei mér ef ég skal ekki kasta framan í hann kasúldnu gæsar-eggja næst þegar ég sé hann!“ (Hann beit á jaxlinn). „Úff! — Loftið er logandi og sjóðandi og vellandi!“

„Ég vissi ekki að ég væri ráðinn hingað til að keyra svertingja,“ sagði ég. „Ég er alveg óvanur því starfi.“

„Púff!“ sagði Castilhó og tók annan klút úr öðrum vasa; „þar kom það! — ‚Alveg óvanur því starfi,‘ segir þú. En skelmirinn sagði, að þú værir verulegur meistari í þeirri iðn — hefðir vanist því frá blautu barnsbeini og gætir látið tvo svertingja vinna á við fjóra. — En sá herjans skelmir hefir logið að mér — hefir svikið þig út við mig! — Púff! — Hann skal fá að kenna á því.“

„En ég hafði ekki minstu hugmynd um, að ég hefði verið ráðinn hingað til að keyra svertingja,“ sagði ég og

ætlaðist til þess að rödd mín lýsti ofurlitlum þótta; „og fyrst ég er ekki eftir þínu skapi, þá skal ég undir eins snúa aftur til Ríó de Janeiró.“ Og ég sýndi mig líklegan til að standa upp og fara.

„Úff! — Farðu ekki alveg strax,“ sagði Castilhó og skifti að nýju um klút; „þú ert útlendingur, trúi ég.“

„Ég er Íslendingur.“

„Nú — Eru allir Íslendingar eins uppstökkir og þú?“

„Um það get ég ekki dæmt,“ sagði ég, „en hitt þori ég að fullyrða, að enginn Íslendingur lætur kaupa sig til að keyra svertingja.“

„Hvaða grýti!“ sagði Castilhó. „Þú ert minn maður. Ég vildi ekki missa þig fyrir öll veraldarinnar auðæfi. Þú verður hér og hirðir um aldingarðinn fyrir mig. Ég skal sjálfur keyra ólukku svörtu bjálfana mína.“

„Já, ég skal fúslega vinna í aldingarðinum,“ sagði ég.

„Jæja þá!“ sagði Castilhó í þýðum róm; „þetta er þá alt gott og blessað. Mér lýst vel á þig, og okkur mun koma mæta vel saman. — Púff! — Ertu ekki þyrstur?“

„Jú, ég er þyrstur,“ sagði ég, eins og satt var.

„Stefanó, helgi!“ hrópaði Castilhó; „hverslags er þetta? Hefir þér ekki enn verið boðið að drekka?“

„Ég er rétt ný kominn,“ sagði ég.

„Enda þótt!“ sagði Castilhó; „þú þiggur mörk af limónaði?“

„Já, þakka þér fyrir.“

„Ég skal kalla á hana Kötú,“ sagði Castilhó. „Hæ— hæ — hæ!“ orgaði hann af öllum mætti og lærði stafnum í gólfid; „hæ — Kata! Komdu með fulla könnu af limónaði og tvö staup. Hæ, hæ! Heyrirðu það, Kata?“

Það svaraði enginn fyrir framan; en að fáum mínútum liðnum kom Katrín inn með stóra postulíns-könnu,

fulla með svalandi límonaði, og tvö gler-staup. Hún kom inn þögul og hljóð eins og vofa — og það var eins og hún hefði litið inn í gegnum vegginn — ekkert marr heyrðist í hurðinni, ekkert skóhljóð, ekkert skráfur. Hún fylti staupin fyrir okkur og setti svo könnuna á borðið.

„Púff! — Þetta er nýmjólkur-volgt, Kata!“ sagði Castilhó, þegar hann var þrisvar búinn að þamba úr fullu staupi; og það er meira að segja alveg bragðlaust.“ Hann kastaði staupinu yfir á borðið; það hoppaði og skoppaði eftir því, unz það loksins stöðvaðist við annan fótinn á líkneskinu — einmitt þann fótinn, sem brostinn var.

„Farðu varlega, bróðir minn,“ sagði Katrín lágt, „staupið er brothætt og fóturinn á líkneskinu er brotinn.“ (Mér fanst hún vera að hvísla þessu í eyrað á mér).

„Púff!“ sagði Castilhó; „farðu með herjans líkneskið þitt til Nýja Hollands, svo það sé ekki fyrir á borðinu.“

„Ave María!“ sagði Katrín. Hún krossaði sig á enni og brjósti og varð um leið óviðjafnanlega langleit. „Ave María!“

„Púff!“ sagði Castilhó; „farðu fram, Kata, og gefðu hcnnum Móses — ólukku lubbanum — eitthvað ætilegt til að láta í sig; hann fór þarna fyrir gluggann. . — Og taktur þetta!“ Hann fékk henni tvo rennandi blauta klúta.

„Já, bróðir minn,“ sagði Katrín. Og hún leið út úr stofunni, eins og vofa, þögul og hljóð.

„Fáðu þér annað stauþ af límonaði,“ sagði Castilhó við mig, þegar Katrín var farin, „það gjörir. þér gott. Kata systir býr til betra límonaði en nokkur hvít kona í Pálmadal. — Púff!“

Ég viðurkendi að þetta límonaði væri sérlega gott og svalandi, eins og satt var, og fylti staupið mitt á ný.

„Hvað ertu búinn að vera lengi hér í Brazíliu?“ sagði Castilhó og horfði beint framan í mig.

„Tvö ár.“

„Bara tvö ár!“ sagði Castilhó og rödd hans var alltaf að verða þýðari og þýðari; „nú — þú talar furðu góða portúgölsku — þúff — furðu góða. Ég hefji heyrð menn, sem búmir eru að vera hér í tíu ár, tala fleiri ambögur á einni mínútu, en þig á tuttugu. — En ertu góður skilmingamaður?“

„Nei, þá íþrótt kann ég ekki.“

„Kant ekki að skilmast! — Þúff — En kantu þá að fara með skambyssu?“

„Nei; ég hefji aldrei snert skambyssu á ævi minni.“

„Og hefji ekki heldur snert á skambyssu,“ sagði Castilhó í meðaumkvunar rómi og starði undrandi á mig; „nú — herjans bófarnir hérna í dalnum verða búinir að saxa þig lifandi í sundur áður en árið er liðið, ef þú kannt ekki að beita sverði, rýting, né skambyssu.“

„Ég verð að eiga það á hættu,“ sagði ég brosandí.

„Eiga á hættu?“ sagði Castilhó; „þúff! Bull og þvaður. Nei, ég verð að kenna þér að skilmast, og kenna þér að skjóta af skambyssu, svo þeir saxi þig ekki í sundur lifandi alveg fyrirhafnarlaust.“

„Ég er þér þakklátur,“ sagði ég; „og víst mundi ég hafa mikla ánægju af að læra að skilmast.“

„Þessi tónn á við sálina í mér,“ sagði Castilhó ánægjulegur; „og þá er það ekki síður skemtílegt og gagnlegt að skjóta af skambyssu. — Þegar ég var í lífverði vinar mína, keisarans Dom Pedro I., þá þótti ég — þúff! — þá þótti ég ekki lakasti skilmingamaðurinn þar, og voru þeir þó margir vel færir. — Eínusinni hefði illa farið fyrir vin mínum, keisaranum, hefði ég ekki verið dável að mér í þeirri íþrótt. Því kvöld eitt, þegar ég og hann gengum út



tyrir borgina einir saman, eins og við oft gjörðum, þá mættu okkur þrír grimu-menn stórir eins og tröll og svakalegir mjög. Þeir drógu undir eins sverð sín úr sliðrum og réðust á okku eins og trylt óarga-dýr. Ég vissi það undir eins, að líf vinar míns, keisarans, væri í veði, ef einhver þessara herjans þræla fengi tækifæri til að sækja að honum, því hann var maður ekki hraustur, og kunni lítt til vigs. „Standi yðar hátign að baki mér“, segi ég við vin minn, keisarann. Og það gjörði hans hátign, eins og betur fór. Nú sóttu þeir að mér allir þrír. — Púff! — Ég hjó hægri hendina af þeim fyrsta rétt um úlfliðinn. Hann greip um stúfinn með vinstri hendinni, hörfaði aftur á bak, og það steinleið yfir hann. — Úff. — Í því reiddu báðir hinir herjans þrjótarnir upp sverðin sín í einu. Og nú var gagn að ég var snar. Ég hjó hægri handlegg annars þeirra sundur um olnbogann og sló um leið sverð hins til hliðar. Ég reiddi svo sverðið á ný — og nú var ég ekki seim — ég reiddi upp sverðið, segi ég, og á einu augnabliki var ég búinn að höggva hægri handlegginn af þriðja herjans þræinum, rétt um sjálfan axlarliðinn. Það steinleið yfir þá alla. Og ég batt þá alla þrjá með axlaböndunum okkar vinar míns, keisarans. Þegar þeir röknuðu við aftur, rákum við þá á undan okkur inni borgina.“

„Hvað var svo gjört við þá?“ sagði ég.

„Púff!“ sagði Castilhó og þurkaði af sér rennandi svitann, því það kom berserks-gangur á hann, á meðan hann var að segja söguna. „Púff!“ sagði hann; „þeir voru græddir, herjans þrælarnir, og svo var þeim slept.— En þeir voru allir örfhentir upp frá þeim degi.“

Hvort sem þessi saga hans var sönn eða ekki sönn, þá er það áreiðanlegt, að hann hafði á yngri árum verið góður skilmingamaður og ágætur skotmaður. Hann gjörði sér mikið far um að kenna mér þessar íþróttir, að minsta



kosti undirstöðu-atrúin. Margt kvöldið, eftir sólarlagið, kallaði hann á mig með sér suður fyrir stóran berjarunn í garðinum. Þar kendi hann mér að beita sverði — bæði að sækja á og verjast. Og þó hann væri gamall og feitur og svitinn bogaði af ska'lla hans, þá var hann samt furðu finur og úthaldsgóður.

„Úff! Nú varstu klaufi!“ sagði hann þegar mér gekk illa. En gengi mér vel og tækist mér að slá sverð hans til hliðar og verjast lagi, þá sagði hann ævinlega: „Púff! Þetta var það! Svona á það að vera.“

---

## VI.

Svefnherbergi mitt var uppi á lofti í vestur-armi hússins. Það var rúmgott og þokkalegt, en skrautlitið. Hið eina, sem ég gat fundið því til foráttu var það, að morgun-sólin skein þar aldrei inn; en aftur lýsti kvöld-sólin það upp; og útsýnið þaðan var hið skemtilegasta. Þaðan sá ég hliðina að vestan verðu við dalinn, og gilið, og fossinn, og kastalann í hliðinni fyrir sunnan gilið, og ána, þar sem hún kom þvert yfir dalinn og beygði svo til norðurs.

Fyrsta morguninn, sem ég var í húsi herra Castilhós, stóð ég nokkra stund við gluggann á herberginu mínu — þegar ég var búinn að klæða mig — og horfði vestur yfir dalinn. Sérstaklega varð mér mjög starsýnt á fossinn og kastalann; það var eitthvað svo einkennilegt og dularfult við hvorutveggja. Alt í einu tók ég eftir því, að þrjú menn komu hlaupandi neðan breiðan stíg, sem lá frá ánni og beint að húsi Casilhós. Ég sá strax að þetta voru þeir

Móses og Nói (svertingjarnir) og gamli Castilhó. Hlupu svertingjarnir hlið við hlið á undan, en Castilhó kippkorn á eftir þeim; veifaði hann stafnum og sýndist vera í æstu skapi. Ég brá undir eins við og hljóp út, því ég bjóst endilega við, að eitthvað mikið væri um að vera.

„Stöðvaðu herjans þrjótana!“ kallaði Castilhó, þegar hann sá mig koma út. „Stöðvaðu þá — stöðvaðu þá!—Og láttu þá ekki komast upp á þakið!“ öskraði hann yfirkominn af mæði og veifaði stafnum ódslega.

En þó ég hefði allur verið af vilja gjörður, hefði ég ekki getað stöðvað þá Móses og Nóa. Þeir þutu fram hjá mér á einu augnabliki, hentust að stiga, sem lá upp á húsið og voru komnir upp á pallinn, sem var í kring um litla turninn á húsinu, áður en ég var búinn að snúa mér við. Þar stóðu þeir hreyknir og glottu villimannlega og ranghvolfdi í sér augunum. Það var svo sem bersýnilegt, að þeir þóttust alveg óhultir þar sem þeir nú voru.

„Púff!“ sagði Castilhó, þegar hann kom að stiganum; og það rann og bogaði af honum svitinn; „ristu mér ól af hráu uxahúðinni, svo ég geti lamið svörtu hryggindana á herjans þorpurunum, þangað til þeir verða hvítir eins og krit. Ristu mér ól, Íslendingur, ó, ristu mér ól!“ Hann reiddi upp stafinn, eins og hann ætlaði að berja mig.

Ég svaraði engu og stóð í sömu sporum, því bæði vissi ég ekki, hvar sú hráa uxahúð var, og svo hafði ég enga löngun til að „rista honum ól“ af henni.

„Ó, skegg mitt og skalli!“ sagði Castilhó og þurkaði svitann af skallanum. Og svo gekk hann fáa faðma frá húsveggnum til að geta því betur séð þá Móses og Nóa, þar sem þeir stóðu hjá turninum uppi á mænirnum á húsinu.

„Púff!“ sagði Castilhó, „þeir eru óneitanlega í traustu vígi, þarna uppi. Það skal þurfa sanna herkænsku

til að reka þá burtu þaðan. En ofan skulu þeir koma fyrir eða síðar.“

Alt í einu hljóp hann inn í húsið og kom út aftur að vörmu spori með stóra körfu fulla af apelsínum.

„Púff!“ sagði hann, „ég skal senda herjans þrælunum nokkrar kúlur og vita, hvort þeir verða ekki fegnir að biðjast friðar og gefast upp alveg skilmálalaust.“

Hann tók nú upp eina apelsínuna og miðaði henni á Móses, sem stóð glottandi við austur-hornið á turninum, og virtist hafa gaman af svona löguðu umsátri. Núi stóð hróðugur vestan megin við turninn og ranghvolfdi í sér augunum svo ógurlega, að mér blöskraði — mér sýndust þau hringsnúast og velta í augnatóftunum, rétt eins og þau væru þar alveg laus. Í vexti var Núi sérlega líkur Móses, en hann var enn þá ófriðari í sjón og ekki eins greindarlegur.

„Hæ, hæ, hæ!“ hrópaði Castilhó; „ef þið komið ekki ofan undir eins, þá skal ég hefja skothriðina, og þá fer — púff! — þá fer illa fyrir ykkur.“

En þeir Móses og Núi voru að sjá hinir öruggustu. Þeir glottu hræðilega og ranghvolfdi í sér augunum.

„Ó, skegg mitt og skall!“ hrópaði Castilhó og hristist af vonsku (eða lét sem hann væri vondur); „þið skuluð þá fá að kenna á heimsku ykkar, herjans þrjótarnir!“

Hann kastaði apelsínunni upp á húsmæninn, þar sem Móses var fyrir. Móses var viðbúinn; hann greip apelsínuna á lofti, eins og þaul-æður knattleikari og satkk henni í vasa sinn. Og hann glotti svo myndarlega, að það sást hver einasta tönn í munni hans.

„Púff!“ sagði Castilhó, „hinn herjans þrjóturinn skal þó fá eina apelsínu beint í aðra ólukkans hvítu glyrnuna.“ Hann greip upp aðra apelsínu og kastaði henni af miklu afli og snarræði upp á húsið. Það var auðséð, að hann

hafði einhverntíma verið fimur að kasta og viss að hæfa, því apelsínan fór eins og kólfi væri skotið og stefndi þráðbeint á hæggra augað á Nóa, og hefði ef til vill sprengt það (að minsta kosti gjört það að glóðarauga) ,ef hann hefði ekki verið framúrskarandi fljótur að grípa. Nóa datt ekki til hugar að vikja sér úr vegi, eða láta turninn hlífa sér; nei, hann bara greip apelsínuna á lofti, þegar hún átti svo sem hálfu alin eftir að hæggra auganu á honum, og stakk henni í buxnavasa sinn. Og svo ranghvolfdi hann í sér augunum svo ofboðslega, að þau sýndust vera komin á óstöðvandi snúning inni augnatóftunum.

„Skegg mitt og skalli!“ hrópaði Castilhó; „þetta var dável gripið, svei mér. En þið skuluð ekki grípa þá næstu, herjans lubbarnir!“ Hann þreif nú upp þrjár apelsínur og kastaði þeim hverri á fætur annarri svo fljótt og snarlega, að varla festi auga á. — Móses greip eina, en Nói tvær.

„Púff!“ sagði Castilhó, þurkaði sér um skallann og horfði upp; „það er óneitanlega örugt vígi, sem þeir hafa þarna uppi; og — þeir verjast af mestu þryði, herjans svörtu þrjótarnir.“

Hann hélt svo áfram í jötunmóði að henda apelsinunum upp á húsið, þangað til að karfan var orðin tóm. Og hverja einustu apelsínu höfðu þeir Móses og Nói gripið. Tvær eða þrjár voru í vösum þeirra, en hinar voru á víð og dreif um pallinn, sem var í kring um litla turninn.

„Púff!“ sagði Castilhó og blés af mæði; „búið—búið! Herjans þrjótarnir hafa unnið sigur. (Hann sagði þetta við mig). „Þeir eru sannir meistara að grípa. — Hæ, hæ, hæ! (Hann kallaði upp til þeirra). „Komið þið ofan, heilla þrjótarnir, og sakið þið körfuna og látið allar apelsínurnar í hana, berið hana svo ofan og inni eldhúsið til hennar Kötú. Púff! (Hann sneri sér til mín). „Þeir eru meistara að grípa — sannir meistara.“

Þeir Móses og Nói gjörðu eins og þeim var skipað, en fóru sér ekkert óðslega að því. — Og gamli Castilhó var í sérlega góðu skapi þann dag.

Þó Castilhó sýndist í fljótu bragði vera svarri mikill, og hardneskjulegur og strangur við svertingja sína, þá var hann þeim samt oftast en hitt mjög góður og vorkunnsamur, og ég sá hann aldrei berja þá, þó hann oft og einnatt reiddi upp stóra stafinn og létist vera fjúkandi reiður. Hann var í raun og veru allra vænsti karl og sá langbeztu húsbóndi, sem ég hef nokkurtíma átt. Hann talaði ætíð við mig sem jafningja sinn, sagði mér margar sögur (ef til vill ekki allar sannar) af frægðarverkum sínum, og vildi að mér liði vel.

Fyrsta daginn, sem ég var hjá Castilhó, lét Isabella, dóttir hans, eins og hún sæi mig ekki — að minsta kosti virtist hún ekki gefa mér hinn minsta gaum. Hún sat að sönnu alltaf til borðs með mér og föður sínum, en margir dagar liðu svo, að hún ávarpaði mig ekki; hún virtist jafnvel ekki verða þess vör, að ég sæti við borðið beint á móti henni. Mér gat ekki dottið það í hug, að hún væri feimin við mig, því fyrst og fremst fanst mér ég ekki vera sá maður, sem nokkur stúlka gæti veri feimin við, og svo sá ég ekkert það á svip hennar, er lýsti því, að hún væri neitt feiminn fyrir skör fram. En ég fékk strax þá hugmynd um hana, að hún væri óviðjafnanlega drambsöm og þóttafull. Þegar ég sá hana annarstaðar en við borðið, var hún ævinlega með bók, stundum með litið kver. Hún var alltaf að lesa — lesa skáldsögur eða leikrit — alltaf að lesa, nema þegar hún borðaði, eða þegar hún svaf (hún svaf oft lengi fram eftir á morgnana), eða þegar hún var að klæða sig (sem tók oft langan tíma, því hún breytti um búning tvisvar og þrisvar á hverjum einasta degi), eða þegar hún las bókir sínar (sem aldrei stóð lengi yfir í senn). En allar aðir...

stundir var hún stöðugt með bók í hönd — var ævinlega að lesa, jafnvel þó hún væri á gangi. Að sönnu las hún ekki, þegar einhver var að tala við hana, eða hún að tala við einhvern, en á meðan lá samt bókin ævinlega opin í kjöltu hennar, eða hún hélt á bókinni í hendinni.

Það var einn dag, þegar ég gekk til vinnu minnar sudur í garðinn, að ég sá Ísabellu sitja undir einu aldintrénu. Hún var að lesa í stórrí bók, sem var í bláu bandi. Um leið og ég gekk fram hjá henni, lyfti ég hattinum mínum og bauð henni góðan dag. Hún tók ekki undir við mig og leit ekki einusinni upp. Þegar ég var kominn kippkorn frá henni, leit ég sem snöggvast til baka og sá, að hún var stadin upp og horfði á eftir mér. En alt í einu sneri hún við og hélt í áttina til hússins. — Daginn eftir, þegar ég gekk til vinnu minnar, eftir hádegisd, sat Ísabella í sama stað og daginn fyrir og var að lesa í bláu bókinni. Ég bauð henni góðan dag, eins og í fyrra skiftið, en hún svaraði ekki og leit ekki upp. Mér þótti þetta þetta næsta kynlegt og hálfpartinn sárnaði, að hún skyldi sýna mér svona mikla fyrirlitning — því ég hélt þá endilega, að það kæmi til af þóttu og fyrirlitningu, að hún tók ekki undir við mig. En skritnast þótti mér, að hún skyldi þó ekki geta stilt sig um að horfa á eftir mér, þegar ég var kominn nokkra faðma frá henni. Næstu tvo dagana sat hún þar í sama stað, þegar ég gekk til vinnu minnar, en ég ávarpaði hana nú ekki, en lét mér nægja að lyfta hattinum ofurlítið. Og enn var það bláa bókin, sem hún var að lesa í. Og síðar komst ég að því, að þessi bók var portúgölsk skáldsaga um mállausa stúlku, sem alin var upp í jarðhúsi í skógi nokkrum skamt frá Lisbon. Og sagan hafði haft svo mikil áhrif á Ísabellu, að hún mælti varla við nokkurn mann í þrjá eða fjóra daga — hún var nefnilega að leika mállausu stúlkuna.

Nokkrum dögum eftir þetta sá ég að Isabella var að lesa í bók, sem var í svörtu bandi. Og hún var nú ekki eins hnuggin og fámálug og dagana á undan. Eitt kvöld, litlu fyrir sólarlagið, gekk hún þar um garðinn sem ég var að sniða feisknar greinar af einu aldintrénu. Hún hélt á svörtu bókinni í vinstri hendinni. Við og við sleit hún hvít blóm af berjarunnunum, sem næstir mér voru og nældi þau á barm sér. Það var eins og hún vildi ekki önnur blóm en eingöngu hin hvítu, því hún leit ekki við gulu og rauðu og bláu blómunum; og það leit líka út fyrir, að hún vildi engin önnur hvít blóm en þau eingöngu, sem uxu á runnunum, er næstir mér voru. Hún fór hægt og virtist ekki taka neitt eftir mér; en smátt og smátt færðist hún nær trénu, sem ég var að vinna við.

„Fallegt kvöld þetta!“ sagði Isabella, þegar hún var komin að litlum runni, sem stóð eina fadmslengd frá mér.

„Já, yndislegt kvöld,“ sagði ég og lyfti hattinum mínum.

„Eru kvöldin á Íslandi oft svona dýrðleg?“ Hún hreyfði við einni greininni á runninum, en leit ekki til mín.

„Já, oft eru sumarkvöldin þar svona fögur,“ sagði ég.

„En þar er svo dauðans kalt.“ Hún ypti öxlum ofurlítið, eins og henni væri að verða dálítið kalt.

„Nei, sumrin eru þar sjaldan mjög köld.“

„Og vaxa þá blóm þar?“ Hún sleit upp ný-útsprungna hvíta rós.

„Já, mörg fögur blóm.“

„Þá vildi ég eiga þar heima. Ég elska blómin svo heitt.“ Hún brá hvítu rósinni upp að vitum sér og andaði að sér hinum angandi ilm hennar. „Kant þú að lesa?“ sagði Isabella eftir litla þögn.

„Ég get lesið íslensku nokkurn veginn,“ sagði ég; „en ekki portúgölsku.“



„Ég kenni í brjósti um þig,“ sagði Ísabella. Hún kyssti hvítu rósina. „Ég get lesið þrjú tungumál — portúgölsku, spönsku og frakknesku,“ sagði hún; „ég er núna að lesa skáldsögu, sem heitir *Undína*. Ó, hvað það er elskuleg saga! Ég vildi að þú gætir lesið hana.“

„Já, ég vildi ég gæti lesið hana.“

„Aumingja Undína! Hvað hún elskaði heitt!“ sagði Ísabella og varpaði raunalega öndinni. „Ég vildi ég væri núna horfin upp að fossinum þarna, því mig langar svo mikið til að lesa þessa sögu aftur upp við Huldufoss.“ Hún þagði litla stund og horfði vestur yfir dalinn til fossins.

„Hefirðu ekki oft farið upp að fossinum?“ sagði ég. (Reyndar varðaði mig ekkert um að vita það).

„Nei, ég fer þangað aldrei nú orðið, af því að óhræsis kastalinn er þar fast hjá,“ sagði Ísabella og setti á sig dálitinn fyrirlitningar-svip; „en ég kom þar samt oft, þegar ég var lítil stúlka, því þá var kastalinn í eyði. Ó, það er fallegt uppi við fossinn. Það er einhver töfra-blær, sem hvílir yfir honum og öllu þar umhverfis. — Bara að kastalinn væri í eyði, eða þá atveg horfinn.“

„Hver býr í kastalanum?“

„Castró-systkinin búa þar,“ sagði Ísabella; „þau settust þar að, þegar faðir þeirra strauk. Hann var landráðamaður, og hefði verið tekinn af lífi, ef hann hefði ekki sloppið úr varðhaldinu. Enginn veit, hvert hann fór, né hver það var, sem hjálpaði honum til að strjúka. En þegar hann var ný-horfinn, þá fluttu systkinin (börn hans) í kastalann. En áður áttu þau heima í Petrópólís.“

„Hvað eru systkinin mörg?“

„Sumir segja að þau séu þrjú, aðrir að þau séu fjögur. En enginn hér veit neitt um það með vissu,



Því allir fordást að koma til kastalans. Börn landráðamanns eiga sjaldan marga vini. — Ein systirin varð vit-skért, þegar faðir hennar var tekinn fastur. Hún var flutt á vitskertra-húsið, og sumir segja, að hún hafi dá-ið þar. Það er eitthvað dularfullt við allt þetta Castró-fólk. Hirtu aldrei um að grenzlast eftir leyndarmálum þess, því það getur verið hættulegt fyrir þig og okkur öll.“ Hún leit til mín sem snöggvast um leið og hún sagði síðustu setninguna.

„En hver átti kastalann áður en systkinin fluttu þangað?“

„Gamli Castró átti hann,“ sagði Ísabella; „faðir hans bjó þar og afi og langafi. Castró ættin var lengi rik og voldug, en það var alltaf eitthvað dularfullt við hana og skáldsögulegt. — Nei, spurðu mig ekki meira um kastalann og Castró-systkinin, því það gjörir þér ekk-ert gott að vita um það. En legðu alla stund á, að læra að lesa portúgölsku, svo þú getir lesið góðar sögur eins og *Undínu*. — Aumingja Úndína! Hvað hún elskadi heitt!“ Og Ísabella nældi hvítu rósina á barm sér í hjartastað.

„Úff! Þúff!“ heyrðum við að sagt var skamt frá okkur. Ísabella kiptist við.

„Faðir minn kemur!“ sagði hún. (En hvað gerði það til þó hann kæmi?) „Það er hann faðir minn, sem kemur! — Vertu sæll!“ Hún hljóp vestur fyrir næsta runninn og stefndi heim að húsinu.

„Úff! Þúff!“ sagði gamli Castilhó. Hann kom mäsandi og blásandi eftir stignum, sem lá suður garð-inn frá húsinu. „Skegg mitt og skalli!“ sagði hann, þegar hann kom til mín; „hefðu séð herjans þrjótana hér nokkurstaðar?“

„Nei,“ sagði ég. (Ég vissi, að hann átti við svert-  
ingjana).

„Púff! — Ég þarf að hýða herjans þrælana!“ sagði  
Castilhó, tók ofan hattinn og þurkaði kófsveittann skall-  
ann. „En hver var þá hjá þér, rétt núna?“

„Það var dóttir þín, sem fór hérna vestur yfir garð-  
inn,“ sagði ég.

„Óff! Það var bara hún?“ sagði Castilhó; „sú stutta!  
Og hún var að tala við þig og tefja fyrir þér? Ég átti  
kollgátuna! Var að lesa þér einhverja herjans skáld-  
söguna?“

„Nei,“ sagði ég. (Ég varð hálf vandræðalogur].

„Og las þér ekki sögu?“ sagði Castilhó; Púff! það  
er sérlega eftirtektarvert, hafi hún ekki minnst á neina  
sögu við þig — hún, sem aldrei gjörir annað en lesa  
sögur, og tala um sögur, og hugsa um sögur; í stuttu máli:  
hún er bókstaflega niðursokkin í tómar sögur. Púff! Um  
hvað var hún þá að tala við þig?“

„Hún var að segja mér um kastalann þarna í hlíð-  
inni,“ sagði ég. (Ég gat ekkert annað sagt).

„Stefanó helgi!“ hrópaði Castilhó; „hún hefir verið  
að segja þér nokkuð, sem hún veit ekki minstu vitund um.  
— Nú, var hún að segja þér eitthvað um kastalann og  
Castró-systkinin? — Sú stutta! — Óff! — Þeir eru fáir,  
sem þekkja þau systkini, og enn færri, sem vita nokkuð  
um hagi þeirra og leyndarmál. Það er eitt herjans leynd-  
armál! Kærðu þig kollóttan, Íslendingur, þó þú vitir  
það aldrei. Og ég vil, meira að segja, — púff! — meira  
að segja, vara þig alvarlega við því, að koma nærri þeim  
herjans kastala, fyr en þú ert búinn að læra að beita rýt-  
ing og sverði alveg skammlaust.— En skegg mitt og skalli!  
Ég þarf að finna þrjótana og hýða þá!“

Og Castilhó þaut á stað í áttina á eftir dóttur sinni.

## VII.

Frá því fyrsta að ég kom í Pálmadalinn, hafði mig langað til að fara upp í hlíðina að vestan, til þess að skoða kastalann og fossinn — sérstaklega kastalann — því mér þótti strax eitthvað einkennilegt við hann. En hingað til hafði ég ekki árátt að fara þangað. En nú, þegar ég var búinn að heyra um Castró-systkinin og að eitthvað dularfult væri við þau, þá ætist forvitni mín um allan helming, og ég fylltist óstjórnlegri þrá til að fara upp að kastalanum og sjá þessi dularfullu systkini og kynnast þeim. Og þessi forvitni mín or þrá varð einmitt enn ákafari og óviðráðanlegri fyrir þá sök, að þau Castilhó og Ísabella höfðu varað mig við að fara þangað. Ég fann það reyndar hjá sjálfum mér, að mig varðaði ekki minstu ögn um að vita um hagi og kringumstæður þessa fólks; en þrátt fyrir það fanst mér að ég hafa eitthvert hugboð um það, að það yrði mér til góðs í framtíðinni, að kynnast því sem fyrst.

Nokkra daga gat ég ekki um annað hugsað en kastalann og Castró-systkinin; og ég hugsaði mér að fara upp í hlíðina eitthvert kvöldið, þegar tunglsljós væri, og vita, hvernig kastalinn liti út, og hvort ég yrði þar ekki einhvers var, sem kynlegt væri og nýstárlegt. Á daginn, þegar ég var við vinnu í suð-vestur hluta garðsins, var ég af og til að lita upp frá verki mínu og horfa yfir til kastalans. Stundum sýndist mér hvítklædd kona ganga frá kastalanum og norður að gilinu. Stundum gekk hún eftir gilbarminum og upp að fossinum; og þar hvarf hún ævinlega, eins og hún hefði kastað sér í fossinn. En stundum gekk hún spölkorn niður með gilinu, og staðnæmdist um hríð hjá stóru pálmatré, sem stóð eitt og afskekt yzt á gilbarminum.

En ævinlega hvarf hún; þegar minst varði, eins og hún hefði dottið þar fram af brúninni og ofan í hvítfyssandi ána. — Og endrum og sinnum sá ég múlasna-lest koma eftir veginum frá Ríó de Janeiró og fara vestur yfir dalinn, upp að kastalanum. En ævinlega kom lestin þaðan aftur eftir örfáa klukkutíma; og aldrei var nema einn maður með hverri lest. Ævinlega voru múlasnarnir klyfjadir, þegar þeir komu frá borginni, en aldrei neitt á þeim (nema klyf-söðlarnir), þegar þeir fóru til baka frá kastalanum. — Á kvöldin, áður en ég fór að háttu, stóð ég oft lengi við hörbergis-gluggan minn og horfði á þenna einverulega og afskekta kastala, þangað til að nóttin huldi hann algerlega sjónum mínum. Og oft sá ég ljósi bregða fyrir í lága turninum, sem var á norð-austur horni kastalans. En það var að eins stutta stund í senn, sem ljósið sást.

Sum kvöld, þegar kyrrt var og bjart, fór ég ákveinn niður að ánni og gekk fram og aftur eftir syðri bakkanum, og komst á stundum alla leið upp að brekkunni að vestan. En oftast fór ég ekki lengra en að runni nokkrum, sem stóð á bakkanum rétt fyrir vestan bugðuna á ánni. Þar sat ég oft langa stund og horfði í ólgandi strauminn, og hugsaði heim til æskustöðvanna, eða þá til Castró-systkinanna, sem mig langaði svo mjög til að sjá. — Það var eitt kvöld, rétt eftir dagsetrið, að ég sem oftast settist niður hjá runninum, eftir að hafa ráfað um hrið eftir bakkanum. Loftið var svalt og hressandi, og kyrð og ró hvíldi yfir öllu umhverfis mig; — ekkert heyrðist nema sudan í beljandi árstraumnum og niðurinn í fossinum uppi í fjallinu. Himininn var heiður og hreinn og tunglið nýkomið upp. Það var því all-bjart á grundunum meðfram ánni og í rjóðrunum í hliðinni fyrir vestan; en skuggar trjáanna voru svartir og langir, og gilið var mjög skuggalegt til að sjá. — Ég

hafði ekki lengi setið undir runninum, þegar ég gætti að því, að maður kom norðan grundina austan megin árinna. Hann var í síðri svartri kápu, með svartan bardastóran hatt á höfði. Hann var hár maður vexti, en ekki að sama skapi gildur. Hann gekk rösklega — næstum hljóp við fót — og leit við og við aftur, eins og hann ætti von á einhverjum á eftir sér. Ég sá að hann stefndi þangað sem ég var; færði ég mig þá betur inni skuggann og skreið svo inni runninn, sem reyndar var svo lítill, að maður gat að eins með naumindum falist þar, jafnvel þó skuggsýnt væri. Þegar maður þessi var kominn svo nærri mér, að varla meira en þrjár eða fjórir fadmar voru á milli okkar, nam hann staðar, leit sem snöggvast til baka og virtist hlusta nokkra stund. Svo gekk hann með hægð hringinn í kring um runninn, en kom þó ekki fast að honum. Hann laut við og við áfram, eins og hann væri að huga að því, hvort nokkur væri þar. — Hann hefir ef til við heyrð þrusk, þegar ég skreið inni runninn, eða þá að honum hefir sýnt hríslurnar bærast (því það var ómögulegt að hann gæti séð mið); að minsta kosti leit út fyrir, að hann hefði sterkan grun um, að einhver leyndist þar. Ég sá að hann tók úr vasa sínum eitthvað, sem blikaði á í tungsljósinu—eitthvað, sem líktist rýting eða skammyssu; og mér fór ekki að verða um sel, en ég hreyfði mig ekki, og hélt niðri í mér andanum. Ekki gat ég séð vel framan í manninn, sökum þess, að hið mikla bard á hattinum skygði á andlit hans; en það sá ég, að hann hafði all-mikið og svart hokuskegg. Þegar hann var búinn að ganga einu-sinni í kring um runninn, gekk hann fram á árbakkann, tók þar upp stóran moldarköggul og kastaði honum af öllu afli inni runninn. Köggullinn kom niður skamt frá höfðinu á mér, og hefði áreiðanlega meitt mig illa, hefði hann komið í mig. Maðurinn stóð fáein augnablik í sömu spor-

um á bakkanum og starði á runninn. En svo alt í einu tók hann snögt viðbragð og hljóp á stað beint suður frá ánni. Eftir stutta stund sá ég að hann beygði við til vesturs og stefndi til kastalans. Og litlu síðar var hann horfinn. En ég flýtti mér, eins og ég gat, að komast heim, og lofaði hamingjuna fyrir, að ég slapp ómeiddur.

Í svona alvarlegt ævintýri hafði ég aldrei áður ratað. Og ég fór að trúá því, sem Castilhó hafði sagt, að það mundi vera betra fyrir mig að læra að beita vopni, ef ég ætlaði mér að dvelja lengi í Pálmadal. En reyndar vissi ég, að það er lítið gagn í því, að kunna að beita vopni, ef hugrekkið skortir. Og ég fann að ég hafði í þetta sinn verið fremur huglítill. Samt hafði ég ekki skriðið inní runninn af því, að ég væri hræddur við manninn, heldur eingöngu vegna þess, að ég vildi ekki að hann færi að tala við mig og spyrja mig, hvað ég væri að fara.

Tveim kvöldum eftir þetta sá ég sama manninn fara sömu leið. Ég sat þá undir eik, sem stóð hjá vestur-hliði aldingarðsins. Ég sá að maðurinn kom að norð-austan, eins og hann hefði komið ofan af hálsinum rétt fyrir norðan búgarðinn hans Castilhós. Og ég þóttist vita, að hann kæmi frá Ríó de Janeiró, og væri annaðhvort vinur þeirra Castró-systkinin (vinur, sem færi huldu höfði til að finna þau), eða þá bróðir þeirra. Hann gekk mjög hratt, eins og í fyrra skiftið, og leit og við og við til baka, eins og hann ætti von á einhverjum á eftir sér. Hann nam nú ekkí staðar við runninn fyrir vestan bugðuna á ánni, heldur gekk hann nú rakleiðis í gegnum hann og stefndi til kastalans, en hvarf eftir stutta stund á bak við annan runn lítinn, sem stóð kippkorn fyrir vestan hinn. Ég sá þetta svo glögt þaðan sem ég sat, því það var komið allbjart tunglskin, og maðurinn var um tíma ekki lengra frá mér en svo sem rúma tuttugu faðma. En það var ómögulegt að

hann hefði séð mig, því ég sat í dimmum skugga á bak við eitt stærzta tréð á búgarðinum. — Ég þóttist heppinn að hafa ekki setið hjá runninum, eða falið mig inni honum, þetta kvöld, því ég hafði einhverja hugmynd um það, að maður þessi, hver sem hann var, vildi fara svo ferða sinna, að fáir vissu, og mundi ekki verða þeim manni vinveittur, sem hann mætti á leið sinni þar í dalnum — hvernig sem á því stóð. En alt þetta æsti meir og meir þrá mína og löngun til að fara vestur til kastalans og skygnast inni leyndarmál Castró-systkinanna. Og ég ásetti mér að fara þangað vestur (að minsta kosti upp að fossinum) næsta laugardagskvöld, ef bjart yrði, eða þá á sunnudaginn, hvort sem Castilhó vildi eða ekki.

Svo kom laugardagskvöldið. Nokkru fyrir sólsetrið var kallað á mig heim til að borða kvöldverð; og Castilhó sagði, að ég skyldi ekki fara út aftur til vinnu það kvöld. Strax og ég var búinn að borða, hafði ég fataskifti, og lagði svo á stað vestur í dalinn.

„Hæ, hæ, hæ!“ kallaði Castilhó á eftir mér, þegar ég var nýlagður á stað; „hvert ætlarðu að fara, Íslendingur?“ — Hann kallaði mig altaf *Íslending*, þegar hann ávarpaði mig, en aldrei *Harald*.

„Ég ætla að ganga upp með ánni, mér til skemtunar,“ sagði ég.

„Viltu ekki — þúff! — viltu ekki að herjans þrjóturinn hann Móses fari með þér?“ sagði Castilhó.

„Nei, þakka þér fyrir,“ sagði ég; „ég villist ekki, því ég geng bara meðfram ánni.“

„Jæja þá!“ sagði Castilhó; „en mundu mig um það að fara hvorki upp að fossinum né yfir að kastalanum.“

Ég sagðist skyldi muna það, og hélt áfram vestur í dalinn. — Eftir hér um bil fimtán mínútur var ég kominn vestur að gilinu. Það var djúpt og skuggalegt. Bakkarnir



beggja megin voru sérlega brattir. En alla leið neðan frá ánni og upp á brúnir voru þeir vaxnir margbreyttum súðrænum jurtum. Og víða teygðu grannvaxin pálmatré kollana upp yfir gilbarmana, rétt eins og þau væru að gæta að því, hvernig umhverfis væri í dalnum og hlíðinni. Og ótal bergfléttur og vafnings-jurtir og skriðplöntur þöktu gljúfrin, svo hvergi sást í klett eða stein; þær virtust taka lífs- og dauða-haldi á hverju, sem fyrir varð, og vöfðust utan um tré og hrislur og lurka og steina og hver utan um aðra; — allar voru þær að streitast við það, hver í kapp við aðra, að komast upp á gilbarmana, og komast þangað sem fyrst. Upp! Upp! Upp á gilbarmana urðu þær endilega að komast, hvað sem það kostaði. Upp á líf og dauða streittust þær við að komast upp úr gilinu — og neyttu allra sinna krafta til þess. Samkeppnin var þar ógurleg og endalaus, eins og allstaðar á sér stað, þar sem lífið á heima, hvort heldur það er í jurta- eða dýraríkinu. — Allstaðar er samkeppnin milli einstaklinganna og sífeld baráttu fyrir lífinu; og þeir, sem sterkastir eru og hardsnúnastir, vinna að lokum sigur, komast að síðustu upp á gilbarminn og — deyja. Þannig gekk það til í jurtaríkinu þarna í gilinu, og þannig gengur það til í *mannlífinu* í öllum löndum og á öllum tímum.

Ég gekk nú upp með gilinu og fór hægt. Ég leit við og við aftur og horfði yfir dalinn. Útsýnið var yndislegt. Skamt fyrir sunnan gilið lá ruddur vegur, sléttur og breiður, upp hlíðina og að kastalanum. Báðum megin við veginn voru þéttir pálmaviðar-runnar, og voru trén með jöfnu millibili, og leit út fyrir, að þau hefðu verið gróðursett þar af mannahöndum. Ég fór ekki eftir aðal-veginum, heldur þræddi ég lítinn stíg, sem lá eftir gilbarminum, svo minni hættu væri á, að ég mætti nokkrum, og fólkið í kastalanum yrði síður vart við mig. — Þegar ég var kominn



upp á móts við kastalann, nam ég staðar til að virða hann fyrir mér. Hann var nú á að gizka um fimtíu fadma frá mér. Ekki þótti mér hann nú eins fallegur og reisulegur, eins og þegar ég horfði á hann neðan úr dalnum. Hann stóð á dálitlum kletta-stalli, sem var um sex til sjö álnir á hæð, og sýndist liann því langt til að sjá svo mikið hærri, sökum þess, að hann stóð á klettstalli þessum. Sjálfur var kastalinn ekki hærri en þríloftuð hús gjörast vanalega. Hann var bygður úr gráum steini, og voru steinarnir af ýmsri stærð og ýmsri lögun. (Reyndar sé ég það ekki þá, hvernig steinarnir voru í lögun, en ég gætti að því löngu síðar). Á norð-austur horninu á kastalanum var lágur ferkantaður turn bygður úr rauðum múrsteini, og var stór gluggi á þeirri hlið turnsins, sem að dalnum vissi. Einnhverntíma hafði líkur turn verið á norð-vestur horninu, en hann var nú löngu hruninn. Múrsteinarnir voru þar í stórum haug fyrir neðan klettinn, og vafnings-jurtirnar og bergflétturnar vöfðu sig utan um hann og huldu hann að að mestu, svo hann sýndist í fljótu bragði eins og dálitill höll vaxinn blómum og jurtum. Og vafnings-vidurinn og bergflétturnar og aðrar jurtir höfðu líka tekið ástfóstri við kastalann og klettinn, sem hann stóð á. Þær (jurtirnar) héngu utan í klettinum svo þétt saman, að það sást varla í hann — alveg eins og fagur-grænt flauels-klæði hængi fram af honum; — þær uxu út úr hverri einustu sprungu, sem var á kastalanum, og lásu sig upp veggina: sumar voru komnar upp á miðja veggi, nokkrar höfðu klifrað alla leið upp í efstu gluggakisturnar og vígskörðin, og fáeinar höfðu komist enn hærra — höfðu komist uppí gluggakistuna á tærnum og gægdust þar inn. Enn aðrar spruttu út úr hverri einustu sprungu, sem var uppi á hinu flata þaki kastalans; þær gægdust út um vígskörðin, teygðu sig fram af veggjunum og horfðu niður, eins og þær væru þess al-

búna, að varna þeim uppgöngu á þakið, sem að neðan sóttu.

Þótt kastalinn væri sérlega fornfáglegur og langt frá því að vera fallega bygður, þá var eitthvað það við hann, sem mér þótti fallett og um leið skáldlegt og dularfult, en ég gat ekki gjört mér grein fyrir, hvað það var. Það var eins og mér fíndist að einhver töfrablær hvíla yfir honum og öllu þar umhverfis, og það minti mig á ýmsar álfasögur og kynja-sögur, sem ég hafði heyrt og lesið, þegar ég var drengur. Engan sá ég þar nálægt, og ekkert gaf mér til kynna, að kastalinn væri bústaður lifandi manna, heldur virtist alt benda til þess, að hann hefði verið í eyði um langan aldur.

Eftir að hafa virt kastalann fyrir mér um stund, hélt ég upp að fossinum. Þar endaði stigurinn, sem ég hafði farið eftir; að minsta kosti lá hann ekki lengra upp í fjallið, en það var eins og oft hefði verið gengið þar niður í gilið. En ég áráddi ekki að rekja þá slóð, því það var nú komið fast að dagsetri, og gilið var þar bæði þröngt og sérlega skuggalegt. Ég lét mér því nægja í þetta sinn, að setjast á gilbarminn, þar sem stigurinn endaði, og horfa á fossinn og hlýða á hann um stund. — Móses hafði sagt mér, að sér heyrðist ávalt foss þessi segja: „Detta, detta, detta!“ Ég hugsaði nú víst til þessara orða svertingjans, því mér heyrðist líka að fossinn segja: „Detta, detta, detta!“ Og þó var langt frá því, að mig langaði til að detta þar fram af brúninni. En mér heyrðist líka að fossinn segja ýmislegt annað—segja ýmislegt, sem var í fullu samræmi við hugsanir mínar og hjartans þrá. „Heim—heim — mig langar heim — mig langar ávalt heim!“ heyrðist mér hann segja með köflum, og á þann söng vildi ég hlýða, — það svalaði hinni brennandi og sáru heimþrá, sem bjó í brjósti mér, og örfæði

hana og æsti hana um leið. „Heim—heim—aldrei—nei, aldrei heim,“ sagði fossinn líka. Það var þyngra og á-takanlegra að hlýða á það lag. Og mér heyrðist fossinn syngja ótal ljóð með ýmsu lagi: sum ljúf og þýð og angurblið, og önnur kraftmikil og sterk. Og tónar hans voru svo margbreyttir:—titrandi og dillandi og hugðnæmir, eða dimmir og djúpir og sterkir,—voru svo lokkandi og laðandi og svæfandi, eins og þýðasta vögguljóð, eða svo örfandi, æsandi og styrkjandi, eins og magnþrunginn hersöngur. Oð hessir margbreyttu, töfrandi tónar fossins næstum dáleiddu mig og lokkuðu minn innra mann inn á land endurminninganna, fluttu hann heim aftur til æskustöðvanna, létu hann lifa upp aftur alla hina ljúfustu og skemtilegustu kafla ævi minnar á Íslandi, en gleyma hinu, sem mótdrægt var og óviðfeldið.—Og lengi sat ég þarna á gilbarminum, sat og ryfjaði upp alla hina ljúfustu bernsku-drauma og björtu vonir—drauma, sem aldrei höfðu komið fram, og vonir, sem aldrei höfðu ræzt. Hversu lengi að ég sat þarna, veit ég ekki, en ég veit, að ég sat þar lengi. Það var fyrir löngu dagsett orðið, og tunglið komið hátt á austurloftið; það var að sjá bjart niðri dalnum, en gilið var enn þá svartara og geigvænlegra en áður.

Ég hefði vafalaust setið þarna enn þá lengur—ef til vill alla nóttina—og hlýtt á hulduljóð fossins og svalað heimþrá minni með því, að ryfja upp hálf-gleymda bernsku-drauma mína, hefði ég ekki alt í einu eins og vaknaði af draumi við það, að einhverjir voru að tala skamt frá mér—eða að minsta kosti heyrðist mér vera talað, og jafnvel kallað—en orðaskil heyrði ég ekki fyrir sudunni og hávaðanum í fossinum. Mér heyrðist það vera stúlkur, sem töluðu, og mér heyrðist þær vera niðri giliinu skamt frá þar sem ég sat. En ekki gat ég séð þær,

sökum þess, að gilið var þar mjög vaxið háu og þéttu kjarri, og svo var myrkrið þar sérlega svart. Í fyrstu hélt ég að þetta væri tómur hugarburður í mér, því mér þótti það mjög ólíklegt, að nokkrar stúlkur hefðu gaman af að vera þar *níðri* giliinu um þetta leyti sólarhringsins, —og svo hafði ég engan séð fara þar niður í gilið, og var ég þó búinn að vera þarna langa stund. Ég hafði heldur ekki séð neinn á ferð þar eftir gilbarminum það kvöld, og ekkert mannamál heyrt frá því að ég fór að heiman um kvöldið. — En smátt og smátt urðu þessar stúlku-raddir skýrari og hreinni, þó ég gæti aldrei heyrt nein orðaskil. Þær (raddirnar) færðust hægt og hægt nær og nær, en blönduðust þó altaf öðru hverju saman við tón fossins; og stundum var eins og hinn dimmi, djúpi þrumu-rómur fossins ætlaði algjörlega að yfignæfa þessar mjúku og skæru stúlku-raddir—væri að toga þær inni fossinn til þess að drekkja þeim í hvítfyssandi hringiðu-pollinum fyrir neðan. — En stúlku-raddirnar voru að vinna sigur yfir drunum fossins; þær stigu æ hærra og hærra, og færðust æ nær og nær eyrum mínum. Stundum urðu þær að fjörugu sönglagi; stundum að hrópi og kalli; og ýmist að veini og angistar-ópi, eða þýðum bænar-róm; — en oftast heyrðist mér þó eins og tvær stúlkur væru að tala saman.

Alt í einu gætti ég að því, að hvítklædd stúlka kom fram úr kjarrinu í giliinu og gekk með hægð upp á gilbarminn, svo sem tvo fadma frá þar sem ég sat. Hún fór framúrskarandi hægt og stilt upp efsta bakkann. Það var eins og hún hreyfði hvorki legg né lið, en liði bara upp úr giliinu með ógnar hægð, rétt eins og hvít þoku-slæða í ljósaskiftunum. Hún kom samt svo sviplega fram úr (eða upp úr) kjarrinu í giliinu, að það var eins og hún hefði skyndilega stokkið fram úr fossinum og á ská

upp í bakkann.—Þegar hún var í þann veginn að stiga  
 upp á gilbarminn, heyrði ég fyrir vist að hún var að  
 syngja. En hvað það var, sem hún söng, vissi ég ekki;  
 en mér heyrðist lagið vera sambland af djúpri sorgarblíðu  
 og dillandi fjöri. — Stúlkan var á að gizka átján ára  
 gömul, fremur há og grönn, en falleg í vexti og tiguleg.  
 Hárið var sitt og mikið og hrafnsvarrt og hékk í lausum  
 þokkum, sem næturgolan hreyfði til og strauk frá enninu,  
 num leið og stúlkan sté upp á bakkann. Og ennið var  
 hátt og mikið, nefið beint, munnurinn fríður og vangarnir  
 sérlega fallegir. — Ég sá þetta allt á einu augnabliki um  
 leið og hún steig upp á gilbarminn, því tunglið hefir aldr-  
 ei skinið bjartara (í mínum augum) en einmitt þá. Ég sá  
 ekki í augu stúlkunnar; ég sá að eins, að umgjörðin í  
 kringum þau var falleg og lýsti góðu hjarta; en ég þótt-  
 ist vita, að þau mundu vera stór og dökk og gáfuleg og  
 lýsa göfugri sál og, ef til vill, heitri og ákafri ást — en  
 hreinni ást. Stúlkan, sem var svona falleg í vexti, svona  
 fríð í sjón, svona tiguleg og hárprúð, og með svona ynd-  
 islega rödd, hlaut að hafa djúp og elskuleg augu og elsk-  
 heitt og lengi, ef hún elskaði á annað borð. — Þetta  
 hugsaði ég um leið og ég sá hana koma upp á bakkann.  
 Ég hafði ekki langan tíma til að virða hana fyrir mér,  
 því undir eins og hún kom auga á mig (en það var um  
 leið og hún kom upp á bakkann) hrökk hún við og hörf-  
 aði aftur á bak um eitt eða tvö skref, eins og hún hefði  
 falt í einu séð eitthvert óttalegt skrímsli; og um leið  
 hætti hún að syngja. Hún fór svo með hægri hönd sína í  
 barm sér, eins og hún væri að þreifna þar eftir laghnif  
 eða einhverju öðru smá-vopni; og um örfá augnablik stóð  
 hún kyrr og starði á mig. Það var eins og hún væri að  
 ráða það við sig, hvort hún ætti að voga það að hlaupa  
 fram hjá mér, því fram hjá mér varð hún að fara til

þess, að komast til kastalans, því hún var á milli mín og fossinn. Ég þóttist líka sjá, að hún væri að reyna til að gæta að því, hvort ég væri maður, sem hún þekkti, og hvort ég væri iskyggilegur maður. En tunglið skein ekki á mitt andlit eins og hennar, og því hefir henni, ef til vill, sýnst ég vera all-skuggalegur og ófrýnilegur á-sýndum.

„Gott kvöld!“ sagði ég og stóð upp. Og ég tók ofan hattinn um leið, bæði fyrir kurteisis sakir og eins til þess, að ég sýndist ekki eins skuggalegur í augum stúlkunnar.

„Gott kvöld!“ sagði stúlkan; „er þetta Cajó?“

„Ég heiti Haraldur — vinnumaður Castilhós,“ sagði ég.

„Hvað ertu að fara?“

„Ég gekk hingað mér til skemtunar,“ sagði ég og steig eitt spor áfram í áttina til stúlkunnar.

„Vertu kyrr,“ sagði hún í skipandi rómi. Og ég sá að hún hreyfði ofurlítið þá höndina, sem auðsjáanlega hélt um eitthvað, er hún geymdi í barmi sínum. „Nei, komdu ekki einu feti nær!“


Ég ætlaði að fara að segja eitthvað meira; en alt í einu var stúlkan búin að snúa sér við, og var um leið horfin. Það var rétt eins og hún hefði farið þar niður í jörðina sem hún stóð, svo sviplega hvarf hún. Ég stóð eftir á bakkanum eins og steini lostinn, og horfði niður í gilið svart og geigvænlegt, og mér fanst mér þykja óumræðilega mikið fyrir því, að hafa orðið til þess að hræða stúlkuna með nærveru minni.—Ég beið þarna enn nokkra stund—ef til vill hálf klukkustund, ef til vill lengur—og horfði og hlustaði. En ég sá ekkert í giliinu, nema kol-svart myrkrið, og hevrði ekkert, nema beljandann í fossinum. — Stúlkan lét mig ekki sjá sig aftur þá nótt.

Svo loksins lagði ég aftur á stað heim á leið, og



# MICROCOPY RESOLUTION TEST CHART

(ANSI and ISO TEST CHART No. 2)



4.5

5.0

5.6

6.3

7.1

8.0

9.0

10

11.2

12.5

14.0

2.8

3.2

3.6

4.0

2.5

2.2

2.0

1.8

1.6

1.4

1.25

1.1

1.0



**APPLIED IMAGE Inc**

1653 East Main Street  
Rochester, New York 14609 USA  
(716) 482 - 0300 - Phone  
(716) 288 - 5989 - Fax



hugsaði mikið um þessa fallegu stúlku, sem ég þóttist viss um að væri ein af Castró-systrunum. Og mér fanst að þessi fyrsti fundur okkar hafa verið alt annað en ánægjulegur fyrir mig, og ef til vill enn þá leiðinlegri fyrir hana. En ég ásetti mér—og heitstrengdi það—að kynnast þessari stúlku betur og hætta ekki, hvað sem það kostaði, fyr en ég væri búinn að fullvissa hana um það, að hún hefði ekkert að óttast frá minni hendi. — Eitt þótti mér undarlegast af öllu, og það var, að hún skyldi spyrja mig, hvort ég væri *Cajó*. Var það Macedó de Cajó, nábúi Castilhós, sem hún átti við? Eða var það einhver annar? Úr þeirri ráðgátu gat ég auðvitað ekki leyst.

Þegar ég var næstum kominn ofan í miðja hlíðina, sá ég, að maður í síðri kápu gekk upp akveginn, sem lá að kastalanum, og þekti ég starx að það var sami maðurinn, sem ég hafði tvisvar áður séð fara vestur yfir dalinn og stefna til kastalans. Maðurinn gekk mjög hratt, en leit af og til aftur, eins og ég hafði séð hann áður gjöra. Ég horfði nokkra stund á eftir honum, og sá hann seinast hverfa bak við suðaustur-hornið á kastalanum. Og um leið gætti ég að því, að ljósi var brugðið fyrir í lága turninum á norðaustur-horni kastalans. Og mér sýndist fortjald vera dregið fyrir gluggann. Að fáum augnablikum liðnum var ljósið horfið.

Strax og ég var kominn niður í dalinn, sá ég að tveir menn komu hlaupandi á móti mér. Og kenndi ég mennina strax. Það voru þeir Móses og Nói. Gamli Castilhó hafði sent þá til að leita að mér.

„Hann er fjúkandi reiður,“ sagði Móses, þegar hann var kominn fast að mér og búinn að huga að því með mikilli nákvæmni, hvort ég væri með heila limi og óskaddaður.

„Hver er fjúkandi reidur?“ sagði ég.

„Hann,“ sagði Móses; „hann, húsbóndinn, hann Castilhó!“

„Af hverju er hann reidur?“ sagði ég.

„Hann hélt að þú værir steindauður,“ sagði Nói; „og hann hélt—“

„Að þeir hefðu stungið þig með rýting, eða skotið þig með skammbyssu,“ bætti Móses við.

„Hverjir þá?“ sagði ég.

„Nú—bara þeir!“ sagði Móses.

„Svo hann sendi okkur á stað til að leita að þér og bera þig *daudan heim*,“ sagði Nói.

„Hvar varstu?“ sagði Móses.

„Upp við fossinn,“ sagði ég.

„Heyrðirðu hann segja: ‚Detta, detta, detta?‘“ sagði Móses og lét sem hann væri að hlusta.

„Já,“ sagði ég.

„En ég heyri hann aldrei segja neitt,“ sagði Nói.

Við höldum nú áfram austur yfir dalinn. Svertingjarnir voru hvor við sína hlið mína og sýndust alaf vera á harða stökki, þó ég gengi í hægðum mínum. Og altaf létu þeir dæluna ganga. Móses var að segja mér frá því, hvað fuglarnir væru að syngja um á morgnana og um miðjan daginn og á kvöldin, hvað dýrin væru að segja hvert við annað, og hvað vindurinn væri sífellt að suda um. Alt, sem hreyfðist í náttúrunni í kring um Móses, var stöðugt að tala—tala um böll og baráttu lífsins og hin köldu kjör hinna undirokuðu. Og hann einn heyrði og skildi þessar margbreyttu raddir og alla þessa kynlegu tóna—það þótti honum undarlegast. En Nói sagðist aldrei heyra neitt nema arg og garg; og honum þótti það gremjulegt, að Móses skyldi hafa svona miklu næmari og betri eyru en hann.

Gamli Castilhó stóð fyrir vestan húsið, þegar við komum heim. Hann reiddi upp stafinn, og sagði að það væri maklegast að hann hýddi „herjans þrjótana“ fyrir það, hvað þeir hefðu verið seínir að fara á stað til að leita að mér. En við mig var hann hinn alúðlegasti, klappaði mér á herðarnar, sagðist vera glaður að sjá mig lifandi aftur kominn, og bað mig að fara aldrei aftur einn upp í hlíðina fyrir veðan, allra sízt seint um kvöld.

„Púff!“ sagði Castilhó og þurkaði kófsveittan skallann; „ef þú fer oftast einn upp að Huldu-fossi, þá verður það—úff—þá verður það bani þinn á endanum. Trú þú mér, ungi Íslendingur, trú þú mér.“

---

### VIII.

Eins og fyrr er um getið, bjó maður sá, er Macedó de Cajó hét, á næstu jörð fyrir norðan bújörð Castilhós. Það var rúm hálf míla ensk á milli húsanna, og á miðri leið á milli þeirra lá lágur og skörðóttur limagarður alla leið frá ánni og upp í miðja hlíðina að austan. Og limagarður þessi skifti landeign þessara helztu tveggja óðals-bænda í Pálmadal. Það voru óneitanlega bæði glögg og bein landamerki á milli búgarðanna þeirra; en þar var þó annar og meiri garður á milli, sem aðskildi og fjarlægði heimili þeirra enn betur hvort frá öðru, og það var fjandskapur—bitur og banvænn fjandskapur, sem þeir höfðu tekið eins og að erfðum frá feðrum sínum og öfum og langöfum—stöðugur og rótgróinn fjandskapur, sem ómögulega gat dáið út, á meðan nokkur karlmaður var uppi í þeim ættum. — Það var ekki oft að þeir Castilhó og Cajó fundust,

nema þegar skepnur annars þeirra fóru inn á land hins:— Þá var alt í uppnámi á milli þeirra, og þá hittust þeir ævinlega í einhverju skarðinu, sem var á limagarðinum, og þar lét sá, sem orðið hafði fyrir átroðningi í það og það skiftið, óþvegnar skammir og brígslyrði dynja á hinum. Báðir voru þeir atkvæðamenn miklir og virtust ráða miklu þar í dalnum, en sá var þó munurinn, að flestir virtust elska og virða Castilhó, en hræðast og hata Cajó.

Og það var líka svarinn fjandskaur milli þjónanna og múlasnanna og nautanna og alifuglanna á þessum tveim búgörðum. Þeir Móses og Nói áttu í sífeldum ófriði við tvo svertingja, sem Cajó átti, og fóru oft en hitt halloka fyrir þeim. Og þegar naut Cajós komu suður fyrir limagarðinn, eða naut Castilhós fóru norður fyrir (sem sjaldan bar við), þá tókst þar ævinlega grimmur og harður bardagi með þeim, og ævinlega hallaði fremur á naut Castilhós. Og eins var það með múlasnana og alifi ana, sem Castilhó átti, að þegar þeir komu saman við múlasnana og alifuglana fyrir norðan, þá sló ævinlega í blóðugan bardaga með þeim, og oftast báru þeir, sem að sunnan komu, lægri hluta, hvernig sem á því stóð. En það var dálítið öðru máli að gegna með húsbændurnar: Þegar þeir mættust og áttust ilt við í orðum, þá bar Castilhó langt af Cajó, því sá fyrr nefndi var miklu mælskari, hafði sterkari róm (þó eldri væri) og var um leið miklu skapmeiri og framhleyfnari en hinn, og um leið ósvifnari í orðum, þegar hann reiddist.

Það var einn morgun snemma, fáum dögum eftir að ég hafði farið yfir að fossinum, Castilhó kom suður í trjagarðinn, þar sem ég og svertingjarnir vorum að vinna. Hann kom hlaupandi, veifaði stafnum og var að sjá í mjög æstu skapi.

„Hæ—hæ—hæ!“ hrópaði hann, „komið þið nú heilla-

karlarnir, og rekið þið nautin hans Cajós norður fyrir limagarðinn, því herjans skáلكurinn hefir látið svörtu hvolpana sína reka þau inn á mitt land. Hlaupið þið nú, heilla-þrjótarnir mínu svörtu, hlaupið nú upp á líf og dauða, og flæmið þið nautin norður fyrir. Og þú, Ísiendingur góður, farðu með þeim og hjálpaðu þeim, og sýndu nú einusinni, að þú sért kominn í beinan karlegg frá bardagamönnum og sjóræningjum. Ég skal—púff—ég skal líka slást í förina.“

Og gamli Castilhó hljóp á stað í áttina þangað, sem naut Cajós dreifðu sér um haglendið fyrir sunnan limagarðinn. Hann orgaði og kallaði áfergislega og veifaði stafnur eins og herforingi (í broddi fylkingar) veifar sverði sínu og eggjar lið sitt til atlögu í stór-orustu.

Takið ykkur stóra lurka í hönd, heilla þrjótarnir mínir svörtu og stikið nú snúðugt!“ hrópaði Castilhó; „og þarna sé ég þá koma suður yfir limagarðinn, svörtu hvolpana skálksins: leggið nú til orustu við þá, svörtu kempurnar mínar, og sýnið þeim, að þið séuð engar lyddur.“ Hlaupið nú—púff—hlaupið á undan upp á líf og dauða!“

Þeir Móses og Nói tóku nú upp sinn lurkinn hvor og hlupu fram fyrir okkur Castilhó; en hversu hart sem þeir virtust fara, þá voru þeir þó aldrei lengra en svo sem tvo eða þrjá fadma á undan okkur. — En svertingjar Cajós voru þegar komnir suður fyrir nautin og voru að flýta sér, eins og mest þeir máttu, að reka þau norður fyrir limagarðinn; og það var bersýnilegt, að þeir vildu vera komnir með þau norður fyrir, áður en við kæmum að garðinum.

„Hæ! Látið þá ekki sleppa, heilla þrjótarnir,“ öskraði Castilhó; „púff! Reynið að ná í þá! Lemjið þá, berjið þá, pískið þá miskunarlaust! Höggvið og leggið á báðar höndur, og hamist nú eins og ódir blámenn! Stikið

nú, stökkvið nú, og tryllist þið nú! Hæ! Fram! Fram!  
 Fram til orustu! Hó! Þið náid þeim! Ég kem á eftir!  
 Ó, skegg mitt og skalli! Ó, Ístran! Þið náid . herjans  
 svörtu hvolpana! Ó, svörtu englarnir mínir, þið hafið  
 krit-hvíta sál eins og ég! Verið nú einusinni röskvir, og  
 ég skal ábyrgjast ykkur, að þið verðið hvítir, þegar þið  
 deyið — alveg eins hvítir og tungl í fyllingu!“

Þannig hélt Castilhó áfram að eggja svertingja sína,  
 alla leið yfir að limagardinum, og sjálfur hljóp hann alt-  
 af, eins og fætur hans togudu. En hversu hart sem þeir  
 Móses og Nói virtust hlaupa, þá voru þeir þó fulla fadms-  
 lengd á eftir honum, þegar að gardinum kom.—Og svert-  
 ingjar Cajós voru komnir norður fyrir landamærin með  
 öll nautin; þeir orgudu og kolluðu til okkar, og skorudu á  
 okkur, með mörgum móðgandi orðum, að koma norður yfir  
 gardinn og ná sér.

„Púff! Farið þið kempurnar mínar, svörtu, farið og  
 berjið þá!“ sagði Castilhó, þurkaði af sér rennandi svit-  
 ann og blés af mæði — hann var næstum sprunginn; „ég  
 skal bíða ykkar hérna í skarðinu á limagardinum; og ef  
 þeir mega betur, þá skal ég senda Íslendinginn til að  
 skakka leikinn.“

Í þessu kom maður hlaupandi austan með gardinum  
 að norðan, og nam staðar fáein fet frá okkur. Hann leit  
 út fyrir að vera maður hátt á fertugs aldri, var hár vexti,  
 en fremur grannur og holdskarpur, en þó kraftalegur og  
 harðgér að sjá. Hann hafði svart og sítt hokuskegg, og  
 var sérlega skuggalegur maður og undirhyggjulegur. —  
 Mér sýndist hann mjög svipaður í vexti og limaburði  
 mannum, sem ég hafði þrisvar sinnum séð fara vestur  
 til kastalans; en mér þótti það þó ólíklegt, að þetta væri  
 sami maðurinn, því þetta var sjálfur Macedó de Cajó—  
 „Cajó, illmennið,“ sem Móses kallaði. Það var næsta ó-

líklegt—fanst mér—að það væri hann, sem svo oft fór huldu höfði á næturþeli vestur til kastalans í hlíðinni.

„Hvað á allur þessi gauragangur að þýða, gamli Castilhó?“ sagði Cajó og hleypti brúnum og hvessti augun á húsbónda minn, og rödd hans lýsti niðurbældri heift og hatri; „og hví viltu siga þrælum þínum á svertingja mína? Hvað hafa þeir til saka unnið?“

„Púff! Þú ert þá þarna, sjálfur skáلكurinn!“ sagði Castilhó og réði sér varla fyrir reiði. „Hvað á það að þýða? Það á það að þýða, að ég ætla ekki að líða það bóotalaust, að þú leikir þér að því, að láta herjans svörtu hvolpana þína reka öll nautin þín inn á land mitt. Þú hefir leikið þér að því, skáلكurinn, í mörg ár, að troða mig um tær — og ég ætla ekki að líða það lengur bóotalaust. Ég skal ekki fyrr hætta, en ég hef látið hýða alla svörtu hvolpana þína.“

„Og ætlarðu ekki líka að láta mig kenna á svipu þinni?“ sagði Cajó í storkandi rómi.

„Púff! Það væri maklegt, skáلكurinn, — meira en maklegt,“ sagði Castilhó og hristi af bræði.

„Vogar þú,“ sagði Cajó lágt og beit á jaxlinn, „vogar þú, gamall maðurinn, að troða illsakir við mig?“

„Voga ég?“ sagði Castilhó og steitti hnefann framan í fjandmann sinn; „voga ég, skáلكurinn þinn, að halda því heiðri ættar minnar og reka af höndum mér annan eins illdeilumann og óróasegg og þú ert? Stefanó helgi; Ég voga það, og ég skal gjöra, á meðan ég get haldið á stafnum þeim erna! (Hann reiddi upp stafinn). Þegar ég var í lífverði vinar míns, keisarans Dom Pedrós, þá—“

„Tala þú sem allra minst um stöðu þína við lífvörð keisarans, því framkoma þín þar var hvorki þér né keisaranum til sóma,“ tók Cajó fram í og glotti illúðlega.

„Þú ert *akur* skáلكur frá hvirfli til ilja!“ sagði Castil-



hó. Hann reiddi upp stafinn á ný, og var hálfu reidari en áður.

„Er ég ekki lygari líka?“ sagði Cajó.

„Jú, þú ert það líka,“ sagði Castilhó; „þú hefir logið lýtum og skömmum á mig og ættfólk mitt, frá því fyrst að þú fórst að babla; og þú hefir, meira að segja, logið lýtum og óknyttum á hvern einasta heiðvirðan mann, sem þú hefir þekkt um þína daga. Þú hlífðir ekki einusinni gamalmenninu, honum tengdaföður þínum; — þú jafnvel rægðir hann við sjálf yfirvöldin og barst á hann lognar sakir — nei, þú þyrmdir ekki hærnum hans, herjans skálkurinn þinn!“

„Er ég ekki líka þjófur?“ sagði Cajó, og það var eins og eldur brynni úr augum hans.

„Jú, þú ert þjófur í húð og hár,“ sagði Castilhó; „þú hefir svælt undir þig—með yfirvarpi laga og réttinda—fé ekkna og föðurlausra. Hvernig fórstu með fé ekkjunnar hans bróður þíns? Hvað gjörðirðu við peningana, sem komu fyrir búgardið, sem hún átti? Tókstu ekki brauðið frá munninum á aumingja börnunum hennar? Þú svældir það alt undir þig, skálkurinn, — þú gleypstir það alt. Og þú hefðir farið að á sama hátt við fleiri ekkjur og fleiri munadarleysingja, hefðir þú hvað eftir annað tekið í herjans lurginn á þér í ...“

„Er ég þá ekki einnig meinsærismaður?“

„Jú, frá upphafi þinna vega meinsærismaður verið,“ sagði Castilhó og stóð á öndinni; „þú sórst rangan eið í erfða-málinu mikla, og enn rangari og samvizkulausari eið í Castró-málinu.—Þú hefir aldrei svarið öðruvísi en rangan eið, og ert því meinsærismaður á hætta stigi.“

„Og er ég þá ekki landráðamaður líka?“

„Jú, herjans skálkurinn, það gengi guðlasti næst, að



segja, að þú værir ekki landráðamaður," sagði Castilhó, „því þú hefir hallmælt vin mínum, keisaranum Dom Pedró, og jafnan fyllt þann flokkinn, sem vill koma á stjórnbylting í ríkinu; — og þú hefir gjört ríkinu meiri skada, en nokkur einn innlendur maður hefir nokkru sinni gjört. Því hefirðu ekki því til leðar komið, með rögburði þínum, að einhver hinn þarfasti maður landsins var hneptur í fangelsi og dæmdur til dauða sem óbótamaður? — Að hann slapp, var ekki þér að þakka, því þú vildir hann feigan.“

„Viltu þá ekki bæta því við, að ég sé enn fremur blátt áfram manndrápari?“ sagði Cajó og glotti illmannlega.

„Púff! Jú, það vil ég segja, hvar og hvenær sem er,“ sagði Castilhó enn æstari en áður, og í ran skalf og hristist framan á honum. „Hvernig dó hann Adam, vesalings gamli svertinginn þinn? Já, hvering dó gamli Adam? segi ég. Þú barðir gamla Adam, af því hann gat ekki afkastað eins mikilli vinnu og þú vildir, því hann var orðinn lasburða fyrir elli sakir. Þá barðir þú hann, níðingurinn, með blautum kadli, þangað til að hann gat ekki hljóðað lengur. Og degi síðar dó gamli Adam. Þú svo gott sem drapst hann, segi ég! — Og gamli Adam var maður, þó hann væri svartur, og hann hafði sjösinnum stærri og hvítari sál en þú. En af því að hann var svartur og þræll þinn í tilbót, þá náði armleggur laçanna ekki til þín í það sinn — því miður! — Og hvar er konan þín, segi ég? Hvað gjörðirðu af aumingja konunni þinni, herjans níðingurinn?“ Og hann steitti hnefann framan í Cajó.

„Og er nokkuð annað til, sem þú vildir vita?“ sagði Cajó lágt og beit fastara á jaxlinn en fyr.

„Já,“ sagði Castilhó og blés af mæði, eins og hann

væri að springa; „hver er faðir hennar — þúff! — faðir hennar Mörtu litlu, kynblendingsins, sem hjá þér er? Hver er faðir hennar, segi ég? Hann er hvítur, hver sem hann er; og þú veizt það betur en nokkur annar lifandi maður, hver faðir hennar er, og hvar hann er viðvorkomin. Þú seldir móðir hennar fyrir tvo gamla múasna. En hvi seldirðu ekki barnið hennar líka, svo hún mætti hafa það hjá sér? — Ég segi: Hver er faðir hennar Mörtu litlu, og hverjum er hún lík? Þúff! Þú veizt það manna bezt, herjans niðingurinn!“

Hingað til hafði Cajó haldið gedshræringum sínum og heift í skefjum, svo ég hafði næstum dáðst að stilling hans og sjálfstjórn. Það var eins og hann hefði gaman af að láta kalla sig: lygara, þjóf, meinsærismann, landráðamaðmann og jafnvel manndrápara; og ekki sá ég honum bregða, þó hann væri spurður, hvað hann hefði gjört af korunni sinni. En strax og Castilhó mintist á Mörtu (kynblendinginn), og spurði, hver faðir hennar væri, þá var auðséð að Cajó brá. Í fyrstu varð hann sem snöggvast fögur eins og nár í framan, en svo varð andli hans allt í einu svart eins og blek, og augun lýstu ógurlegri bræði og heift; og sérhver dráttur í andliti hans sýndi það ljóslega, að hann var að sissa stjórn á sjálfum sér. Hann dró laghníf skyndilega úr skeiðum, er hingu við bein hans, reiddi hann á loft og færði sig nær Castilhó.

„Ég skil þig, hundurinn,“ sagði Cajó og nísti tönnum; „ég veit hverju þú ert að dróttu að mér. — Og þess skaltu grimmilega gjalda!“

„Þúff! Ég þori að mæta þér, bófinn!“ öskraði Castilhó; „komdu! — komdu ögn nær, ef þú ert ekki heigull. — En þú ert heigull eins og allir skálkar eru. Komdu. — Komdu, ef nokkur ærlegur blóddropi er til í þér! — En hann er enginn til í þér!“ Og Castilhó reiddi upp stafinn

báðum höndum í vígamóð og ætlaði að ráðast á fjandmann sinn.

Mér fór ekki að litast á blikuna, og hugsaði mér að hlaupa á milli þeirra—þó ekki væri árennilegt—og reyna til að afstýra frekari vandræðum. En þess þurfti ekki við, því Cajó stílti sig alt í einu, hvort sem það hefir komið til af hugleysi eða hyggni. Hann hörfaði til baka fúcin skref, stakk hnífnum í skeiðar og krosslagði armaða á bringu sér.

„Nú nýtur þú þess, að þú ert kominn á grafarbakann,“ sagði Cajó; „þú skalt ekki fá mér komið til að skifta höggum við þig. En við munum síðar finnast, og þá skaltu verða knúður til að sanna það alt, sem þú hefir borið á mig og dróttað að mér, í dag; eða, að öðrum kosti, taka orð þín aftur í votta viðurvist og biðja mig fyrirgefningar.“

Þú ert heigull, skáلكurinn!“ orgaði Castilhó; „þú ert argasti heigull og lydda. Ég skal óhræddur mæta þér, hvar og hvenær sem er; en aldrei skal ég biðja bófa fyrirgefningar.“ Hann hristist og skalf af bræði, og svitinn rann og bogaði af honum svo furðu gegndi.

En Cajó sneri við okkur baki og gekk hvatlega áleiðis heim til sín.

„Ó, skegð mitt og skalli!“ sagði Castilhó og stundi af mæði eins og hann hefði náð verulegt einvigi. „Púff! Skáلكurinn slapp undan alveg ómeiddur! Stefanó helgi! Ég verð að lúskra honum síðar. En leiðið þið mig nú heim, heilla þrjótarnir mínir svörtu. Svona! — Hún er einstaklega hvít í ykkur sálin. Höldum nú heir! En farið hægt. Svoddan! — Þið skuluð fá límonaði, þegar við komum heim, svörtu englarnir mínir. Trúid mér—púff—trúid mér, þið verðið hvítir þegar þið deyið — alveg eins hvítir og tungl í fyllingu!“

Þeir Móses og Nói gengu sinn við livora hlið hans og næstum báru hann á milli sín. Gamli Castilhó lá eins og þungt ok á hálsi þeim, því hann hafði sinn handlegginn yfir hálsinn á hvorum þeirra og lét mest-allan líkamspunga sinn koma á þá. En þeir héldu (með öðrum handleggnum) utan um mjóhrygginn á honum (sem var raunar langt frá því að vera mjór), og gengu næstum hálfbognir undir þessari þungu byrði. Ég gekk á eftir þeim og gat ekki varist því að brosa, því það var eitthvað svo kátlegt að sjá þá mjakast áfram í þeim stellingum, sem þeir voru, og enn þá kátlegra að heyra það, sem Castilhó var að segja við svertingjana á leiðinni heim, á milli þess sem hann blés af mæði og hrópaði á Stefanó hinn helga. En það var alt fallett og gott, sem hann var að segja þeim. Og hann kallaði þá nú „svörtu englana“ sína í hverju orði, og fullvissaði þá um það, að þeir yrðu „hvítir eins og tungl í fyllingu“, þegar þeir skildu við heim þenna. Ég gat ekki séð framan í þá Móses og Nóa, en ég þóttist vita, að þeir væru altaf að glotta og ranghvolfa í sér augunum.

Þær Katrín og Ísabella höfðu til nóg af svalandi límonaði, þegar við komum heim. Karl drakk ein fádæmi af því, en sagði að það væri nýmjólkur volgt og bragðlaust.

„Þú skalt aldrei framur skifta þér neitt af ójafnaðarmanninum, faðir minn,“ sagði Ísabella, „því hann getur gjört þér ilt; — hann er enn á bezta aldri, en þú ekki.“ Hún var nýbúin að lesa franska skáldsögu um unga greifa-dóttur, sem kom sættum á milli tveggja ættflokka með því að giftast skæðasta fjandmanni föður síns.

„Þegi þú, stelpa þín,“ sagði Castilhó; „ég get farið með skálk þann eins og mánaðar-gamla hvolp, þó ég sé gamall orðinn, en hann á bezta skeiði. — Þegar ég var í lífverði vinar míns, keisarans Dom Pedrós, þá barðist ég við skálk, sem var fullri alin hærri en ég. Hann talaði

nokkur hnjóð-yrði um vin minn, keisarann. Og ég skoraði hann á hólm, særði hann fyrst á brjósti, sló svo sverðið úr hendi hans, tók hann síðan hryggspennu og slengdi honum niður svo hart, að þrjár tennur hrukku úr munni hans. — Hann talaði aldrei illa um vin minn, keisarann, eftir það. — Púff! Þegi þú, stelpa!“

„En þú kynnir að meiða þinn náunga, bróðir minn,“ sagði Katrín lágt, og það var eins og rödd hennar kæmi neðan úr kjallaranum; *ave María!* Enginn má meiða sinn náunga, bróðir minn.“

„Þegi þú, ræfillinn þinn, Kata,“ sagði Castilhó og starði forviða á systur sína; „kynni að meiða hann,“ segir þú. Stefanó helgi! Hvað ætti ég svo sem að gjöra við skálkinn, ef ég ætti ekki að meiða hann?. — Púff! Þér er bezt að þegja, ræfillinn!“

„*Ave María, ave María!*“ tautaði Katrín og krossaði sig. Svo fór hún út úr herberginu þögul og hljóð eins og vofa.

Fáum dögum eftir þetta, sendi Castilhó mig með bréf til Cajós. Hvað í því bréfi var, fékk ég aldrei að vita. „Fáðu herjans skálkinnum þetta bréf,“ sagði Castilhó; „þú þarft ekki að bíða eftir svari.“

Cajó var heima og sat inni í stofu, þegar ég kom. Mér var vísað þangað inn til hans. Hann sat í mjúkum lægindastól og reykti vindil. Við einn gluggann í stofunni sat lítil stúlka og hafði bók á hjám sér. Stúlkan var auðsjáanlega kynblendingur, því hún var mjög dökk á hörund, en andlitið var þó fremur frítt og í lögun mjög ólíkt svert-ingja andliti. Það, sem mér þótti einkennilegast við þessa litlu stúlku, var, að hún var sérlega lík Cajó í sjón. Ég þóttist vita, að þetta væri Marta litla, sem Castilhó hafði minst á, daginn, sem hann reiddist við Cajó. — Ég fékk Cajó bréfið. Hann opnaði það undir eins og las það — og

las það aftur. Hann skifti litum hvað eftir annað, hleypti brúnum og beit fast á jaxlinn. Og heftin tindraði í augum hans; — þau voru smá og nístandi, eins og í höggormi. Mér duldast ekki, að honum þótti innihald bréfsins bæði ilt og gremjulegt.

„Þú ert vinnumaður gamla Castilhós?“ sagði Cajó, þegar ég var að fara.

„Já,“ sagði ég.

„Hvada kaup færðu?“

Ég sagði honum það.

„Ég skal gjalda þér þriðjungu meira kaup, ef þú vilt fara til mín,“ sagði Cajó.

„Ég er ráðinn hjá Castilhó til árs.“

„Viltu fara til mín, þegar árið er úti?“

„Ekki get ég lofað því.“

„Þú ert útlendingur.“

„Já—Íslendingur.“

„Ég veit það.“

„Hvernig fékstu að vita það.“ sagði ég og leit á hann hann stórum augum.

„Þig varðar ekkert um það,“ sagði hann.

„Vertu sæll!“ sagði ég.

„Far vel!“ sagði Cajó. Hann stóð alt í einu upp og gekk til mín. „Far vel!“ sagði hann aftur og laut ofan að mér; „mundu að hafa það jafnan hugfast, að troða mér aldrei um tær!“ Og það var eins og eldur brynni úr augum hans, þegar hann sagði þetta.

Svo skelti hann hurðinni aftur á eftir mér. — En ég fór heim og gat lengi á eftir ekki um annað hugsað en þessi orð Cajós og hið vöðalega augnarád hans. Og ég sannfærðist altaf betur og betur um það, að hann væri sami maðurinn, er ég hafði séð fara vestur til kastalans.

## IX.

Tíminn leið. En mér fundust dagarnir óumræðilega langir, hver vika heill mánuður, og hver mánuður heilt ár, því mér leiddist, og var stöðugt gagnstekinn af óviðráðanlegri heimþrá. Og ég var líka gagntekinn af annarri þrá, sem ef til vill var ekki síður sterk; en það var eins og ég gæti ekki gjört mér neina grein fyrir því, í hverju sú þrá var fólgin, eða af hverju hún vaknaði hjá mér. Samt fann ég það, að hún átti skylt við þá löngun, að kynnast Castró-systkinunum, en var þó ekki beinlínis í því innifalin. — Það var einhver kraftur, eitthvert óskiljanlegt afl, sem vakti hjá mér óþreyju og lét mig finna svo sárt til þess, að ég átti engan vin, sem ég mátti treysta. Og mig langaði því svo mjög til að finna það hjarta, sem ég gæti elskað og verið elskaður af. En svo leið langur tími að ég fann ekki það hjarta. Reyndar hafði ég ofurlitla hugmynd um, að það hjarta væri til, ekki langt frá mér, sem gæti undur fljótt komið til að elska mig, ef ég reyndi dálítið til að örfa það til þess; en ég fann, að ég gat engan veginn elskað það aftur á móti, og forðaðist því á allan hátt, að vekja hjá því ást á mér.

Tíminn leið. Í apríl-mánuði byrjaði kaffi-uppskeran, í maí-mánuði seint var henni lokið, og í júlí og ágúst voru kaffibaunirnar fluttar til Ríó de Janeiró. Fáir munu þeir vera á Íslandi, sem hafa ljósa hugmynd um alt það strit og stríð og alla þá miklu fyrirhöfn, sem kaffiræktin hefir í för með sér. Og ef menn vissu það alt eins og það er út í yztu æsar, þá mundi þeim þykja það alveg óskiljanlegt, hvað kaffið er ódýrt norður á Íslandi.

Þegar komið var fram í nóvember-mánuð, fór Castilhó að spyrja mig oft og einatt um það, hvað ég ætlaði fyrir



mér í framtíðinni. En ég gaf honum lítið út á það. Hann fór þess á leit við mig, að ég yrði hjá sér, að minsta kosti hið komanda ár; en ég sagðist ekki vilja lofa neinu um það, fyrr en ég væri búinn að finna féлага mína og tala við þá; og það ætlaði ég að gjöra um jólin.

„Ég má ekki missa þig,“ sagði Castilhó; „þú ert maður við mitt skap. Ég er gamall orðinn og hrekk upp af, þegar minst varir, og þá er enginn til að stýra þesum búgarði með Ísabellu minni, ef þú fer burtu frá okkur. Ísabella er eini erfingi minn, og hún er engin búskýlu-kona. En hún er samt góður kvennkostur. — Trú þú mér! Sá er heppinn, sem fær hönd hennar og hjarta. Nei, vertu kyrr hjá okkur, Íslendingur góður, því okkur öllum þykir vænt um þig. — Trú þú mér! Þú verður gæfumaður, ef þú heldur áfram að vera hér. Búgarðurinn er stór, og Ísabella er eini erfinginn.“ Hann lagði mikla áherzlu á síðustu orðin, eins og hann vildi að ég ihugaði þau sérstaklega. „Ísabella er eini erfinginn—eini erfinginn.“

Ég svaraði engu. En ég þóttist skilja, hvað karl væri að fara.

Ísabella lét ekki heldur sitt eftir liggja til að fá mig til að lofa því, að vera kyrr. „Þú verður kyrr hjá okkur, að minsta kosti hið næsta ár,“ sagði hún stundum við mig yfir borðum. „Ó, þú gjörir það fyrir mig, að fara ekki!“ sagði hún, þegar hún kom til mín úti í garðinum á daginn; „þú gjörir það þó fyrir mín orð.“ Og hún leit þá æfinlega til mín um leið mjög blíðlega og viðkvæmnislega, eins og ég væri bróðir hennar eða — unnusti. Þegar ég gekk út í garðinn á kvöldin og tunglsljós var, þá kom hún oft á eftir mér og gekk svo við hlið mína fram og aftur um göturnar, sem láu um þveran og endilangan garðinn. Og hún var alltaf að verða alúðlegri og innilegri við mig, og reyna til



ad láta mig finna það betur og betur, að hún álti mig jafningja sinn.

„Ó, ég veit að þér leiðist og að þig langar altaf heim til æskustöðva þinna!“ sagði hún einusinni; „ó, hvað ég vildi mikið vinna til þess, að þér hætti að leiðast, og að þú gætir unað hjá okkur! — Áttu systir á Íslandi?“

„Já, ég á systir þar,“ sagði ég.

„Ó, skrifðu henni að koma!“ sagði Ísabella, „þá leiðist þér síður. Ég skal vera henni góð og taka mér hana í systurstað. Ég á enga systir — engan bróður. Og þegar faðir minn deyr, verð ég einstæðingur og á þá engan vin.“ Hún lagði áherzlu á síðasta orðið, og mér sýndist tár koma fram í augu hennar.

„Ég er þér þakklátur,“ sagði ég; „en því miður mun systir mín aldrei fást til að yfirgefa áttthaga sína.“

„Ó, ég vorkenni þér þá enn meira!“ sagði Ísabella blíðlega; „á Íslandi er, ef til vill, einhver önnur sál, sem þér er enn þá kærari en systir þín? — Fyrirgefðu þó ég tali svona.“

„Nei, á Íslandi er enginn, sem mér er kærari en systir mín,“ sagði ég.

Og mér sýndist gleðibjarmi breiða sig yfir andlit hennar, þegar ég sagði þetta. Hún sleit ný-útsprungið blóm af litlu tré, sem stóð næst götunni, og rétti að mér. „Ég gef þér þetta blóm,“ sagði hún; „og ég skal ávalt vera systir þín.“

Ég tók við blóminu og þakkaði henni fyrir gjöfina, og ég þakkaði henni líka fyrir það, að vilja ganga mér í systurstað. En samt fanst mér, að ég ekki verða neitt gladari við það, þó hún gæfi mér blómið og byðist til að vera systir mín; það var jafnvel eins og mér þætti fyrir því — þætti fyrir því, að henni var orðið svona hlýtt til mín, — ekki þó mín vegna, heldur vegna hennar sjálfrar, því ég fann það

svo vel hjá sjálfum mér, að mér mundi aldrei geta þótt neitt verulega vænt um hana, hvernig sem á því stóð. Og ég reyndi heldur ekkert til að gjöra mér grein fyrir því. Piltar um tvitugt reyna sjaldan að gjöra sér grein fyrir tilfinningum sínum—allra sízt líkum tilfinningum og þeim, sem þá gjörðu vart við sig hjá mér og stríddu á móti því, að mér gæti nokkurntíma orðið innilega hlýtt til Ísabellu. En þær tilfinningar gátu þó ekki komið í veg fyrir það, að ég virti hana og kenndi í brjósti um hana.

En hversu alúðleg sem þau fedginin voru við mig, og hversu vel sem þau báðu mig að halda áfram að vera hjá þeim, þá gaf ég þeim ekkert loforð því viðvikjandi, en sagðist skyldi segja þeim af eða á um það, þegar ég væri búinn að tala við félagana mína. Ég sagðist fara til Rió de Janeiro á aðfangadag jóla, og koma aftur á nýársdag að öllu forfallalaus.

Svo kom aðfangadagur jóla. Litlu eftir dagmál lagði ég á stað áleiðis til Rió de Janeiro. Þegar ég var kominn upp á heðarbrúnina, settist ég niður og horfði yfir dalinn. Aldrei hafði mér þótt dalurinn eins fagur og þenna dag, né kastalinn eins reisulegur, og fossinn eins hvítur og mikilfenglegur til að sjá. Ég fann það nú hjá mér, að mér var farið að þykja vænt um þenna dal, og ég var búinn að taka nokkurskonar ástfóstri við fossinn. Ég hafði oft farið þangað tvo síðustu mánuðina og setið þar lengi í hvert sinn — setið þar og sungið öll þau kvæði, sem ég kunni um Ísland. Oft hafði ég orðið þar var við stúlkuna, sem ég sá fyrsta kvöldið, sem ég komi þar. En aldrei hafði ég fengið tækifæri til að tala við hana eftir það. Það var eins og hún forðaðist mig og stæði stuggur af mér. En því ákafari varð löngun mín til þess að kynnast henni. Ég hafði líka orðið þess oft var, þá um haustið, að Cajó fór vestur til kastalans, þegar dimt var úti. En hann

var þar aldrei mjög lengi í hvert skiftið. Og aldrei hafði ég verið svo óheppinn, að vera þá á vegi hans.

Ég veit ekki hvernig á því stóð, að ég sneri aftur þarna á heiðarbrúninni og stefndi beint vestur að fossinum. Það var eitthvert ómótstæðilegt töfra-afli, sem knúði mig til að snúa aftur og lokkaði mig og dró mig, nærri því nauðugan, vestur að fossinum. Ég fann að mér var alsendis ómögulegt, að halda áfram til borgarinnar, fyrr en ég væri búinn að sitja þar enn einusinni litla stund og hlýða á hina töfrandi tóna hans. Þeirri löngun minni, eða ástríðu, varð ég endilega að fullnægja, hvað sem það kostaði. Ég vissi að ég hafði nægan tíma til að komast til borgarinnar, þó ég færi vestur að fossinum og sæti þar nokkra stund; og ég gæti farið svo vestur yfir dalinn og til baka aftur, að Castilhó og fólk hans yrði ekki vart við mig.

Ég hlóp niður brekkuna og vestur yfir dalinn og upp hliðina að vestan — hljóp alt af við fót og leit aldrei aftur, fyrr en ég var kominn þangað sem stigurinn endaði upp við fossinn. Þar stóð ég um stund og horfði niður í gilið. Ég hafði aldrei áður verið þar um dagtíma, og þess vegna var nú gilið eins og nýr heimur fyrir augum mínum. Alt í einu hugkvæmdist mér að ganga niður í gilið. Bakkinn var ekki mjög brattur, þar sem sem ég stóð, og lá þar óglöggur stigur fram af brúninni. Ég fór þar niður og þræddi stiginn um stund. Hann lá í ótal krókum, og misti ég hans brátt í hinu þetta kjarri. Þegar neðar dró, varð bakkinn brattari, unz hann að lokum varð þverhniptur. Ég nam þar staðar. Langt fyrir neðan mig veltist kolmórauð áin áfram milli hárra kletta. Það var geigvænlegt að horfa þar niður; og það lá við að mig sundlaði, þó ég væri alvanur að ganga í kletta. Rétt fyrir neðan mig var ofurlítil tó, vaxin hvít-

um og rauðum blómum, sem ég hafði aldrei áður séð. Mig langaði til að skoða þessi blóm og stökk því niður í tóna, því ég sá að ég gat hæglega komist upp þaðan aftur. Ég var ekki fyrr kominn þar niður, en ég heyrði brak mikið í kjarrinu fyrir ofan mig; það var að heyra eins og þar væri stórt dýr á ferð. Ég leit upp til að vita, hvort ég sæi nokkuð hreyfast. Í somu andrúnni gætti ég að því, að ákaflega stór steinn kom fram af brúninni á klettastallinum, sem var fyrir ofan mig, og stefndi beint á mig. Ég sá strax að mér var bráður bani búinn, ef ég véki mér ekki undan. Ég vék mér því fljótlega til hliðar, þó ég hefði lítið svigrúm til þess; en steinninn hljóp fram yfir tóna og niður í gilið, og næstum straukst við aðra öxlina á mér um leið og hann fór fram hjá. En ég mátti ekki tæpara standa til þess að detta ekki út af brúninni. Varla hefir steinn þessi verið kominn alla leið niður í ána, þegar ég sá að annar steinn, miklu stærri en hinn fyrri, kom með ógnar kasti fram af brúninni fyrir ofan og stefndi á mig. Ég hafði engan tíma til að hugsa um það, hvernig á þessu grjóthruni gæti staðið. Öll mín hugsun á þessu augnabliki drógst saman utan um eitt atriði, og það var, hvernig ég ætti að bjarga mér úr þessum háska, sem vofði yfir mér. En það var að eins eitt einasta augnablik sem ég hafði til að hugsa um það. Þessi tó (eða kletta-stallur), sem ég stóð á, var á að gizka þrjár álnir á lengd og tvær á breidd, og stóð út úr hinum þve.hnípta bakka, ein og svo löng og breið hilla út úr vegg. Þegar fyrri steinninn stefndi á mig, stóð ég í miðri tónni, en þegar ég sá hinn síðari koma, stóð ég á blá-brúninni á austari enda þessarar kletta-hillu, fast upp við bjargið og studdist upp við það. Ég vissi að ég mátti ekki færa mig aftur á bak um einn einasta þumlung, því þá væri ég um leið kominn ofan fyrir hengiflugið. Og ekki mátti ég færa mig frá berginu,

Því þá var ég enn betur í vegi fyrir steininum, og ekki síður hætt við að ég færi. Þá fram af tónni. Ég sá því engan annan veg en þann, að laupa yfir í miðja tóna, ef kostur væri, og komast þar upp, áður en fleiri steinar kæmu niður.

Ég segi, að ég hafi haft að eins eitt einasta augnaolik til að hugsa mig um, hvernig ég ætti að forða mér frá steininum. Það var stuttur tími. En maður er stundum fljótur að sjá, hvað til bragðs á að taka, þegar um lífið er að tefla, þó maður sé endranær sérlega sljór og seinn að hugsa. Enda er það oftast edlishvót (instinct) fremur en hugsun, eða ígrundun, sem maður lætur stjórnast af í þannig lögudum tilfellum. Ég ætlaði nú að stökkva yfir í miðja tóna og vera fljótur, en rétt í því ég var að taka undir mig stökkið, sprakk ofurlítið stykki úr blá-brúninni á kletta-snöð þeirri, sem ég stóð á. Það kom dálítið hik á mig, og um leið kom steinninn að ofan og snerti aðra öxl mína og kastaði mér út af tónni. Í einhverju ofbóði greip ég í litla hríslu, sem óx út úr klettinum, hér um bil einu feti fyrir neðan tóna. Í þessa litlu hríslu hélt ég dauða-haldi og gat um leið tiltátanum á öðrum fæti í ofurlitla skoru í bjarginu. Þarna hékk ég um stund á milli lífs og dauða. Fyrir neðan mig var gljúfrið djúpt og geigvænlegt. Áin straumhörð og beljandi veltist þar fram milli þverhniþra klettanna. Það var allsendis ómögulegt fyrir mig að komast aftur hjálparlaust upp í tóna fyrir ofan. Það var líka þýðingarlaust fyrir mig að kalla á hjálp, því hávaðinn í fossinum var svo mikill, að þó einhver hefði staðið uppi á gilbarminum, þá hefði hann ekki getað heyrt til mín. Og svo var eins og ég hefði ekki neina krafta til að gefa hljóð af mér. Því ég var yfirkominn af dauðans skelfing, og lagði ósjálfrátt allt mitt lífsmagn fram til þess, að sleppa ekki taki á hríslunni, sem ég af tómri tilviljun hafði náð í. Nei, ég hafði engan

kraft aflögu til að kalla á hjálp. Ég þorði ekki að horfa niður fyrir mig, og ég fann, að ég mátti ekki hreyfa mig minstu vitund. Við og við köstudust steinar fram af brúnni báðum megin við mig, en enginn þeirra snerti mig; það var eins og að litla klettasnös, sem slútti fram fyrir ofan mig, hlífði mér fyrir þeim. Brátt fann ég það, að sá fóturinn á mér, sem ég hafði fest í klettaskorunni, var smátt og smátt að verða máttlaus; en aftur var eins og þungt blý-lóð hængi við hinn fótinn, sem ég gat hvergi tilt niður. Hendur mínar voru líka að dofna smátt og smátt. Móða kom fyrir augu mér, og mér heyrðist beljandinn í fossinum færast fjær og fjær og deyfast.

Hversu lengi ég hékk þarna, veit ég ekki, en mér fanst það vera heil eilífð. Það er nú alt eins og í draumi fyrir mér. Ég man það samt glögt, að ég reyndi alt í einu til að komast upp, og tók af öllum mínum kröftum í hríslna. En það fór fyrir mér eins og manni þeim, sem grípur í strá, þegar hann finnur að hann er að drukkna. Það var að eins örþrifarád — síðasta viðleitni til að bjarga lífinu. Hríslan var lítil og rætur hennar veikar. Hún lét undan og slitnaði upp með rótum. „Hjálp! Hjálp! Hjálp!“ hrópaði ég, eða mér fanst að ég hrópa — hrópa svo hátt, að enginn gæti hrópað hærra. En þó er alveg óvist, að ég hafi svo mikið sem bært varirnar, því dauðans skelfing á hæsta stigi fjötrar raddfærin; það er að eins hinn innri maður manns, sem hrópar um hjálp, en enginn heyrir það hróp, nema guð einn, því raddfærin eru bundin.

Ég hrapaði! — Í dauðans ofbodi reyndi ég til að grípa í bergfléttur og kletta-nybburnar, en það var alveg árangurslaust. Það sté myrkur fyrir augu mér, og mér fanst þau ætla út úr höfðinu. Það kom ógurleg suda fyrir eyrun; og það var eins og krampi gripi hverja taug í líkama mínum. Mér fanst að hjartað koma upp í hálsinn á

mér og hætta að slá, en lungun þenjast út og barmurinn ætla að springa utan af þeim. — Það er ómögulegt að lýsa með orðum því ástandi, sem ég var í þau augnablik; og enginn getur gjört sér rétta hugmynd um það, nema sá, er líkt hefir reynt.

Ég hrapaði—hrapaði lengra og lengra niður í hið geigvænlega gil. Ég var óðum að missa meðvitund. Alt í einu fann ég, að höfuðið á mér slóst við eitt hvað, og um leið fanst mér að undarlegur sársauki fara um mig allan; en svo hvarf sársaukinn alt í einu. Og um leið fanst mér, að mér líða vel. Ég fann það að sönnu—en mjög óljóst samt —að ég var að hrapa, en mér fór ekki að þykja það neitt óviðfeldið, eða óttalegt. Mér þótti það bara undarlegt, hvað gilið var djúpt, og hvað lengi ég var á leiðinni niður í ána. Ég ætlaði aldrei að komast þangað niður. En altaf var ég að hrapa—altaf stöðugt að hrapa. Gat það verið, að gilið væri botnlaust? hugsaði ég. (Ég var alt í einu farinn til að hugsa og álykta). Eða var ég svona lengi á leiðinni af því ég var svo léttur? Ég gat einhvern veginn ekki áttað mig á því. Nei, ekki var gilið botnlaust, þó það væri óviðjafnanlega djúpt. Ég fann það, þegar minst varði, að ég var hættur að rana — og ég kom hægt niður, fanst mér; það var eins og ég kæmi niður í mjúka dúnsæng. Það fór strax vel um mig. Ég fann ekkert til. En ég var þreyttur—óumræðilega þreyttur. Ég gat ekki hreyft legg né lið—svo þreyttur var ég. En mér þótti það ekkert undarlegt, þar sem ég var svo lengi búinn að hrapa. Ég heyrði lækjarnið skamt frá mér; það var lágur, mjúkur og sudandi niður, og eitthvað svo þægilegur fyrir eyrað. „Það er áin,“ hugsaði ég. Mig langaði til að opna augun og sjá, hvernig umhorfs væri þar niðri í giliinu, en ég gat ekki opn- að þau—augnalokin voru svo þung, og ég var svo þreyttur og máttvana. — En ég gat heyrt.



Alt í einu varð eg þess var, að einhverjir voru að tala nálægt mér. „Detta—detta!“ sagði einhver. Það var vafalaust Móses. Mig langaði til að kalla á Móses, en ég fann, að ég gat ekki bært varirnar—ég hafði engan kraft til þess. Það var ys og þys í kring um mig. „Upp!“ sagði einhver. Ekki var það Móses, og ekki heldur Nói. „Upp—upp!“ Og ég fann að ég hófst á loft, en samt gat ég ekki fundið, að neinn snerti á mér. Ég leið upp í loftið—að mér fanst—hærra og hærra. Og alltaf var ys og þys í kring um mig, og alltaf var einhver að tala rétt við eyrun á mér; og sá, sem var að tala, var svo móður, að ég hélt hann mundi springa þá og þegar, en ég hafði ekki minstu hugmynd um, af hverju hann gæti verið móður. „Upp—upp!“ sagði hann; „í guðs bænum, upp! — Hærra—hærra og enn hærra!“ Og ég fór alltaf hærra. Ég var svo léttur—léttur eins og fis. En ég var samt svo þreyttur, svo óumræðilega þreyttur. — Alt í einu heyrði ég, að marraði í þungri hurð; og um leið fann ég, að mér var sveiflað til, eins og ég væri í rólu. En það varaði stutta stund.

Skömmu síðar var ég kominn í rúm, en hvort það var mitt eigið rúm, eða einhvers annars, hafði ég ekki minstu hugmynd um, og ég reyndi ekkert til að brjóta heilann um það. Og ekki vissi ég heldur, hvort rúmið var mjúkt eða hart, lítið eða stórt; en ég vissi, að það var rúm og að það fór vel um mig í því. Ég fann sem snöggvast til „nálar-dofa“ í yljunum og lófunum, en sú tilkenning leið frá undir eins. — Það voru einhverjir í kring um mig. „Exilóna!“ sagði einhver; „hjartað—það bærisk ekki að eilífu!“ Röddin var dimm og djúp, eins og niðurinn í Huldu-fossi, og það var eins og hún kæmi neðan úr djúpum jarðarinnar. Ég kannadist ekki við röddina. „Exilóna!“ sagði röddin, „þú vilt stofna okkur í



vandræði. Flytjum hann þangað, sem hann lá. Hann lifnar ekki að eilífu!“ —Mér fanst eins og eitthvað mjúkt koma við barm minn í hjarta-stað. „Hjartað bærisk,“ sagði önnur rödd; hún var þýð og lýsti viðkvæmni, en það var eins og þykkur veggur væri milli mín og þeirrar persónu, sem átti þá rödd. „Hjartað hans bærisk—hann lifir —hann lifir!“ „Þú ábyrgist afleiðingarnar,“ sagði dimma röddin; Exilóna, þú skalt ábyrgjast þær!“ „Ég skal ábyrgjast þær,“ var svarað. „Og jólin!“ sagði dimma röddin; „það verða dauf jól fyrir þig.“ „Jólin—jólin!“ sagði þriðja röddin—sú rödd var langt, langt í burtu. „Ave Maria! Jólin—jólin!“ Ég skal annast hann,“ sagði þýða röddin; „ég skal vera hinn miskunnssami Samaríti í þetta sinn. Far þú, Exilóna!“ var sagt í dimmum róm, „miskunnsemin nær ekki til hinna framliðnu.“ —„Jú.“ —„Nei, ekki miskunnsemi *mannanna*.“

Mér heyrðist hurðu vera skelt aftur langt í burtu, og það hringlaði í einhverju, eins og járn-hlekkjum. Hringlið færðist fjær og fjær og varð altaf daufara og daufara —varð að lokum eins og ómur í mörgum litlum silfur-bjöllum í mikilli fjarlægð. Svo komi löng þögn—óumræðilega djúp kyrð og ró, eins og kyrð og ró grafarinnar.

Mig langaði til að opna augun, en mér var það alveg ómögulegt, hvernig sem ég reyndi. Við og við fanst mér, að eitthvað mjúkt koma við barm minn í hjarta-stað og hendur mínar hreyfðar með hægd. Ég fór ekki að brjóta heilann um það. hvar ég væri. Mér fanst það fara undur vel um mig. Ég fann hvorki til hita né kulda, hungurs né þorsta, né nokkurrar löngunar. Ég fann að eins til þess, að ég var þreyttur, svo þreyttur, að ég gat ekki hreyft augnalokin — og ég vildi hvíla mig um aldur og ævi. En ég vissi ekki af hverju ég var þreyttur og vildi hvílast um aldur og ævi. Því ég hugsaði nú ekkert, mundi ekkert

og vissi ekkert — vissi ekki einusinni hvaðan ég var, eða hver ég var, og kærði mig ekkert um að vita það. Fyrir hugskotsaugum mínum var fortíðin tóm, framtíðin óskapnadir einn, og nútíðin að eins dauf skíma. Ég vissi að eins, að ég var ég—að ég var einhver vera, sem var óumræðilega þreytt og var að hvilast um aldur og ævi.

Hversu lengi ég var í þessu ástandi, veit ég ekki með vissu. En allt í einu heyrði ég þýðan og töfrandi hljóðfærslátt í fjarlægð, sem smátt og smátt vakti mig til meðvitundar um lífið (að nokkru leyti að minsta kosti), leysti hugsunar-afli mitt úr dróma og opnaði mér nýjan heim — dýrðlegan og töfrandi heim hinna ljúfustu hugsjóna. — Hljóðfærslátturinn færðist hægt og hægt nær og nær, og varð altaf meir og meir hrifandi og töfrandi og lífgandi. Svo fanst mér að tónarnir verða að bárum á reginhafi, þær stækka smátt og smátt, unz þær að lokum urðu að stórum logn-öldum, sem veltust áfram í áttina til mín — allar stefndu þær til mín, og komu til mín hver á fætur annari, og lyftu mér upp, tóku mig með sér og fluttu mig áfram út á reginhafið, þar sem ekkert sást—enginn himinn, enginn sjóndeildarhringur—ekkert, nema reginhafið. Og áfram barst ég á logn-öldum tónanna út á hið takmarkalausar regindjúp söngsins.

En allt í einu kom suðræn gola yfir hafið, svo þýð og hressandi. Það sló fölvum glampa á öldurnar — og það birti smátt og smátt. Ég sá himininn, og tunglið óð í skýjum. Ég sá borg út við sjóndeildarhringinn. Þangað stefndi ég. Og fyrr en mig varði, var ég kominn inni stóra og skrautlega höll. Hún var uppljómuð af ótölulegum grúa af rauðum og bláum blysum. Veggirnir voru vaxnir fögrum og ilmsætum blómum og jurtum. Inn um annan stafninn á höllinni kom stór á, og myndaði foss, og féll inni miðja stofuna, og veltist áfram eftir gólfinu,

straumhörð og hvítfyssandi. Og fossinn varð alt í einu að yndisfríðri ungru konu í mjallhvítum skrúða. Hún spilaði á gítar og söng undir. Og lagið var svo ljúft og þýtt og svo sætt, og röddin svo mjúk og fögur og elskuleg, og orðin svo háleit og huggandi, að mér fanst ekkert geta komist í samjöfnuð við það. Og lagið var himnalag, röddin engilrödd, og orðin guddómleg orð. Og hin yndisfríða, tígulega kona í mjallhvíta skrúðanum leið svo alt í einu fram til mín og brosti blíðlega og systurlega. „Gledileg jól,“ sagði hún; „gledileg jól, ungi Íslendingur! Þú lifir! Þú lifir!“ Og ég fann að nýtt lífsmagn færðist um mig allan. Ég ætlaði að fara að hneigja mig fyrir konunni og sýna henni djúpa lotningu, en þá fann ég um leið til sárar verkja aftan í höfðinu. Hin líkamlegu augu mín opnuðust eins og af sjálfu sér. Ég sá að ég var í rúmgóðu og skrautlegu herbergi; og morgunsólin skein inn um stóran glugga. Ég lá í mjúku og góðu rúmi. Og á stól við rúmið sat yndisfríða, tígulega unga konan í hvíta skrúðanum, sem ég hafði séð í drauminum, og það var sama stúlkan, er ég hafði séð, þegar ég fór í fyrsta skiftið upp að fossinum.

„Þú lifir!“ sagði þessi ástúðlega stúlka; „ég vissi að þú myndir lifa.“ Og hún brosti blíðlega, og gleðin ljómáði úr fallegu augunum hennar.

„Hvar er ég?“ sagði ég.

„Í Castró-kastalanum. Þetta er herbergið mitt.“

„Hvað heitir þú?“ sagði ég.

„Exilóna—Exilóna Castró. En hvað heitir þú?“

„Haraldur,“ sagði ég; „ég er Ískadingur og vinnumaður herra Castilhós.“

„Ég hefi séð þig nokkrum sinnum. En þú verður nú að vera rólegur og láta þér batna fljótt. Ég ætla að vera hjúkrunarkonan þín, því það var ég, sem tann þig með-

vitundarlausan niðri í gílinu, og kom því til leiðar, að þú varst borinn hingað. — Það vantaði lítið á, að þú hefðir lent í ána.“

„Ég þakka þér,“ sagði ég, „og skal álíta þig lífgjafa minn. En er ég mikið meiddur?“ Ég fann til sárra verkja.

„Ekki hættulega,“ sagði Exilóna og leit undan; „þú hefir samt meitt þig allmikið aftan á höfðinu, og vinstri handleggur þinn er brotinn. En þér batnar fljótt, ef þú verður rólegur.“

„Ég skal vera rólegur,“ sagði ég.

En sársaukinn var alltaf að verða meiri og meiri, svo ég ætlaði ekki að afbera hann hljóðalaust. Og ég fann að ég gat ekki hreyft mig neitt. — En ég reyndi til af öllum mætti, að bera mig karlmannlega og vera rólegur.

---

### X.

Í nokkra daga var ég mjög þungt haldinn. En svo kom batinn hægt og hægt. Sársaukinn minkaði smátt og smátt, og hitaverkurinn hvarf. En samt var langt frá því, að ég væri enn fær um að klæðast. Exilóna hjúkraði mér og annaðist mig eins og bezta systir. Og fyrstu dagana, sem ég var í kastalanum, sá ég engan annan en hana. En ég heyrði stundum manna-mál, bæði fyrir framan dyrnar á herberginu og eins uppi á loftinu. Og oft heyrði ég hljóð-færaslátt eins og í fjarlægð.

Þegar ég fór ögn að hressast, fór Exilóna að spyrja mig um hagi mína og kringumstæður. Hún vildi líka fræðast um Ísland og Íslendinga. Ég sagði henni margt nm þjóð mína og áttaga — en þó eingöngu það, sem fagurt var og gott, en gat ekki um neitt, sem kastað gæti skugga

á Íslendinga. Henni þótti það undrum gegna, hvað þeir voru gáfaðir og göfugir og vel upp lýstir, og hvað þeir voru þrekmiklir og þolgóðir — hvað piltarnir voru hraustir og hugprúðir, stúlkurnar fríðar og hreinar í hjarta. Hún hafði yndi að heyra um ýmsa búnaðarháttu á Íslandi: um tóvinnuna á vetrum, um fráfærurnar á vorin (hún kenndi samt í brjósti um litlu lömbin), um heyskapar-aðferðina á sumrum, og fjallgöngurnar á haustin. Hvað hún varð hrifin af að heyra um litlu hestana þreklegu og fótvísu, og fallega féð mislita og hornóttá, stekinn og kviarnar og smalann og mjaltastúlkurnar! En kynlegast þótti henni að heyra um skauta- og skíðferðirnar á vetrum. Hún átti svo bággt með að skilja í því, að vatnið í loftinu skyldi geta orðið að hvítu dufti, sem menn kölluðu „snjó“, og að þykk og hörð skán (*ís*) skyldi geta myndast á vatninu, svo menn og skepnur gætu gengið þurrum fótum yfir breið stöðuvötn og straumharðar stór-ár. Hún hafði ekki minstu hugmynd um *frost*, og *snjó* og *ís*, sem ekki var heldur von, þó hún að vísu hefði oft heyrt þess getið og lesið um það. Og hana langaði mjög til að ferðast til þeirra landa, þar sem öll þessi undur skéðu á ári hverju. Hún hugsaði, að þar hlyti að vera gaman að eiga heima.

En hún sagði mér líka margar sögur, sem ég hafði ekki minni mætur á, en hún á frásögum mínum um Ísland og Íslendinga.

„Hvað á ég nú að lesa þér?“ sagði hún einn morgun, þegar hún kominn til mín og settist við rúmstokkinn minn; „á ég að lesa þér kafla úr kvæðinu: *Os Lúsiadas*“ eftir hann *Camóens*? Eða á ég að lesa þér eitthvað eftir hann *Manóel de Bó cage*, þjóðskáldið mikla? — sum smákvæðin hans eru með því fallegasta, sem ort hefir verið á portúgalska tungu. Eða kann ské þú viljir heldur að

ég lesi þér: *„Cancioneiró dél Rei Dom Diniz“* (ljóðmælin eftir Diniz konung)? — Diniz konungur var sá fyrsti, sem orkti góð kvæði á portúgölsku. En kvæðin hans týndust. Og svo liðu margar aldir. En snemma á þessari öld fundust þau aftur í stóra bókasafninu í Rómaborg, og voru prentuð árið 1847. Þau eru mikið fallettri og hreinni en ástar- og æfintýra-ljóð miðalda-skáldanna (*troubadour*) á Suður-Frakklandi, sem svo margir hér í Brazíliu taka fram yfir allan kveðskap. — Á ég þá að lesa þér kvæðin eftir hann Diniz konung?“ og Exilóna leit brosandí til mín.

„Ég er hræddur um að ég geti ekki skilið þessi ljóð,“ sagði ég; „ég vildi heldur að þú segðir mér stutta sögu.“

„Jæja þá!“ sagði Exilóna brosandí; „ég skal með á-nægju segja þér sögu; og það kal þá vera sagan af *Rósinni í Ríó*. — Hún er sönn.“

„Þá sögu vil ég heyra,“ sagð ég.

Ezilóna lagaði ofurlítið á sér hárið, og sagði mér svo söguna.

Hún er svona:

### SAGAN AF RÓSINNI Í RÍÓ.

Einusinni snemma á öldinni, sem leið, (átjándu öldinni), bjó fátækur steinhöggvari í snotru steinhúsi kippkorn fyrir vestan Ríó de Janeiró, sem þá var að eins stórt þorp. Hann var ekkjumaður, þegar þessi saga gjörðist. Hann átti dóttur eina, er Linda hét. Hún var fríð sýnum og góðum kostum búin, og unnu henni hugástum allir, sem nokkur kynni höfðu af henni. Og menn kölluðu hana: „*Rósina í Ríó*.“ Þá er hún var litil stúlka, lék hún sér oft á litlum hól fyrir vestan húsið. Einusinni er hún var að-jeika sér þar (hún var þá tíu ára gömul), kom litill dreng-

ur á hennar reki á hólinn til hennar. „Viltu leika þér við mig?“ sagði drengurinn. Hann var í grænum fötum, og augun hans voru falleg og blá eins og heiður himinn. „Já, ég vil leika mér við þig,“ sagði Linda litla. Og svo léku þau sér alt til sólarlags. „Nú verð ég að fara heim,“ sagði drengurinn. „Hvar áttu heima?“ „Fyrir vestan fjöllin,“ sagði drengurinn. Hann hljóp svo í áttina til fjallsins. Linda horfði á eftir honum, unz hann hvarf inni skóginn í hlíðinni. Þegar steinhöggvarinn kom heim frá starfi sínu um kvöldið, sagði Linda honum frá ókunnuga drengnum, sem komið hafði til hennar um daginn.

Ég hefi aldrei séð neinn dreng í grænum fötum,“ sagði faðir hennar, „og ég veit ekki af neinum hvítum manni, sem býr fyrir vestan fjöllin. Þetta hefir verið einhver drengurinn hérna í þorpínu, og hefir verið að leika huldu-dreng — því huldufólkið í Brazíliu á að vera í grænum búningi, en það er þó ekki til.“ Daginn eftir, þegar Linda var nýfarin til að leika sér á hólnum, kom drengurinn aftur til hennar. „Viltu leika þér við mig í dag?“ sagði hann. „Það vil ég gjarnan,“ sagði hún. Og nú léku þau sér saman alt til sólarlags. „Nú fer ég heim,“ sagði drengurinn. „Þú átt heima hérna í þorpínu,“ sagði Linda litla; „þú þyrðir ekki að fara einn yfir fjöllin, og svo býr þar heldur ekkert hvítt fólk.“ „Jú, mamma mín og ég búum fyrir vestan fjallið,“ sagði drengurinn; „og ég er ekki hræddur við að fara einn yfir fjöllin, jafnvel þó myrkur sé.“ Svo hljóp hann á stað vestur til fjallsins og hvarf inni skóginn í hlíðinni. Daginn eftir kom drengurinn og lék sér við Lindu litlu á hólnum. Og í marga daga kom hann, og þau léku sér altaf saman, þangað til að komið var undir sólarlag; þá hljóp hann ævinlega á stað vestur til fjallsins og hvarf þar inni skóginn. Og Lindu þótti altaf vænna og vænna um hann, því hann



var svo miklu kurteisari og alt öðruvísi en hin börnin, sem hún þekti þar í þorpinu, og svo vildu þau svo sjaldan leika sér við hana, af því að faðir hennar var bara einfaldur steinhöggvari og fátækur í tilbót. En enginn þar í þorpinu sá dreng þenna, nema hún ein, því hann kom aldrei til að leika sér við hana, nema þegar hún var ein á hólnum. „Hvað heitir þú?“ sagði hún einusinni við hann. „Ég má ekki segja það núna,“ sagði hann; „en mér þykir ósköp vænt um þig.“ „Og mér þykir líka ósköp vænt um þig,“ sagði Linda litla og stakk svuntuhorninu í munninn. „Viltu verða konan mín, þegar við erum bæði orðin stór?“ sagði drengurinn. „Já, ég skal verða konan þín, þegar ég er orðin stór,“ sagði Linda litla og beit í svuntuhornið og togði í. — Svo fór drengurinn sína leið, og hún sá hann ekki aftur í mörg ár; en hún mundi alltaf hverju hún hafði lofað.

Linda varð sextán ára. Hún bar þá af öllum öðrum stúlkum í Ríó de Janeiró., hvað fríðleik og háttprýði suerti. „Satt er það,“ sagði fólk, „já, víst er það satt, að fríð er hún, Rósín í Ríó!“ Og augu allra ungu piltanna þar í þorpinu mændu á þessa yndisfríðu mey — og enga nema hana. En hún leit ekki við neinum þeirra, því hún mundi, hverju hún hefði lofað litla drengnum í grænu fötunum. — — Svo var það einn dag, þegar hún var rúmlega sextán ára, að pilturinn í grænu fötunum kom til hennar, þar sem hún var að huga að blómum fyrir vestan hólinn. Hann var enn í grænum fötum, en hann var nú ekki lengur lítill. Hann var nú vöxtulegur og vænn sýnum, og bar langt af öllum þeim piltum, sem Linda hafði nokkru sinni þekkt. „Viltu koma með mér upp í fjallshlíðina?“ sagði pilturinn. „Það vil ég gjarnan,“ sagði Linda og varð kafrjód í framan. Svo gengu þau upp í hlíðina. „Viltu nú koma með mér upp á brúnina?“



sagði pilturinn. „Nei, það þori ég ekki,“ sagði hún. Hann fylgdi henni þá aftur niður á hólinn, sneri þar við og gekk inní skóginn og var mjög dapur í bragði. Linda fór svo heim til sín og var hnuggin um kvöldið; en ekki sagði hún neinum, að hún hefði fundið piltinn. Daginn eftir kom pilturinn til Lindu. „Gaktu nú með mér upp á fjallsbrúnina,“ sagði pilturinn. „Svo mikið vil ég gjöra fyrir þig,“ sagði hún. Svo gengu þau upp á fjallsbrúnina og fóru hægt. „Kondu nú með mér yfir á vestari heiðarbrúnina,“ sagði pilturinn þegar þau voru komin upp á fjallið. „Nei, það þori ég ekki, elsku vinur,“ sagði hún, „ég er svo hrædd!“ Nú varð pilturinn mjög dapur í bragði. En hann fylgdi Lindu aftur niður á hólinn og hvarf síðan. Næsta dag kom pilturinn á ný. „Þorirðu nú ekki að koma með mér yfir á vestari heiðarbrúnina, elsku vina?“ sagði hann. „Jú, nú þori ég að fara með þér, elsku vinur,“ sagði hún. Þau lögðu nú á stað, og leiddust, og námu ekki staðar fyrr en þau voru komin yfir á vestari heiðarbrúnina. „Sérðu dalinn þarna?“ sagði pilturinn. „Já,“ sagði Linda. Hún sá djúpan og fagran dal blasa við sér. „Þykir þér ekki dalur þessi fagur?“ „Jú, fagur er hann vist,“ sagði hún. „Sérðu fossinn þarna í hlíðinni á móti?“ „Já,“ sagði hún, „og hann er til að sjá eins og kona í hvítum skrúða.“ „Komdu nú með mér vestur að fossinum,“ sagði pilturinn, „og ég skal aldrei biðja þig að fara lengra með mér en þangað; ó, neitaðu mér ekki um þessa bæn — elsku, hjartans vina, neitaðu ekki!“ „Áttu þar heima?“ spurði Linda. „Ég má ekki segja þér neitt um það, fyrr en við komum þangað. Viltu koma, hjartans vina?“ „Æ, ég þori ekki að fara þangað, hjartans vinur; ég er svo hrædd,“ sagði Linda. Og hjartað hardist ákaflega í brjósti hennar því hún hugsaði að það gæti skéd, að pilturinn væri huldusveinn. „Þú ætlar þá ekki

ad fara með mér vestur að fossinum?“ sagði hann. „Æ, elsku hjartans ástvinur minn!“ sagði Linda, og tár runnu niður vanga hennar; „þú mátt ekki biðja mig um að fara með þér vestur að fossinum, því mér stendur svo mikill stuggur af honum. Ég skal alltaf fara með þér hingað á heidarbrúnina, en aldrei lengra?“ „En manstu, hverju þú lofadir, þegar þú varst litil?“ „Já, ég man það, hjartans vinur.“ „Ætlarðu að enda það loford?“ „Já; en fyrst verður þú að tala við föður minn og láta okkur vita, hvað þú heitir og hverra manna þú ert.“ „Ég get það ekki, elsku vina, ég get ekki sagt þér neitt um það, fyrr en þú kemur með mér upp að fossinum,“ sagði hann. Hún varð þá enn hræddari en fyrr. „Fylgdu mér aftur heim,“ sagði hún. Hann varð þá mjög dapur í bragði. En hann fylgdi henni að hólnum og talaði ekki við hana alla leiðina. „Mundu það, hjartans ástvina mín,“ sagði hann, þegar þau námu staðar við hólinn; „mundu það, að þú ert heitmey mín; og einhvern tíma kem ég að sækja þig.“ „Ég gleymi þér aldrei, hjartans vinur,“ sagði Linda, og það komu aftur tár í augu hennar. Svo kyssti hann heitmey sína, og hélt síðan á stað inni skóginn í hlíðinni.

Svo liðu þrjú ár. Og aldrei, allan þann tíma, kom pilturinn í grænu fötunum til að finna heitmey sína. Og Linda var alltaf heima í húsi föður síns, og beið unnustans. Á hverjum degi þegar sólskin var, gekk hún yfir á hólinn og horfði til hlíðarinnar, og beið og vonaði. „Ó, hví fór ég ekki með honum alla leið vestur að fossinum, þegar hann bað mig svo heitt og innilega!“ sagði hún við sjálfa sig oft og mörgum sinnum. Og hún grét stutt og lengi, og hvítu rósirnar á hólnum urðu votar af tárum hennar. En unnusti hennar kom ekki að heldur.

Um þessa mundir var sá maður bæjarstjóri í Río de Janeiro, er Ferreira hét. Hann var maður hníginn á efri

aldur. Grimmur var hann í lund og illúðlegur sýnum. Hann var búinn að vera ekkjumadur í nokkur ár, þegar hér var komið sögunni. Það var einn dag, að hann gekk þangað, sem steinhöggvarinn var við starf sitt. „Ég ætla að gjöra þig að gæfumanni,“ sagði Ferreira við steinhöggvarann. „Lengi lifi bæjarstjórinn!“ sagði steinhöggvarinn og hneigði sig djúpt. „Ég ætla að veita þér þann heidur að gjörast tengdasonur þinn,“ sagði Ferreira. „Það er vissulega alt ofmikill heidur fyrir mig,“ sagði steinhöggvarinn og jörðin hringsnerist fyrir augunum á honum. „Ég veit það, vesæll maður, að þú átt ekki þann heidur skilið,“ sagði Ferreira og setti á sig stórbokka-svip. „En þrátt fyrir það ætla ég að gjörast tengdasonur þinn. Og hinn þriðja drottinsdag hér frá verðum við Linda dóttir þín gefin saman í heilagt hjónaband í sjálfri dómkirkjunni.“ „En ég er svo hræddur um, að dóttir mín vilji ekki giftast að svo stöddu; hún er svo einþykk,“ sagði steinhöggvarinn vandræðalegur. „En hún verður að giftast mér, hvort sem henni líkar betur eða ver. Ég hef ásett niér að gjöra ykkur bæði gæfusöm, af því hún er fríð,“ sagði Ferreira. „Í herrans nafni sjáðu aumur á mér,“ sagði veslings steinhöggvarinn og fór að gráta, „ég get ekki risið undir svo mikilli gæfu og svo háum heidri. Og ég get líka sannfært náðugan bæjarstjóran um það, að dóttir hans Simonar nábúa míns er þúsundfalt fríðari en hún Linda.“ „Bull og þvaður!“ sagði Ferreira byrstur, „dóttir þín verður konan mín, hvað sem það kostar; og ef þú dirfist að malda í móinn, þá læt ég lemja þig með svipum eins og hund. Heyrirðu það?“ „Ég heyri og hlýði,“ sagði aumingja steinhöggvarinn. Hann fór svo heim og sagði dóttur sinni, hvað í efni var. Og þau grétu bæði sárt og lengi, því þau vissu, að ekki tjáði að deila

við bæjarstjórnann:—Því það sem hann skipaði hlaut jafnan fram að ganga.

Xvöldi þess drottinsdags, sem Ferreira hafði tilvar dómkirkjan í Rió de Janeiro troðfull af fólki. Þar var allt hið heldra fólk bæjarins saman komið. Kirkjan var uppljómuð af ótölulegum grúa af kertaljósum, og hún var prýdd eins og á stórhátíð. Presturinn var kominn fyrir í altarið, og fyrir framan hann stóðu brúðhjónin og brúðarsveinarnir og brúðarmeyjarnar. Linda var búin fegursta skróða, en hún var döpur í bragði og föl eins og lík. „Frið er hún, Rósin í Rió!“ hvislaði fólk, „en brátt mun hún ekkja verða.“ En þegar presturinn var að byrja hina helgu athöfn, þá var kirkju-hurðinni hrundið upp, og inn á gólf, gekk ungur maður vasklegur og vænn sýnum. Hann var í grænum kuffi. Hann gekk rösklega inn kirkju-gólf og alt inn að altarinu, þreif brúðina í fang sér og hljóp með hana út. Fyrir utan kirkjudyrnar stóðu tveir hestar söðlaðir, var annar dökkur á lit, en hinn hvítur. Hinn ungi maður setti Lindu á hvíta nestinn, en sjálfur fór hann á bak hinum dökka. Að fáum mínútum liðnum voru þau komin vestur úr þorpinu og stefndu til fjallanna, og fóru geyst. Fólk, í kirkjunni stóð eins og steini lostið fáein augnablik, og vissi ekki hvað það átti að halda um þetta ofdirfskufulla tiltæki hins unga manns í græna kuffinum. En gamli Ferreira áttaði sig von bráðar. „Veitið þeim eftirför!“ hrópaði hann; „og hverjum þeim, sem nær þeim lifandi, skal ég gefa hundrað gull-peninga nýslegna.“ Fimm ungir riddarar gáfu sig undir eins fram. Þeir tóku vopn sín, stigu á hesta sína og ridu alt hvað aftók á eftir brúðurinni og manninum í græna kuffinum. Þegar þeir komu upp á fjallsbrúnina, sáu þeir þau skamt á undan sér, því tunngljós var á. Þau stefndu vestur yfir fjallið. Riddararnir keyrðu nú hesta sína

sporum og þóttust vissir um, að geta brátt náð þeim. En hversu geyst sem þeir fóru þá voru þau þó alt af spölkorn á undan þeim. Það hvorki dró sundur né saman með þeim og riddurunum. Þegar þau komu á vestari fjallsbrúnina, skutu þeir á hvíta hestinn, sem brúðurin sat á. Hesturinn féll þegar dauður niður. En um leið kippti maðurinn í græna kuffinum brúðinni upp á dökka hestinn og reiddi hana fyrir framan sig. Nú héldu þau niður í dalinn, og riddararnir á eftir, eins hart og hestar þeirra gátu farið. Það dró heldur sundur en saman með þeim og riddurunum, meðan þau voru að fara yfir dalinn. En þegar kom upp í hlíðina að vestan, veitti hestum riddaranna ögn betur. Nú héldu þau upp með gilinu, og altaf var að verða styttra og styttra milli dökka hestsins og riddaranna. og þegar kom upp á móts við fossinn, voru að eins fáir fadmar milli þeirra. Riddararnir miðudu nú byssum sínum á dökka hestinn og hleyptu af. Hesturinn féll og var þegar dauður. Þeir stukku nú af baki, og ætluðu að grípa brúðina og hinn unga mann höndum. En þau voru alt í einu horfin; og hvernig sem þeir leituðu þar í gilinum um nóttina, þá fundu þeir þau hvergi. Daginn eftir leituðu þeir, en það kom fyrir ekki; þau fundust hvergi. Þeir fóru svo heim kvöldið eftir, og sögðu sínar farir ekki sléttar.—Menn gátu þess til, að þau hefðu kastað sér í fossinn, og að áin hefði borið lík þeirra út í sjó.

Nokkrum dögum síðar hvarf steinhöggvarinn, og sást hann aldrei eftir það, og vissi enginn í þorpinu, hvað af honum varð. Hugðu sumir, að hann hefði orðið sturlaður, og ráfað vestur að fossinum og drekkt sér þar.

Svo liðu tvö ár. Þá var það eina nótt, að ein ljósmóðirin í Rió de Janeiro var vakin upp af fasta svefni af ókunnugum manni. Hann bað hana að koma með sér hið

skjótasta til konu, sem lægi í barnsnauð og væri langt leidd. Ljósmodirinn bjó sig í flýti og lagði á stað með manningum. „Er langt þangað sem konan býr?“ sagði ljósmodirinn. „Spölkorn fyrir vestan þorrið,“ sagði ókunnugi maðurinn. En þegar þau voru komin vestur fyrir þorrið, þá mætti þeim piltur með tvo dökka hesta. Maðurinn setti ljósmodurina á bak öðrum hestinum fyrir aftan piltinn, en sjálfur fór hann á bak hinum. Svo héldu þau á stað upp fjallið. „Er nú langt eftir?“ sagði ljósmodirinn. „Það styttist óðum,“ sagði maðurinn. Þau héldu nú áfram yfir fjallið, og ljósmodirinn var alltaf að spyrja, hvort nú væri langt eftir. En maðurinn sagði alltaf: „Það styttist óðum, — það styttist óðum.“ En þegar þau komu vestur í miðjan dalinn, þá sagðist maðurinn verða að binda fyrir augu ljósmodurinnar, því hún mætti ekki sjá hús sængurkonunnar að utan, og mætti ekki vita, hvar það stæði. Ljósmodurinn, sem var kjarkmikil kona og einbeitt, leyfði manningum að binda klút fyrir augu hennar, þó henni þætti það næsta kynlegt, að hún skyldi ekki meiga sjá, hvert hún var að fara. Svo héldu þau áfram um hrið. Ljósmodurinn fann að þau fóru upp bratta brekku, og hún heyrði fossnið. Hún vissi að þau færðust alltaf nær og nær vatnsfalli; og loksins fanst henni, að þau vera komin fast að einhverjum miklum fossi. Þá staðnæmdust hestarnir; hún var tekin af baki hestinum og leidd nokkra fadma; hún fann að hún fór niður snarbratta brekku, en hún sá ekki neitt. „Er nú langt eftir?“ sagði ljósmodirinn. Henni var ekki farið að verða um sel. „Við eigum nú að eins örfá fótmaal eftir,“ sagði maðurinn. Nú fanst ljósmodurinni, að þau fara inn á bak við fossinn. Hún gekk upp nokkrar steintröppur; svo tók við slétt gólf lagt hellum. Eftir þessu hellu-gólfi fóru þau um hrið. Fossniðurinn færðist nú fjær og fjær, unz hann að

lokum dó út eins og í fjarska. Alt í einu tók maðurinn klútinn frá augum ljósmóðurinnar. Hún sá, að hún var í allstórum helli, sem var að sjá umir út úr öðrum stærri. Af-hellir þessi var allur tjaldaour dýrustu dúkum og silki, svo hvergi sá í klettinn, nema þar sem gengið var inn í hann. Á miðju gólfu var vel um vandað rúm; þar lá ung kona, og var hún mjög þunnt haldin. Öldruð kona stóð við rúmstokkinn. Hún var góðleg á svip og tíguleg. Ljósmóðirin tók nú til verka, og þjónaði hinni ungu konu, og gekk alt vel. Kvöldið eftir kom maðurinn, sem hafði sókt hana. Hann batt nú klút fyrir augu hennar og fylgdi henni heim til Rió de Janeiro; en klútinn tók hann frá augum hennar, þegar þau voru komin austur í miðjan dalinn. Um leið og hann kvaddi hana fékk hann henni tuttugu gull-peninga. Og hún sá hann aldrei eftir það.

—Hún þóttist viss um, að unga konan, sem hún hafði hjálpað, hefði verið *Rósín í Rió*, og engin önnur.

Þegar þessi saga ljósmóðurinnar barst til eyrna hinum gamla, grimma Ferreira, þá sendi hann undir eins nokkra menn vestur að fossinum, til þess að leita að hellinum. En hvernig sem þeir leitudu, fundu þeir hann aldrei.

Nokkrum árum síðar var kastali byggður skamt fyrir sunnan fossinn. Þá er hann var fullgjör, flutti þangað greifi sá, er Castró hét, og með honum var kona hans (framúrskarandi fríð kona), tvö börn þeirra og fjöldi þjóna og þjónustukvenna. En enginn í Rió de Janeiro vissi hvaðan fólk þetta kom, og enginn af þorps-búum var viðstaddur, þegar það flutti í kastalann. — Og lýkur svo sögunni af dóttur steinhöggarans, eða „Rósinni í Rió.“

\* \* \*

„Og er þetta sami kastalinn?“ sagði ég.

„Já,“ sagði Exilóna, „og þessi Castró, sem lét byggja



kastalann, var langafi föður míns, og var enginn annar, en ungi maðurinn í græna kufinum, sem var af audugri, portúgalskri aðals-ætt. Hann ólst upp við fátækt; en þegar hann var nýkvæntur, varð hann alt í einu stórauðugur, því afi hans, sem var völdugur greif í Portúgal, arfleiddi hann að öllum eignum sínum.“

„Svo *Rósin í Ríó* var langamma föður þíns?“ sagði ég.

„Já, sagði Exilóna og brosti, „og ég er sérlega hreykin af því, að eiga kyn mitt að rekja til hennar, því hún var eins dygg og trúföst og hún var fríð.“

---

## XI.

Þó ég væri búinn að ná inngöngu í Castró-kastalann, hóinn að dvelja þar marga daga, og orðinn Exilónu ofurlítið kunnugur, þá vissi ég þó ekkert um lagi systkinanna og leyndarmái þeirra. Reyndar vissi ég með vissu, að systkinin voru fjögur — einn bróðir og þrjár ystur. Elzta systirin hét Amelía; hana hafði ég enn ekki séð, og Exilóna (sem var yngst þeirra systkina), vildi sem minst um hana tala. Adelína hét þriðja systirin; hana hafði ég einusinni séð sem allra snöggvast. Hún var á að gizka tuttugu og fimm ára gömul, fríð sýnum og höfðingleg með mikið hár svart, en hún var döpur í bragði og rödd hennar var lág og þýð. Bróðir þeirra hét Bernardínó. Hann var mikill maður vexti, svartur á brún og brá og þunglyndislegur á svip. Rómur hans var sérlega dimmur, og hann var fátalaður mjög. Exilóna sagði mér, að hann hefði verið mörg ár í Kristmunka-klaustri og náð þar hárrí mentun. „Hann Bernardó er þýðari og viðkvæmari en hann sýnist vera,“ sagði Exilóna.



Svo bar við einn dag, þá er ég var ögn farinn að hressast, að Bernardínó gekk inni herbergið og var auðsjáanlega í þungu skapi.

„Hann gamli Castilhó er kominn, og vill fá að sjá sjúklinginn,“ sagði hann við Exilónu; „á ég að leyfa honum að koma inn?“

„Það er alveg óhætt,“ sagði Exilóna og leit til mín.

Bernardínó gekk þá fram fyrir dyrnar og vísaði Castilhó inni herbergið.

„Púff!“ sagði Castilhó og þurkaði rennandi svitann af skallanum; „þú ert þá *enn* lifandi, Íslendingur; — svei mér ef ég hélt hélt ekki, að þú værir dauður.“

„Ég er vel lifandi, þakka þér fyrir,“ sagði ég.

„Bull og þvaður!“ sagði Castilhó, „þú ert að sönnu lifandi, en langt frá því að vera *vel* lifandi. Skegg mitt og skall! Ég hélt endilega að herjans skáلكurinn hann Cajó hefði—“

„Nefndu ekki þann mann á nafn, á þessum stöðvum,“ sagði Bernardínó og hleypti brúnum.

„Stefanó helgi!“ sagði Castilhó, „ég bið afsökunar.

„Sleppum því alveg,“ tók Bernardínó fram í.

En ég hélt að herjans skáلكurinn hefði—“

„Jæja, sleppum því þá,“ sagði Castilhó og lagði fjórfaldan vasaklút á skallann á sér; „en svei mér ef ég hélt það ekki. En heyrðu nú, Íslendingur góður! Þeir eru hamslausir Íslendingarnir í Ríó — þeir hafa leitað að þér, eins og að saumnál, í næstum tvær vikur, og segja að ég viti, hvar þú sért niðurkominn — þeir halda það, herjans mennirnir, að ég hafi drepit þig. Á nýársdag komu þeir tveir til mín — annar þorparinn sagdist heita Snorró — og spurðu, hvar þú værir. Ég sagði að þú hefðir farið til Ríó á aðfanga dag Jóla. En þeir sögðu að þú hefðir ekki komið þar. Ég hugsaði þá, að þú

hefðir vilzt — ekki á leiðinni, heldur í borginni — og ég sagði þeim, hvað ég hugsaði. Þeir sneru þá aftur til Ríó, og ég fór með þeim. Við leitum svo um alla borgina, og fengum lögregluþjónana til að taka þátt í leitinni með okkur; og þeir gjörðu það svikalaust, herjans bjálfarnir. En það kom fyrir ekki — þú fannst hvergi. Svo fórum við allir heim til mín í gær. Ég lét svörtu kempurnar mínar fara heim á hvert einasta heimili í Pálmadal og spyrja um þig, en þeir komu aftur í morgun svo búnir og alveg uppgefnir. Og í allan morgun höfum við leitað í gilinu hérna. En þá hitti ég af hending hann herra Castró, og sagði hann mér að þú lægir veikur í kastalanum. — Þú áttir að senda mér orð um það Íslendingur góður, að þú værir hér, því ég hef borið miklar áhyggjur þín vegna; og vesalings telpan, hún Ísabella, er næstum sprungin af harmi.“

„Exilóna leit til mín, og það kom undarlegur glampi í hin fallegu, dökku augu hennar.

„Það er mér að kennda, að engin orð hafa verið send til þín,“ sagði Bernardínó, „og þú veizt það, herra Castilhó, hvað mér hefir gengið til þess.“

„Nú, sleppum því þá,“ sagði Castilhó; „en nú vil ég láta flytja Íslendinginn heim til mín í dag, því heimili hans er hjá mér. Og ég býst við því, að hún Ísabella litla þykist ein hafa rétt til þess, að annast hann og hjúkra honum, meðan hann er veikur.“

Exilóna leit nú framan í bróður sinn.

„Hann verður hér þar til honum er alveg batnað,“ sagði Bernardínó, og rómur hans var alt annað en þýður.

„Púff!“ sagði Castilhó, og ég sá að honum mislikadi; og fá þá ekki Íslendingarnir að tala við hann?“

„Nei,“ sagði Bernardínó.

„Og ekki heldur telpan mín, hún Ísabella?“

„Nei, það fær enginn að koma til hans, meðan hann dvelur hér. — Og þú veizt orsökina, herra Castilhó.“

„Skegg mitt og skalli!“ sagði Castilhó og varð sérlega raudur í framan; „ég ætla þá að fara. En hann verður að koma, strax og hann getur skriðið fram úr rúminu.“

„Já, strax og honum er alveg batnað, en ekki fyrr,“ sagði Bernardínó.

Svo kvaddi Castilhó mig mjög innilega og fór. Og Bernardínó fór út með honum.

Exilóna sat þegjandi um stund, eftir að þeir Castilhó og bróðir hennar voru farnir, og mér sýndist einhver einkennilegur raunasvipur hvíla yfir andliti hennar.

„Ég vissi ekki annað, en að þú værir blátt áfram vinnumaður herra Castilhós,“ sagði Exilóna loksins.

„Ég er vinnumaður hans, og ekkert meira,“ sagði ég.

„Og ertu þá ekkert vandabundinn honum á annan hátt?“ sagði Exilóna.

„Nei,“ sagði ég; „ég á eftir að vinna hjá honum einn mánuð enn, og þá er ég laus.“

„En mér skildist það á orðum hans, að Ísabella dóttir hans þættist ein hafa rétt til að annast þig og hjúkra þér.“

„En ég get ekki skilið, að hún hafi þann rétt, fremur en hver annar,“ sagði ég.

„Svo þið eruð þá ekki trúlofuð?“

„Nei, það er langt frá því,“ sagði ég

„Ég trúi þér,“ sagði Exilóna. Hún varð aftur glöð í bragði og sagði mér langa sögu.

Daginn eftir fékk ég bréf frá Snorra Kolbeinssyni. Sagðist hann vera mjög gramur út af því, að eigandi kastalans skyldi ekki leyfa sér og Ólafi að finna mig, þegar þeir hefðu farið fram á það við hann. Snorri bað

mig (í bréfinu) að finna sig eins fljótt og mér væri mögulegt. Kvaðst hann hafa margt til að segja mér. Ég ritaði honum aftur fáeinar línur, og lofaði að finna hann eins fljótt og ég yrði ferðafær.

En það liðu þrjár vikur enn, áður en ég fékk að fara burtu úr Castró-kastalanum. „Fyrst þú á annað borð varst sluttur hingað nær dauða en lífi, þá ferðu héðan ekki fyrr en þú ert orðinn vel frískur,“ sagði Berardínó.

Eftir að ég var farinn að frískast, kom Exilóna aldr-ei inn í herbergið til mín, fyrr en um dagmál, og fór oftast í burtu aftur stundu eftir miðaftan.

Það var eina nótt, hérumbil einni viku áður en ég fór í burtu úr kastalanum, að ég vaknaði við það, að gengið var fyrir framan dyrnar á herberginu mínu, og að skelt var aftur þungri lurð þar skamt frá. Mér þótti þetta að sönnu ekkert undarlegt, því ég hafði oft orðið þess var áður, að einhverjir voru á gangi um kastalann um miðjar nætur. En í þetta sinn varð ég samt gláðvakandi, og hvernig sem ég reyndi til að sofna á ný, var mér það alls-endis ómögulegt. Þegar ég hafði legið vakandi um stund, fór ég á fætur og klæddi mig. Ég gekk svo að austur- gluðanum á herberginu og horfði út. Þar var þögul og kyrr, svo ekki bærðist blað á kvisti, og það var komið gláða-tunglsljós. Ég horfði litla stund á pálmaviðar-lund- inn fyrir austan kastalann. Mér sýndist stöku sinnum að ég sjá þar bregða fyrir skuggum af tveimur mönnum, en engan mann gat ég þó séð. — Alt í einu hugkvæmdist mér, að fara út úr herberginu og sjá, hvernig umhorfs væri fyrir framan, því hingað til hafði ég ekki farið út úr her- berginu. Þegar ég var kominn fram fyrir dyrnar, sá ég að þröngur gangur lá til hægri handar. Ég hélt nú eftir þessum gangi nokkur skref, en fór hægt og hljótt. Eftir litla stund kom ég að öðrum gangi, sem lá til vinstri

handar. Var þessi gangur mikið breiðari en hinn fyrri. Ég fór eftir honum fáa fæðma og vissi ekki fyrr, en ég var kominn inní stóran sal, ekki óáþekkan hringleikhúsi. Engir voru þar húsmunir — ekki einusinni stóll eða borð. En þrjú eða fjögur göng láu út úr salnum. Engir voru gluggar á veggjunum, en þar var þakgluggi mikill, og skein tunglið þar inn um, og var því allbjart í þessum ein-kennilega sal. Ég staðnæmdist þar, sem gangurinn end-  
aði, því þar var dimt, en vogaði ekki að ganga inní sjálfan salinn. — Alt í einu heyrði ég, að gengið var léttilega eftir göngunum, sem voru beint á móti mér, og um leið heyrði ég þrusk undir gólfinu. Í sömu andránni sá ég, að Exilóna gekk inní salinn; hún gekk þvert yfir gólfid og staðnæmd-  
ist við vegginn skamt frá mér, og virtist hlusta dálitla stund. Litlu síðar heyrði ég að einhver barði tvö létt högg uppí gólfid þar sem Exilóna stóð. Hún reifaði þá á veggnum fáein augnablik og virtist ýta á eitthvað, sem þar var. Um leið opnaðist veggurinn, og fram á gólfid gekk gamall maður, gráhærður, og Bernardínó á eftir honum. Hinn aldraði maður var lotinn í herðum, en þrátt fyrir það var hann sérlega fyrirmannlegur, með hátt og hvelft enni og miklar bogadregnar augnabryr. En það sást glögglega, að mótlætið hafði sett merki sitt óafmáanlega á hið góðmannlega og tilkomu-mikla andlit þessa gráhærða öldungs. — Undir eins og hann var kominn inní salinn og veggurinn kominn í samt lag aftur, gekk Exilóna til hans (öldungsins), lagði hendur um háls honum og kyssti hann heitt og innilega.

„Ó, faðir minn!“ sagði Exilóna og kyssti hann aftur og aftur.

„Elsku barnið mitt!“ sagði aldraði maðurinn, „gud a fámáttugur blessi þig. — Eru þær Amelía og Adelína á fótum?“

„Já, Amelía er á fótum, faðir minn, en Adelína er sofnuð, því hún vakti í fyrri nótt“

„Er Amelía nokkuð æst?“ sagði aldraði maðurinn.

„Nei, ekki núna,“ sagði Exilóna; „en hún komst í ákafa gedshræring, meðan hann var hér í kvöld.“ Hún sagði þetta svo lágt, að ég að eins með naumindum heyrði.

„En hann hefir ekki séð hana?“

„Nei.“

„Og ekki heyrt til hennar?“

„Það held ég ekki.“

„Og þú segir að hann hafi verið ósvífnari í kvöld en vanalega — og tafid hér lengur?“ sagði gamli maðurinn og sneri sér að Bernardínó.

„Já, faðir minn,“ sagði Bernardínó; „hann var óvanalega ósvífninn í orðum, og hótanir hans keyrðu fram úr öllu hófi, svo ég dró sverðið þrívægis til háls úr skeiðum.“

„Guð gefi þér þolinmæði og stillingu, sonur minn,“ sagði öldungurinn; „sá, sem stjórnar géði sínu, er meiri en sá, sem vinnur borgir.“

„En sá tími kemur, að ég neyðist til að skifta höggum við hann,“ sagði Bernardínó.

„Guð forði þér frá slíku, sonur minn,“ sagði öldungurinn raunalega.

Í þessu kom kona inni salinn. Hún gekk hvatlega til hins aldrada manns, laði hendur um háls honum og kyssti hann, og kallaði hann föður sinn. Kona þessi var á aðgizka um þritugt; hún var há og grönn og sérlega höfðingleg, og björt yfirlitum; en fól var hún og tekin til augnanna. Allar hreyfingar hennar lýstu óstyrk og veikluðum taugum, og svipur hennar og augnaráð bar vott um, að innri maður hennar var lamaður. — Ég hafði aldrei fyrr séð konu þessa. En af því hún var sérlega lík í sjón þeim

Exilónu og Adelinu. þóttist ég vita, að þetta væri Amelia systir þeirra.

„Við skulum flýja, faðir minn,“ sagði þessi unga kona; „ó, fáðu þau til að flýja með okkur, strax í nótt!“ Og hún varð flóttaleg.

„Og hvert er að flýja, Amelia mín?“ sagði öldungurinn.

„Ó, yfir hafid — yfir hafid! Þar getum við verið óhult. — Hann eltir okkur aldrei yfir hafid. — Það er svo breitt.“

„Vertu róleg, Amelia mín,“ sagði öldungurinn; „hér erum við alveg óhult. Hér getur hann ekki gjört þér hið minst mein.“

„Jú, jú, faðir minn,“ sagði Amelia með ákafa; „hann veit, að ég er hér — hann veit, að ég sef herna í turninum. Hann vill altaf ná mér til að flytja mig aftur í vitfiringahúsið. Mig dreymir hann á hverri nóttu — ég heyri altaf rödd hans í vindinum, ég sé altaf mynd hans á veggjunum, þegar dimt er orðið. Ó, faðir minn, þetta er alt svo hræðilegt! Við skulum flýja í nótt — flýja yfir hafid — þar er svo gott að vera! Ó, fáðu þau til að flýja með okkur! — Annars verð ég vitstola!“

„Stiltu þig, hjartkæra barnið mitt, sagði hinn aldraði maður mjög viðkvæmnislega; „og trú þú mér, að þú ert hér alveg óhult.“

„Ó, faðir minn! Hví viltu ekki fara að ráðum mínum? Er ég þá vitskert? Á þá að flytja mig aftur í hina hræðilegu gröf — vitfiringahúsið? Á þá að kviksetja mig fyrir fult og alt?“ Og um leið setti sáran grát að henni; hún fékk ákaflega mikinn ekka, og það var eins og krampi gripi hverja taug hennar.

Exilóna og gamli maðurinn reyndu til að hugga hana; en það kom fyrir ekki, jafnvel þó þau segðu henni aftur



og aftur, að þau skyldu flýja með hana yfir hafid, þegar tækifæri gæfist. Loksins tók Bernardínó hana í fang sér og bar hana út úr salnum, eins og hún væri litid barn. Exilóna og gamli maðurinn fóru svo út á eftir þeim um göngin, sem voru beint á móti mér.

Þegar ég var aftur kominn inni herbergid mitt, fór ég að hugsa um þetta, sem ég hafði heyrt og séð í salnum. Ég þóttist viss um, að hinn aldradi maður væri faðir Castró-systkinanna; en af hverju hann var þangað kominn (þar sem hann var sagður að vera löngu flúinn af landi burt), það gat ég ekki skilið. Ekki gat ég heldur vitað, hver þessi *hann* var, sem þau höfðu svo oft minst á. En undarlegast af því öllu þótti mér það, að gamli maðurinn skyldi koma inni salinn eins og neðan úr einhverjum jarðgöngum. Gat það skéð að hann ætti sér óhult fylgsmi þar undir kastalanum? Og hafði hann, ef til vill, leynst þar frá því hann slapp úr varðhaldinu? Og var það þess vegna, að börn hans höfðu flutt í kastalann? — Hver gat sagt um það? En um það þóttist ég alveg viss, að Amelía væri sú systirin, sem mér hafði verið sagt, að hefði orðid sturluð, þegar föður hennar var varpað í fangelsid.

Ég var að brjóta heilann um þetta alt, þangað til komid var undir dag þá sofnaði ég loksins og svaf til hádegis. Þegar ég vaknaði, sat Exilóna við gluggann, og las í bók. En ekki gat ég séð það á andliti hennar, að neitt óvanalegt hefði komid fyrir hana nýlega, eða, að hún hefði sofið minna þá nótt, en endranær.

Strax og hún sá, að ég var vaknaður, bauð hún mér góðan dag, spurði mig, hvernig mér líði, og gekk síðan út; en kom inn aftur (með morgun-verðinn), þegar ég var búinn að þvo mér og klæða mig. Hún spurði mig svo, hvort mig langaði ekki til að skoða kastalann að innan. Ég kvað „já“ við því. Hún sagðist þá vilja sýna mér kastalann



þenna dag, ef ég þyldi að reyna svo mikið á mig.

Hér um bil klukkan tvö um daginn lögðum við Exilóna á stað í þessa skemtiferð um kastalann. Hann var langtum meira vöfundarhús, en ég í fyrtu hafði hugsað. Allstaðar voru þar göng (bæði bein og krókátt) hátt og lágt; og allstaðar voru herbergi, stór og smá, með ýmsri lögum, og ótal afkimar og skúmaskot, sem ég vissi ekki — og veit ekki enn—til hvers áttu að vera. Við gengum eftir ótal göngum, og fórum úr einum salnum í annan. Við fóru upp þrjá eða fjóra stiga, og svo aftur ofan aðra fimm eða sex. Stundum lá leið okkar eftir skuggalegum rangölum hins afar-mikla og einkennilega kjallara kastalans; þar voru sum herbergin læst, og Exilóna sagðist ekki hafa lyklna. En ýmist gengum við eftir þakinu og klifrudum upp í turninn að innan. (Þar voru tvö herbergi, sem ég fékk ekki að koma inni; Exilóna sagði að það væru herbergi Amelíu systur sinnar). Einusinni varð ég var við tvær svartar konur, og þrívægis mættum við sama svert-ingja-drengnum. „Hann er mállaus, auminginn,“ sagði Exilóna. Í einum salnum héngu margar stórar litmyndir á veggjunum. Ein myndin var af ungri, tígulegri konu. „Þetta er Rósin í Ríó,“ sagði Exilóna og benti á myndina, og þarna er myndin af mannum hennar—greifanum sem lét byggja kastalann.“ Og hún benti á aðra mynd. Síðast komum við í hringmyndaða salinn í miðjum kastalanum—salinn, sem ég hafði séð inni um nóttina. En þar, sem ég hafði séð þá Bernardínó og gamla manninn koma inni salinn, gat ég enga hurð séð og engin merki þess, að þar væru dyr; en ég sá á naglahaus inni í veggnum. Exilóna gætti strax að því, að ég tók eftir þessum nagla í veggnum, og það var eins og henni yrði hálf hvert við, að ég skyldi veita honum athygli. „Að hverju ertu að gæta, þarna á veggnum?“ sagði hún. „Að nagl-

anum þarna," sagði ég; „það er svo undarlegt, að sjá járn-nagla á kafi inni steininum.“ Mér sýndist Exilóna verða sem snöggvast náföl í framan. Hún varð hugsli litla stund, en sagði svo alt í einu: „Af hverju vekur nagli þessi svo mjög eftirtekt þína?“ „Það skal ég segja þér," sagði ég; „það er vegna þess, að ég átti von á því, að þarna væri hurð.“ Exilóna kipptist við. „Hefir þú komið hér áður?“ sagði hún. „Já," sagði ég. Og ég sagði henni eins og var, að ég hefði farið út úr herbergi mínu um nóttina, og hvað ég hefði séð og heyrt. Mér fanst það vera drengilegra, að segja henni alt eins og var, hvað það snerti; og um leið fanst mér, að ég létta þungri byrði af hjarta mínu. Ég fullvissaði hana um það, að ég skyldi halda öllu þessu leyndu til dauðans. Var hún ekki lífgjafi minn? Og var það þá ekki svo sem sjálfsagt, að ég gjörði svo mikið fyrir hana, að þegja yfir því, sem ég vissi um leyndarmál hennar og hennar fólks? „Jú, ég veit að þú ert drenglundaður," sagði hún; „og ég treysti þér til að halda þessu leyndu; og til þess að sannfæra þig um, að ég trúi þér og treysti þér, ætla ég að láta þig vita alt um hagi okkar og kringumstæður.“ Ég sagðist þakka henni fyrir að bera svo mikið traust til mín. Svo gengum við yfir í herbergið mitt, og þar sagði Exilóna mér í fáum orðum sögu þeirra systkina og föður þeirra.

„Faðir minn er fæddur og uppalinn hér í kastalanum," sagði Exilóna. „hér lét afi minn kenna honum alt það, sem kent var, í þá daga, á hinum lærðu skólum þessa lands; hér kvæntist faðir minn og bjó hér nokkur ár. En svo útveguðu frændur hans honum hálaunað embætti í Petrópólís og þangað flutti hann með móður mína og systkini mín. Þá var kastalanum lokað, en haglendið niðri í dalnum var selt á leigu. Faðir minn lét byggja sér stórt og vel vandað hús skamt fyrir sunnan Petrópólís. Stór

og fagur aldingarður var kring um það; og útsýnið þaðan var hið fegursta. Í þessu stóra og skrautlega húsi fæddist ég. En sorgar-dagar mínir byrjuðu snemma, því móðir mín dó, áður en ég varð fullra fimm ára gömul. Þá tók Amelia systir mín við hús-stjórninni, að nokkru leyti (hún var þá sextán ára), og gekk hún okkur Adelinu í móðurstað. En Bernardínó var settur í Kristmunka-skóla suður í Saó Pauló. Okkur leið nú lengi vel. Við höfðum alt, sem við vildum hendinni til rétta. Við höfðum margar trúar og dyggar þjónustustúlkur og nokkra þjóna, sem ætíð voru boðnir og búinir til að framkvæma hverja skipan okkar systkininna. Faðir minn fékk þrjár lærðustu nunnurnar í Rió de Janeiró til að kenna okkur systrunum söng og hannyrdir og það annað, sem að jafnaði er kent aðalsmanna-dætrum í hinum katólsku löndum. — Já, okkur leið lengi vel, .. alt í einu skreið höggormurinn inni aldingarðinn okkar, og höggormurinn var Macedó de Cajó. Hann kom í hús okkar einn dag, þegar ég var tíu ára gömul. Hann bað föður minn að útvega sér atvinnu; og af því faðir minn þekkti foreldra hans að öllu góðu—því þau áttu heima í Pálmadal þar sem Cajó býr nú—þá gaf hann honum atvinnu á skrifstofu sinni. Og ekki leið á löngu, áður en Cajó kom sér svo í mjúkinn við föður minn, að hann (faðir minn)gjörði hann að trúnaðar-manni sínum og lét hann flytja í hús okkar og eiga þar heima, eins og hann væri sonur hans. — Svo liðu nokkrir mánuðir. Þá urðum við þess alt í einu vör, að Amelia unni Cajó hugástum. Og þau voru þegar trúlofuð. Hann bað föður minn um hönd hennar; og bæn hans var veitt. Skömmu síðar giftust þau, og fluttu undir eins á landsetur Cajó-ættarinnar í Pálmadal; og faðir minn fékk þeim stóra upphæð af peningum. Þau voru því mjög vel efnum búin, og framtíð þeirra hefði getað verið björt og ánægju-

leg, hefði Cajó ekki verið eins vondur maður og hann var. Við urdum þess fljótt visari, að dálæti hans á Amelíu fór brátt minkandi, eftir að brúðkaupið var afstaðið, og við sáum þá — en helzt til of seint — að hann hafði átt hana til þess eingöngu, að ná í stóran skerf af auð föður míns, og til þess að komast til metorða og valda með hans (föður míns) aðstoð; því faðir minn hafði um þær mundir mikil áhrif á æztu stjórnendur ríkisins, og hafði sjálfur há völd. Það var því blátt áfram fyrir sakir ágirndar og metorða-fiknar, að Cajó lokkadi Amelíu til að giftast honum. Hann hafði aldrei elskað hana, ef til vill aldrei þótt minstu ögn vænt um hana, og þess vegna varð hann henni strax vondur og gjörð henni lífið næstum óbærilegt. Því maður, sem er að eðlisfari eins og hann, getur ekki verið góður við þann, sem honum þykir ekki vænt um á einhvern hátt. Við fengum sjaldan að sjá Amelíu, eftir að hún fór með honum suður í Pálmadal; en þá sjaldan það bar-við, að hún kom til okkar, eða við til hennar, var hún ævinlega mjög dapurleg og jafnvel grátbólgin — en æskan, fjörið og gláðværdin, það var alt í einu horfið; og hún, sem enn var að eins um tvitugt, var á fáum mánuðum orðin gömul og þreytt á lífinu. Faðir minn og við Adeline gengum á hana með að segja okkur alt út í yztu æsar um hagi hennar. Og hún sagði okkur nóg til þess, að við gátum ekki lengur verið róleg og áhyggjulaus hennar vegna. — Og altaf stöðugt varð Cajó kaldari og miskun- arlausari við Amelíu. Faðir minn talaði hógværliga við hann um þetta mál, og bað hann að sýna henni hlýlegra viðmót og meiri nákvæmni í framtíðinni. Cajó lofaði bót og betrun, og kvað það vera sér óafvitandi, ef viðmót sitt gagnvart henni væri ekki eins þýtt og vera ætti. En þrátt fyrir það varð hann Amelíu margfalt verri eftir en áður. Og því oftast, sem faðir minn áminti Cajó, því verri og

djöfulegri varð framkoma hans gagnvart Amelíu og meðferð hans á henni. Ofan á allt þetta bættist það, að Cajó var sakadur um, að tilheyra leynifélagi, sem hafði það fyrir mark og mið, að ráða keisarann af dögum og koma á stofn lýðveldi í Brazíliu. Hann var tekinn fastur; en faðir minn gat komið því til leiðar, að hann var undir eins aftur látinn laus. Skömmu eftir það, bað hann föður minn um allmikla peninga-upphæð, og gjörði faðir minn þá bón hans orðalaust. Svo kom hann stuttu síðar og bað um meiri peninga; faðir minn fékk honum aftur þá upphæð, er hann bað um. En í þriðja sinn, er Cajó kom og bað um peninga, hafði faðir minn tæplega helming þeirrar upphæðar, sem hann vildi fá; en þó lét faðir minn hann fá það, sem til var. Cajó varð þá reidur, og hafði í hótunum við föður minn, ef hann (faðir minn) útvegadi ekki tafarlaust það, sem til vantaði. Faðir minn bað hann nú að segja sér, hvernig hann hefði eytt öllu því fé, sem hann hafði fengið honum, eftir að honum var slept úr varðhaldinu. Cajó sagðist hafa eytt því öllu í þarfir leynifélagsins, sem hann kvadst vera stoltur af að tilheyra. Faðir minn varð nú bæði hryggur og reidur, þegar hann heyrði þessa játning tengdasonar síns, sem hann hafði alltaf hugsað að væri saklaus af þeirri ákæru, er á hann hafði verið borin. Hann taladi nú lengi og alvarlega við Cajó, og bað hann aftur og aftur, að snúa sér frá illu athæfi og segja skilið við þetta hættulega leynifélag. En áminningar föður míns urðu að eins til þess, að æsa því meira hið vonða í manni þessum, og vekja dauðlegt hatur hjá honum til föður míns og Amelíu. — — — Ég vil ekki segja þér frá öllum þeim þjáningum, sem Amelía varð að líða á sál og líkama, um þessar mundir; og ekki ætla ég heldur að fara að segja þér frá öllum þeim ógnum og skelfingum, sem yfir okkur dundu allt í einu. Ég skal að eins geta

Þess, að eina nótt brutust vopnaðir menn inni hús okkar, tóku föður minn fastan, færðu hann í járn og fluttu hann í fangelsið mikla í Rió de Janeiró. Hann var sakadur um, að vera landráðamaður á hæzta stigi og kærður meðal annars fyrir það, að vera forseti leynifélags, sem hefði það fyrir mark og mið, að ráða keisarann af dögum og koma á lýðveldi í Brazíliu; og hann var sömuleiðis kærður fyrir, að hafa selt Argentínu-mönnum og Paragúay-búum ýms leyndarmál Brazíliu-stjórnarinnar og upplærætti af tveim hervirkjum landsins. Svo kom þetta óttalega mál að síðustu fyrir lög og dóm; og aðal vitnin á móti föður mínum voru þeir Cajó og þrír vinir hans. Þeir báru það, að faðir minn hefði stofnað leynifélagið, sem vildi keisarann feigan, að hann hefði altaf verið forseti þess félags, og að tekjur félagsins hefðu um langan tíma verið að eins peningar þeir, sem hann hefði gefið því — svo mikill hefði áhugi hans verið fyrir þessu málefni. Og framburður þessara vondu manna var tekinn góður og gildur af dómurunum. Faðir minn var álitinn sekur um landráð á hæzta stigi; og það var kveðinn upp lífláts-dómur yfir honum. En nóttina fyrir daginn, sem ákveðið var að aftakan skyldi fram fara, hvarf faðir minn úr fangelsinu. Hann átti vini, sem máttu sín mikils og voru þess fullvissir, að hann væri algjörlega saklaus. Einn af þessum vinum hans náði honum úr fangelsinu og flutti hann um nóttina á þann stað, þar sem hann mátti vera óhultur fyrir fjandmönnum sínum, því enginn þeirra hefir fundið þann stað, né mun nokkurn tíma finna hann. — — — Hvað við systkinin tókum út, meðan á þessum ógnum stóð, er ekki hægt að skýra frá með orðum. Ég man, að Bernardínó bróðir minn kom heim úr skólanum fáum dögum eftir að faðir okkar var hneftur í varðhaldið. Og svo þegar búíð var að dæma í málinu, vorum við samstundis drifin út úr húsinu okk-

ar, því allar eignir föður míns í Petrópólís voru seldar við uppboð; og helmingur andvirðisins gekk til hins opinbera, en hinn helminginn fékk Cajó, eins og nokkurskonar heiðurs-laun fyrir frammistöðu sína í málinu. Við systkinin þrjú (Bernardínó, Adelína og ég) fluttum þá hingað í kastalann, og fengum að flytja með okkur nokkuð af innanhúsmunum og nokkra menjagripi ættarinnar. Við höldum áfram að leigja hagleiðið, sem við eigum niðri í dalnum, en sjálf höfum við afnot aldingarðsins í hlíðinni, vegna ávaxtarins, sem lítið þarf fyrir að hafa, en gefur nægilegt af sér okkur til viðurværis. Svo eigum við góðan vin í Ríó, sem sendir okkur ýmsar nauðsynjar einu sinni á hverjum árs-fjórðungi. — — — En það er af Amelíu systur minni að segja, að þegar hún komst að því, að maðurinn hennar var sá, sem bar lognar sakir á föður okkar, og að það var vegna framburðar hans (mannsins hennar), að faðir okkar var dæmdur til lífláts, þá varð hún svo hrygg og reið, að hún misti alveg stjórn á gedshræringum sínum og tilfinningum, eins og ekki var heldur neitt undarlegt. Hún heimtadi, að Cajó tæki aftur það, sem hann hafði borið á föður okkar. Og þegar hann hló að hrygð hennar og gjörði gys að tárum hennar, og talaði um föður okkar í hennar áheyrn, eins og enginn nema óþokki getur talað — jafnvel um hund; — og þegar hann (Cajó) sagði henni, að hann hefði borið lognar sakir á föður okkar í hefndar-skyni og á móti betri vitund, þá ofbaud Amelíu svo, að hún á augabragði fékk biturt hatur og megnasta viðbjóð á þessum mannúðarlausu og illa-innrætta manni, sem var og er og verður grimvari en okkurt villidýr. Hún réði ekki við sig; hún æddi um, eins og vitstola væri, og sýndi sig jafnvel í því, að ráðast á mann sinn og vinna honum meín. En ekkert gat Cajó kærara verið, því hann hafði lengi langað til að



fá ástæðu til að skilja við hana. Og nú var ástæðan fengin. Hann lét tafarlaust flytja Amelíu á vitfirringahúsið, og þóttist búa svo um hnútana, að hún ætti þaðan aldrei afturkvæmt. En það fór öðruvísi en hann ætlaði; því með hjálp yfirmanns Kristmunka-skólans gat Bernardínó náð Amelíu úr vitfirringahúsinu, eftir að hún var búin að vera þar rúmt hálf ár. Hún var að sönnu veikluð orðin og innri maður hennar lamaður, en hún var ekki, og hafði aldrei verið, vitskert. En það er enginn efi á því, að hún hefði orðið algjörlega óð, hefði hún haldið áfram að vera á vitfirringahúsinu. Nokkru síðar fékk Cajó að vita, að hún var komin hingað í kastalann, og reyndi hann þá á allar lundir að fá því til leiðar komið, að hún yrði aftur flutt á vitfirringahúsið, en það hefir honum enn ekki tekist. En iðulega kemur hann hingað, þegar dimt er orðið, og heimtar, að við hættum að halda verndarhendi yfir Amelíu, og hótar hann öllu hörðu, ef við látum ekki tilliðast. Hann hefir hvað eftir annað skorað Bernardínó til einvígis við sig. En Bernardínó hefir alt til þessa dags getað stílt sig, og hefir aldrei orðið við þeirri áskorun hans, þó hann reyndar sárlangi til að skifta höggum við þenna vonda mann. Cajó þykist vera viss um, að faðir minn sé hér falinn í kastalanum, og hefir oft hótað að láta leita hér að honum. En við verðum ekki hrædd, þó leitað verði; enginn af fjandmönnum hans getur fundið hann. Hið eina, sem við systurnar og faðir minn höfum ástæðu til að óttast, er það, að Cajó fái komið Bernardínó til að berjast við sig; því ef það kæmi fyrir, mundi það hafa slæmar afleiðingar fyrir okkur öll. En við höfum þá sterku von, að fyrr eða síðar komi í ljós öll þessi svik og vélræði Cajós og vina hans, svo hægt verði að sanna sakleysi föður míns. Því á meðan það er ekki sannað, erum við útilokuð frá mannfélaginu. Allir fordast okkur, og



við forðumst aðra. Og Cajó hefir nánar gætur á hverjum manni, sem kemur hér nærri kastalanum, því hann óttast, að okkur verði veitt lið og svikum hans upp komið. Og þú mátt vera sannfærður um, að það var af völdum hans, að þú hrapaðir í gilinu, því hann gekk upp að fossinum hér um bil einni stundu áður en þú komst upp hlíðina. Það hefir því verið hann og enginn annar, sem veiti steinunum fram af brúninni, þegar þú stóðst á klettasnösinni. Vertu því var um þig fyrir honum, og forðastu að vera á vegi hans. — Hann vil þig feigan, af því hann ímyndar sér, að þú sért njósnaður, og hann hefir orðið þess var, að þú hefir vanið komur þínar upp að fossinum.

„Kæri vinur, ég hefi sagt þér þetta, af því ég veit að ég má treysta þér. Ég hefi að sönnu ekki sagt þér, hvar faðir minn er falinn; en það er nokkuð, sem ég má ekki segja að svo stöddu, enda veit ég, að þú krefst þess ekki af mér. Það gjörir þér ekkert gagn að vita það, en getur valdið mér mikillar órósemi að segja frá því.“

„Nei, ég vil ekki að þú segir mér neitt um það,“ sagði ég; „ég er ánægður með að vita ekki meira um þetta mál, en það, sem þú hefir þegar sagt mér. Þú gleður mig að vita, að faðir ykkar er óhultur fyrir óvinum sínum, þar sem hann er nú. Ykkar vegna er ég Cajó gramur. En ég dáist að trygð og hugrekki þess manns, sem náði föður þínum burt úr varðhaldinu; þann mann vildi ég sjá og hans vinur vera.“

„Og þann mann hefir þú þegar séð,“ sagði Exilóna brosandí.

„Var það þá Bernardínó bróðir þinn?“ sagði ég.

„Nei,“ sagði Exilóna; „hann Bernardínó hefði aldrei getað náð föður mínum úr varðhaldinu. En maðurinn sem gat gjört það og gjörði það, var hann herra Castilhó, hús-bóndi þinn.“

Ég varð alveg hissa að heyra þetta, og leit stórum augum á Exilónu.

„Ég veit, að þér kemur þetta á óvart,“ hélt hún áfram að segja, „því þú munt hafa haldið, að herra Castilhó væri okkur ekki vinveittur, og forðaðist okkur eins og aðrir. Enda vill hann ekki að nokkur viti, að hann sé vinur föður míns, og jafnvel dóttir hans hefir ekki hugmynd um, að hann hafi nokkru sinni rétt okkur hjálparhönd. Þú veizt, hversu hættulegt það væri fyrir Castilhó og okkur öll, ef fjandmenn okkar fengju hinn allra minsta grun um það.“

„Þú mátt treysta því, að ég skal halda þessu leyndu,“ sagði ég „ég á þér líf mitt að launa, og ég mundi sízt vilja vinna þér og þínum mein með því, að ljóstra því upp, sem þú hefir sagt mér í trúnaði til þess að seðja forvitni mína. Nei, treystu mér, því ég er og mun ætíð verða trúfastur vinur þinn.“

Exilóna rétti mér hönd sína.

„Ég þakka þér, vinur,“ sagði hún; „þessi orð þín eru hughreystandi fyrir mig; — guð veit, að þau svala hjarta mínu. Ég þakka þér, vinur.“

Ég bar hönd hennar upp að vörum mínum, og kyssti hana kossi ástar og virðingar.

Hvað höndin var mjúk! Ég kyssti hana aftur. Svo dró ég Exilónu ögn nær mér; hún hallaði höfði sínu að barni mér. Ég grúfði mig ofan að henni og kyssti á enni hennar og—varir.

„Ég elska þig!“ sagði ég.

„Hjartans vinur!“ sagði Exilóna.

Við töludum ekki meira saman þann dag. En við vissum, að við elskuðum hvort annað; og við vissum, að frá þessum degi mundum við ekki finna frið og ánægju,

fyrir en við fengjum að njótast og yrðum einn maður, bæði fyrir guði og mönnum.

---

XII.

Ég hefði feginn viljað halda áfram að dvelja í Castrókastalanum, ef þess hefði verið nokkur kostur. Bernardínó hafði sagt, að ég færi þaðan ekki, fyrr en ég væri orðinn nógu styrkur til að ganga heim til Castilhós. En Bernardínó sá líka um það, að ég væri ekki marga daga í kastalanum, eftir að ég varð ferðafær. — Hann var altaf mjög þungbúinn, og sýndist tuttugu árum eldri en hann var. En aldrei hafði ég séð hann þungbúnari en einmitt daginn, sem ég kvaddi hann og þakkaði honum fyrir þá hjálp, er hann hafði veitt mér.

„Þakka þú ekki mér,“ sagði hann, og það var að sjá á svip hans, eins og ég hefði móðgað hann; „en þakka þú Exilónu og láttu þér farast við hana, eins og heidarlegum manni sæmir; þú átt henni líf þitt að launa; hún hefir mikið liðið fyrir þig. Láttu þér því farast við hana eins og góðum dreng sæmir. — Far vel!“ Hann hvessti á mig augun litla stund, sneri sér svo snögglega frá mér og gekk suður fyrir kastalann.

Ég kvaddi Adelínu. En Amelíu sá ég ekki; ég hafði aldrei fengið tækifæri til að tala við hana; og hún fékk aldrei að vita, að ég hefði dvalið þar í kastalanum, og það rétt undir herberginu hennar.

En Exilóna gekk með mér niður í miðja hlíðina. Þar staðnæmdist hún við stóran berjarunn, sem var við veginn.

„Hér ætla ég að kveðja þig,“ sagði Exilóna, „og um leið ætla ég að biðja þig einnar bónar.“

„Og við þeirri bön þinni vil ég verða, svo framt að mér sé það mögulegt,“ sagði ég.

„Og bön mín er þessi,“ sagði Exilóna, „að þú komir aldrei til að heimsækja mig, nema þegar ég vil, og að þú farir aldrei upp að fossinum, nema ég sé með þér. En þegar þú sérð ljós í glugganum í turninum, þá er það merki þess, að ég þarf að finna þig, og skaltu þá koma að þessum runni, því hér mun ég biða þín.“

„Og ég skal uppfylla þessa ósk þína í öllu tilliti,“ sagði ég; „en sjáir þú ljós í glugganum í herberginu mínu, þá er það merki þess, að ég verð ekki heima næsta dag.“

„Þetta skal ég hafa hugfast,“ sagði Exilóna.

Svo kvaddi ég Exilónu og hélt niður í dalinn, en hún gekk heim að kastalanum. Ég hefði viljað alt til vinna til að mega snúa heim með henni aftur, því hún var mér nú kærari en nokkur önnur sál í heiminum, og mér fanst, að Castró-kastalinn hlyti að vera hinn eini sanni sælu-staður, sem til væri á allri jörðinni.—

Castilhó gamli tók á móti mér með miklum fögnuði og blíðleik. Aldrei hafði ég séð hann eins alúðlegan í viðmóti og þrúðmannlegan í framgöngu, eins og í þetta sinn; og aldrei hafði ég heldur séð annan eins svita-straum renna og boga af skalla hans.

„Púff!“ sagði Castilhó; „þú ert kominn! — Vertu velkominn heim. — Ég þykist þig úr helju heimt hafa. Úff!“ (Hann lagði tvo samanbrotna vasaklúta á hvirfilinn á sér). „Það svei mér gleður mig, að sjá framan í þig! Stefanó helgi! Ég hefði ekki getað orðið gláðari, þó þú hefðir verið minn eigin frumgetinn son. Og hana nú!“ Og gamli Castilhó brá hönd sinni upp að augum sér, eins og til að þurka burtu tár.

Og Katrín var gláðari en hún átti vanda til, og hún sýndist að miklum mun unglegri, en þegar ég síðast sá hana. Og svertingjarnir hoppuðu af kæti og klöppuðu saman lófunum, þegar þeir sáu mig koma; og Móses þurfti lengi að þreifa á útlimum mínum og liðamótum, til þess að ganga úr skugga um það, útlirnir væru óbrottnir og liðamótin í góðu lagi.

Þegar ég var búinn að sitja um hríð í stofunni hjá Castilhó, og hann búinn að láta í ljósi allar hinar föðurlögu tilfinningar sínar gagnvart mér, þá kom Ísabella hlauðandi inn til okkar.

„Ó, hvað það gleður mig að sjá þig, kæri Haraldur!“ sagði hún og rétti mér hönd sína. „Vertu ævinlega velkominn heim!“

Ég stóð upp og heilsaði henni og þakkaði henni.

„Ó, ég var svo hrædd um, að þú mundir deyja!“ sagði hún; „ó, ég var svo hrædd!“ Hún bar vasaklútinn sinn upp að augum sér og virtist fá ekki.

„Púff!“ sagði Castilhó og horfði á mig, „hún hefir ekki verið mönnum sinnandi, stelpa, síðan þú fórst. — Úff! — Henni kippir í kynið: — trygg og trúföst — trölltrygg, eins og amman!“ Og hann púaði svo mikið, að kinnar hans urðu eins og tveir vænir blásturbelgir.

En Ísabella fékk enn ákafari ekki.

„Púff!“ hélt Castilhó áfram, „hún hefir ekki lesið eina einustu herjans skáldsögu, síðan þú fórst, því hugurinn hefir allur verið hjá þér — altaf hjá þér. Og ég er ekkert að álasa henni fyrir það, telpunni. Stefanó helgi! Svona var amman — og langamma. Svei mér ef það er ekki óðs manns æði, að spyrna á móti broddunum þeim!“ Hann púaði og blés ákaflega.

Og Ísabella hélt áfram að gráta, og ekkinn óx um allan helming.

En ég sat eins og höggdofa, og gat ekki skilið — eða vildi ekki skilja — hvað karl var að fara.

„Hún hefir sagt mér aðal innihaldið úr þessu ástaævintýri ykkar,“ sagði Castilhó ofboð spekingslega.

„Ó, faðir minn!“ hrópaði Ísabella, og það setti að henni ofsagrát um leið; „o—o—ó—fa—fa—mi—mi—um—um!“

„Jæja, jæja, telpa mín,“ sagði Castilhó, „það er ef til vill orðum aukið, að þú hafir sagt það, en hitt er þó satt, að þú gafst mér það í skyn, að þið væruð — púff! — gafst mér í skyn, hvernig aðal gangurinn í þessum ástaleik er. — Stefanó helgi! (Hann leit til mín, eins og ég væri Stefán hinn helgi) „Svei mér, ef ég get verð að hanna telpunni að fara eftir tilfinningum hjarta síns; ég læt hana sjálfa ráða, hvern úr ‚kappa kranz‘ hún kys sér. —Svei mér þá!“

„O—o—o—fa—fa—fa!“ sagði Ísabella.

„Jæja, jæja, ég skal hætta!“ sagði Castilhó og leit beint framan í mig; „ég sagði þetta bara til þess, að láta þig vita þau fagnaðar-tíðindi, að ég ætla að segja já og og *amen* við öllu því, sem telpan vili í þessu trúlofunarbauki ykkar. — Púff! Hún er óneitanlega góður kvenkostur, þó hún sé engin búsyslu-kona. — Trú þú mér, Íslendingur góður.“ Hann dró annað augað í pung og kinkaði kollinum ofurlítið. Svo þurkaði hann rennandi svitrauminn af skallanum og andlitinu, stóð því næst upp og gekk út.

En Ísabella sat altaf og grét. Hún ætlaðist víst til þess, að ég færi að hugga sig; en ég fann enga hvöt hjá mér til þess, og gekk því út. Og ég óskaði, að ég væri horfinn upp í kastalann í hlíðinni, ég var farinn að skilja, hvernig í öllu lá, og mér leið alt annað en vel.

Af því, sem Castilhó hafði síðast sagt, dró ég það, að

Ísabella hefði gefið honum það fyllilega í skyn, að hún væri fastráðin í, að taka mig sér fyrir eiginmann. Og hann hefir álitid, að ekkert mundi geta glatt mig eins og það, að heyra af hans eigin vörum, að hann væri þessum ráðahag samþykkur; því hann hefir ekkert efast um, að ég væri ástfanginn af dóttur hans, og að upptökin til þessa leiks hefðu verið hjá mér.

Þetta hefði alt getað verið gott og blessað — og ég hefði vafalaust talið sjálfan mig mikinn gæfumann — hefði ég elskað Ísabellu, eða fundið það hjá mér, að ég gæti elskað hana. En því fór svo fjarri. Ég hafði meira að segja nærri því óbeit á henni, einkum eftir að ég varð fyrir fult og alt var við þessa ástafrekju hennar, því mér fanst sú frekja vera svo fjarri öllu óspiltu kvennlegu edli. Og það eitt út af fyrir sig var nóg til þess, að hrinda mér frá henni. En svo var það líka hin hreina og ákafa ást mín til Exilónu, er aðallega kom í veg fyrir það, að ég gæti orðið teugdasonur Castilhós. — En mér stóð stuggur af þessari ást Ísabellu, því ég vissi, að hún var geðrík og gat haft það til, að vera framúrskarandi þrá; og eins vissi ég, að gamli Castilhó mundi hugsa þeim manni þegjandi þörfina, sem fyrirliti ást dóttur hans. Þetta gat því haft mjög illar afleiðingar fyrir mig—og enda fyrir marga fleiri. —Og ég fann, að ég var milli tveggja elda.

Ég var að hugsa um þetta allan daginn. Um kvöldið fór ég snemma að látta. En ég stóð þó fyrst nokkra stund við gluggan á herberginu mínu til að vita, hvort ég sæi ekki ljós í glugganum á kastala-turninum. En þar sást ekkert ljós. Ég setti svo ljós út í gluggann hjá mér, og lét það loga þar um fjórðung stundar. Með því vildi ég gefa Exilónu það til kynna, að ég yrði ekki heima hinn næsta sólarhring. — Ég hafði fastráðið að fara til Río de Janeiro, til að finna landa mína þar.



Og daginn eftir fór ég til borgarinnar, og hafði Móses og múlasnann til fylgdar, því Castró aftók það alveg, að ég færi einn.

Ég fór racleiðis til herbergja Jacobsens í nr. 98 í Rúa dó Ouvidór. Snorri var þar fyrir og tók á móti mér með miklum fögnuði. Um kvöldið kom Jacobsen heim frá vinnu sinni; kvaðst hann vera gláður að sjá mig svona friskan; hann var búinn að fréttu, hvað fyrir mig hafði komið í gilinu. Eftir að við höfðum snætt kvöldverð, fórum við allir til leikhússins, þar sem Snorri starfaði (sem þjónn, en ekki leikari), og var ég þar hjá þeim vinunum bak við tjöldin, meðan verið var að leika stuttan gleðileik eftir *Lópe de Vega*. En um nóttina, þegar við komum heim aftur frá leikhúsinu, þá byrjaði Snorri fyrir fult og alt að segja mér allar þær fréttir, sem hann vissi að ég vildi heyra; og vöktum við alt fram undir dag.

„En hvað segir þú mér um Skúla?“ sagði ég, þegar Snorri var búinn að segja mér ýmislegt af sjálfum sér og Ólafi, og búinn að lesa mér tvö löng bréf, sem hann hafði nýlega fengið frá Íslandi. „Já, er Skúli í sama stað, og líður honum vel?“

„Hvað Skúla snertir,“ sagði Snorri, „þá hefi ég það að segja, að hann er *týndur*,“

„*Týndur*?“ sagði ég og starði á Snorra. Ég hélt, að hann væri að segja þetta í spaugi. En hann var ekki að spauga; hann var nú alt of alvarlegur til þess.

„Já, Skúli er bókstaflega horfinn og týndur,“ sagði Snorri; „og hamingjan má vita, hvort við fáum nokkurn tíma vitneskju um það, hvernig hann týndist.“

„Og hvenær vissuð þið að hann var horfinn?“

„Fjórum dögum fyrir jólin,“ sagði Snorri. „Eins og þú vissir, fór Skúli í vist til aðalsmanns í Petrópólís, stuttu áður en þú fórst til Pálmadals. Í Júlímánuði seint



kom Skúli hingað til að finna mig, og var hann þá hinn kátasti. Svo kom hann aftur í Nóvember, og var þá enn kátari og lék við hvern sinn fingur. Lofaði hann því þá stött og stöðugt, að koma til okkar um jólin og vera hjá okkur framá nýársdag. En fjórum dögum fyrir jólin kom húsbóndi hans hingað — hann heitir Pedró de Miranda — og spurði mig, hvort ég vissi, hvar Skúli væri. Sagði hann að Skúli hefði horfið fyrir tveim nóttum síðan. Kvöldið fyrir hafði unglings-piltur komið þar að garði og talaði nokkra stund við Skúla, úti í hesthúsinu. Svo hvarf pilturinn von bráðar, og engum datt til hugar, að grenslast eftir erindi hans við Skúla. Skömmu seinna fór Skúli inn í herbergi sitt. En um morguninn var hann allur á burtu; og var þá tekið eftir því, að hann hafði ekki legið í rúminu um nóttina.“

„Hafði hann tekið fót sín með sér?“ sagði ég.

„Nei, hann hafði ekki einusinni haft fataskifti; og koffortíð hans var ólæst, og í því fundust meðal annars peningar, sem svöruðu þeirri upphæð, er hann átti, þegar hann fór héðan í fyrra. Virðist okkur Ólafi, að þetta benda til þess, að hann hafi ætlað að koma bráðlega aftur til baka, því ella hefði hann farið með peninga sína og klætt sig í sparifötin sín; því Skúli var, eins og þú manst, mjög áfram um það, að ganga vel til fara.“

„Já, hann var ætíð skartmaður mikill,“ sagði ég; „en svo hafði þið strax gjört tilraun til að leita að honum?“

„Já, það gjörðum við svikalaust,“ sagði Snorri; „við leitum að honum, eins og að saumnál, í fimm vikur.“

„Og fenguð þið lögregluna í lið með ykkur?“

„Já, bæði lögregluliðið og tvo æfða spæjara að auk. Og öll hugsanleg meðul hafa verið til að hafa uppi á manninum. Það hefir verið leitað í hverjum einasta af-

kima og skúmaskoti, sem til er, bæði í Petrópólís og hér í borginni. Ekkert hús og enginn reitur er til í þessum stöðum, sem ekki hefir verið leitað í með mestu grandgæfni. Hvert einasta skip, sem lá hér á höfninni og við bryggjurnar, var rannsakað eins og framast mátti verða. Það var leitað í hverjum einasta skurði og lokræsi, sem til er undir báðum bæjunum; og jafnvel brunnarnir voru ekki eftir skildir. Og ekki var heldur gleymt, að leita í skóginum kringum Petrópólís, og í gildrögunum vestur í fjallinu.“

„Hefir verið leitað í Pálmadal og í öðrum nærliggjandi sveitum?“

„Já, — á hverju einasta bóndabýli á tíu mílna svæði fyrir sunnan, vestan og norðan borgina. Allstaðar hefir þar verið leitað hátt og lágt.“

„En hún Seniorita!“ sagði ég og þóttist nú hafa ráðið gátuna; „hafid þið fundið hana Senioritu?“

„Nei, því miður höfum við ekki fundið hana Senioritu,“ sagði Snorri; „við hugsuðum í fyrst eins og þú nú, að hún hefði heillað hann til sín á einu vern hátt. Það var því okkar fyrsta verk, að leita að bústað hennar. En bæði var það, að við vissum ekki, hvað hennar rétta nafn var, og svo vissum við ekki, hvar hún átti heima. Við höfum því aldrei getað fundið hana.“

„En gátuð þið ekki fundið hann Don Gonsalvó?“ sagði ég; „lögreglan ætti þó að vita, hvar hús hans er. En Don Gonsalvó hlýtur að vita, hvar Seniorita er niður komin, því hún er að líkindum annað hvort dóttir hans eða stjúpdóttir.“

„Don Gonsalvó var einmitt maðurinn, sem við reyndum fyrst af öllu að hafa upp á. En hann er nú löngu fluttur frá Ríó de Janeiró, og hér er enginn, sem getur sagt, hvar hann er niður kominn. Alt, sem við vitum

um hann, er það, að hann seldi eignir sínar hér fyrir rúmum tveim árum síðan, og fór héðan með skipi, sem ætlaði til Portó Alegre.“

„En hafð þú fundið Norðmanninn, hann herra Jason?“

„Hann er dáinn, og fólk hans komið til Nordurálfunnar.“

„En hafð þú látið leita til Senorítu í Santos?“ sagði ég; „það leit út fyrir að hún ætti búðina, sem hún var stödd í, þegar við sáum hana fyrst, hver veit, nema hún eigi þar enn heima.“

„Við vorum heldur ekki búur að leyma búðinni þeirri. Ólafur sigldi suður til Santos tóttu eftir nýárið. Hann fann búðina, en hann sa þar hverki Senorítu, né gamla manninn skuggalega, né konuna, sem var að telja smápeningana við skápinn, kvöldið, sem við komum þar til. Nú er ekki matvara seld þar, heldur ánavara og klæðnaður; og búðarþjónarnir gátu ekki gefið Ólafi neinar upplýsingar viðvikjandi hinum fyrrverandi eigendum búðarinnar. Og hversu grandgæflega, sem Ólafur leitaði, þá varð hann þar hvergi var við stúlkuna, og fékk ekkert um hana að vita.“

„Og erud þú þá hættir að leita?“ sagði ég.

„Nei, langt frá því,“ sagði Snorri; „við hættum aldrei að leita, fyrr en við finnum Skúla lífs eða liðinn. Við Ólafur höfum ráðið það með okkur, að fara suður til São Pauló innan fárra vikna og leita þar; og ef hann er ekki þar að finna, þá höldum við áfram suður til Portó Alegre. Við hefðum þegar verið lagðir á stað, hetðir þú ekki orðið fyrir þessu slysi, því við vildum sjá þig áður en við færum. — Ég get sagt þér það, að okkur fór að volgna um hjartaræturnar, þegar við urðum þess varir, að þú værir líka horfinn. Enða létum við ekki lengi biða að leita

að þér, og húsbóndi þinn veitti okkur líka öruggt fylgi, hvað það snerti. — Hreint héldum við að hann væri að verða óður, svo ólmlega lét hann. En við höfðum ekki lengi leitað, þegar Castilhó komst að því, hvar þú varst niðurkominn. Og það létti sannarlega þungri byrði af okkur að vita, að þú varst lifandi og úr allri hættu; og það gaf okkur í svipinn von um, að við mundum líka brátt finna Skúla.“

„Ef þið Ólafur farið að leita að Skúla suður í Saó Pauló, þá vil ég fá að fara með ykkur,“ sagði ég.

„Já, við Ólafur höfum talað um, að við færum allir suður til Saó Pauló; en ef við finnum ekki Skúla þar innan eins mánaðar, þá fer þú aftur heim, en við Ólafur höldum alla leið til Portó Alegre.“

„Vel og gott!“ sagði ég; „en hvenær eigum við að leggja á stað?“

„Við höfum ákvarðað að fara í næstu viku.“

„Og ég skal þá verða ferðubúinn,“ sagði ég.

—Daginn eftir fórum við Móses heim. Ég sagði Castilhó að ég ætlaði í langferð með þeim löndum mínum í Rió, og að ég yrði í burtu rúman mánuð. Í fyrstu vildi karl ekki heyra það nefnt, að ég yrði svo lengi að heiman; og Ísabella reyndi á allar lundir til að fá mig til að hætta við þetta ferðalag. En þegar ég var búinn að segja þeim frá hvarfi Skúla og sýna þeim fram á, að það væri blátt áfram kristileg skylda mín, að taka þátt í leitinni, þá lét karl undan og gat þess um leið, að hann hefði gjört hðf sama í mínum sporum.

Tveim kvöldum síðar sá ég ljós í turnglugganum á Kástalanum. Fór ég þá samstundis vestur að berjarunnum í hliðinni. Exilóna var þar fyrir. Hún var nú með sérlega glöðu bragði. Sagði hún mér, að hún væri

þegar búin að láta föður sinn vita um vináttu okkar, og að hann hefði tekið þeim tíðindum vel. Hún gat þess líka, að föður sinn langaði til að sjá mig og tala við mig, en að það gæti þó ekki orðið strax, vissra orsaka vegna. Svo sagði ég henni frá því, að einn af félögum mínum væri horfinn, og að ég ætlaði að taka þátt í leitinni. Það var eins og hún yrði glöð við að heyra, um það áform mitt, en bað mig þó að vera ekki lengur í burtu, en einn mánuð. Hún kvaðst mundi koma mér á fund föður míns, strax og ég kæmi heim aftur, og að skeð gæti, að þau leit-uðu þá hjálpar minnar, til að koma í framkvæmd nokkru, sem þau hefðu í hyggju.

Svo kvaddi ég Exilónu og mynntist við hana. Og ég sá, að tár voru í hinum dökku, fallegu augum hennar, þegar hún skildi við mig og gekk í áttina til fossins. Og ég fann til einhvers óumræðilegs tótleiks í hjarta mínu, þegar ég horfði á eftir þessari friðu, yndislegu og göfuglyndu stúlku, sem hafði bjargað lífi mínu og vakið hjá mér og tendrað alt það, sem bezt var og háleitað í sálu minni og hjarta; og sakleysi hennar og hreinleiki og viðkvæmni hafði kennt mér að elska hana af öllu hjarta mínu.

Ég horfði á eftir henni, unz hún hvarf inn á milli pálmatrjáanna fyrir norðvestan kastalann. „Fæ ég þá aftur að sjá hana?“ sagði ég við sjálfan mig. Hver gat sagt um það?

Fjórum dögum síðar kvaddi ég Castilhós-fólkið og lagði á stað til að leita að Skúla.

---

Lesari góður! Hingað til hefi ég verið aðal hetjan í sögu þessari, því ég hefi, svo að segja, eingöngu getið þess, sem að einhverju leyti snerti sjálfan mig hin fyrstu þrjú

